




HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN

# ÁRSSKÝRSLA 2024




Börnin okkar eru ótrúleg í íþróttum

**ÞESS VEGNA STYÐJUM VIÐ ÞAU ÖLL!**

Lottó

LEIKURINN OKKAR

# Stjórn HSK 2024



**Formaður:**
Guðríður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var ritari frá 2001–2010. Sat í varastjórn frá 2000–2001.



**Gjaldkeri:**
Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í varastjórn frá 2012–2014.



**Ritari:**
Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í varastjórn frá 2011–2016.



**Varaformaður:**
Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016. Var ritari stjórnar frá 2015–2016.



**Meðstjórnandi:**
Jón Þröstur Jóhannesson
Meðstjórnandi frá 2021. Sat í varastjórn frá 2018-2021.



**Varamenn:**
Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.



Lárus Ingi Friðfinnsson
Varamaður frá 2022.



Guðrún Ása Kristleifsdóttir
Varamaður frá 2024.



**Framkvæmdastjóri:**
Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá 1991.

# Ársskýrsla 2024

**Umsjón með útgáfu:** Engilbert Olgeirsson.
**Prófarkalestur:** Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Rakel Magnúsdóttir, Guðmundur Karl Sigurdórsson og Örn Guðnason.
**Hönnun og umbrot:** Guðmundur Karl Sigurdórsson.
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja.
**Myndir:** Engilbert Olgeirsson, Guðmundur Karl Sigurdórsson, Hafliði Breiðfjörð, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson/UMFÍ, ÍSÍ og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK.
**Forsíða:** Íþróttakarl og íþróttakona HSK 2024.




*Kvennalið Mímis tók þátt í héraðsmótinu í blaki eftir 27 ára hlé.*

# Efnisyfirlit

**Skýrsla stjórnar:**
4 Ávarp formanns
6 Ársreikningur
10 Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði 2024
11 Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2024
12 Íþróttakarl og íþróttakona HSK
14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina
15 Heiðranir á héraðsþingi
Ólympíufari þakkar fyrir stuðninginn
Heimasíða HSK
HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum
Ársskýrslur HSK á hsk.is
Annað kynningarstarf

**Fundir, þing og námskeið:**
16 Héraðsþing HSK
Stjórnarfundir HSK árið 2024
SambandsráðsfundurUMFÍ
Formannafundur ÍSÍ
17 Þing sérsambanda
Heimsókn frá Grænlandi
HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK

**Samstarfsverkefni:**
18 Svæðisstöðvar íþróttahéraðanna tóku til starfa á árinu
Svæðisfulltrúar á Suðurlandi með vinnuaðstöðu í Selinu
Heildarstigatafla HSK
19 Félagsmiðstöðin Sel
Árleg starfsskýrsluskil félaga
Íslenskar getraunir – ábyrgt fyrirtæki í eigu íþróttahreyfingarinnar
Metár í lottóinu þrátt fyrir minni hlutdeild í lottópottinum
Ánægjuleg aukagreiðsla frá Íslenskri getspá

**Ýmsar upplýsingar:**
20 Lög HSK
21 Aðildarfélög og formenn félaga um áramót
22 Gull- og silfurmerki HSK
Fjöldi iðkenda eftir greinum
23 Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum
24 Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK
25 Íþróttakarl og Íþróttakona HSK
26 Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
27 Fréttapunktar frá ÍSÍ 2024
28 Fréttapunktar frá UMFÍ 2024
30 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
Úthlutun úr Íþróttasjóði 2024
31 Ferðasjóður íþróttafélaga
Umhverfissjóður UMFÍ

**Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:**
33 Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd HSK

**Yfirlit um störf nefnda og ráða:**
34 Nefndaskipan og stjórnir sérráða HSK 2024
35 Almenningsíþróttanefnd
Badmintonnefnd
Blaknefnd
Borðtennisnefnd
Briddsnefnd
Frjálsíþróttaráð
37 Glímuráð
38 Íþróttanefnd eldri félagsmanna
Íþróttanefnd fatlaðra
39 Skáknefnd
Sundnefnd
Sögu- og minjanefnd

**Skýrslur aðildarfélaga:**
40 Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
41 Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
42 Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabergs
43 Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
44 Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
45 Golfklúbbur Öndverðarness
Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
46 Hestamannafélagið Jökull
Hestamannafélagið Ljúfur
47 Hestamannafélagið Sleipnir
Íþróttafélagið Dímon
47 Íþróttafélagið Garpur
48 Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
49 Íþróttafélagið Mílan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri
50 Íþróttafélag Uppsveita
Judofélag Suðurlands
51 Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæinga
52 Knattspyrnufélagið Ægir
Körfuknattleiksfélag Selfoss
Skotíþróttafélagið Skyttur
53 Skotíþróttafélag Suðurlands
Torfæruklúbburinn
Umf. Biskupstungna
54 Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
55 Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
56 Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkihvoll
Umf. Selfoss
57 Umf. Skeiðamanna
58 Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjótandi
59 Umf. Þór
Umf. Þórsmörk
Félög sem skiluðu ekki skýrslu

Fundargögn héraðsþings 2025

Skýrsla stjórnar:

# Ávarp formanns HSK

Héraðsþing eru sannarlega áfangi þar sem rík hefð er fyrir að líta um öxl og um leið horfa aðeins fram á veginn. Það er einmitt það sem við gerum hér í dag á 103. héraðsþingi HSK.

Hvert ár er fullt af viðfangsefnum sem verða hluti af stærri sögu. Eins og öll önnur starfsár HSK hefur verið mikið að gera og okkar íþróttafólk farið um víðan völl og unnið stóra sigra og smáa. Íþróttafólkið, þjálfarar og aðrir sem starfa í íþróttafélögunum okkar býr yfir dugnaði, metnaði og vinnusemi. Hafa sett sér skýr markmið, keppt að þeim öllum stundum og haldið í gleðina fyrir öllum sigrum, stórum sem smáum.

Við búum svo vel HSK félagar að sveitarfélögin á svæðinu og fjölmargir styrktaraðilar á Suðurlandi hafa reynst okkur vel í gegnum tíðina, verið okkar stoð og stytta. Án þeirra gætum við ekki haldið áfram okkar góða íþróttastarfi og unnið áfram að framþróun fyrir samfélagið.



*Anný ritari, Guðmundur gjaldkeri og Guðríður formaður á héraðsþinginu í Árnesi.*

**Tökum höndum saman gegn ofbeldi**

Í fyrra vísaði samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs níu málum sem hann fékk í hendurnar til lögreglu. Einnig var málum 27 barna, í fimmtán málum, vísað til barnaverndar og getum við öll verið sammála um að það er óásættanlegt. Tilkynnt var um hundrað mál sem segir okkur að það geri tvö mál á viku og eru þau ekki bundin við ákveðnar íþróttir.

Kristín Skjaldardóttir, samskiptaráðgjafi, hélt erindi á morgunverðarfundi, Náum áttum, 19. febrúar 2025 þar sem fjallað var um kynferðisbrot og ungmenni. Þar sagði hún þessi mál geta varðað þjálfara, starfsmenn eða iðkendur á ólíkum aldri og er allt frá óviðeigandi snertingu til nauðgunar. Einnig berast mál er varða andlegt ofbeldi, ljóta orðræðu, hunsun og líkamlegar refsingar.

Fram kom í erindi Kristínar að mikilvægt væri að hvert félag búi yfir viðbragðsáætlun og taldi hún óæskilegt að félögin taki sjálf á þeim málum sem upp kunna að koma og sagði áætlunina mikið framfaraskref. Þar sem íþróttastarf hafi forvarnargildi sé brýnt, ef einstaklingur sé til rannsóknar hjá lögreglu eða mál hjá barnavernd, að víkja viðkomand til hliðar á meðan. Ef meintir gerendur eru eldri en 18 ára megi vísa þeim frá starfi. Stundum hafi reynt á þetta en ávallt eigi að gæta þess að haga málum á þann veg að bæði þolandi og gerandi geti iðkað sína íþrótt.

Kristín sagði að oft sé auðveldara að vinna að málum barna sé þeim vísað til barnaverndar. Hvað varðar eldri gerendur og þolendur er oft erfitt að finna út hvert leita eigi. Flest mál sem berast til samskiptaráðgjafa varða einstaklinga sem eru báðir í íþróttahreyfingunni. Málum sem ekki eiga heima þar er vísað áfram og komið í rétt ferli.

Við þurfum að vanda orðræðu okkar í samskiptum við börn, forðast hunsun, niðurlægingu og líkamlegar refsingar. Munum að andlegt ofbeldi getur komið fram í ummælum um holdafar og litaraft. Það skiptir öllu máli hvernig við orðum hlutina, forðumst að tjá okkur á niðurlægjandi hátt, bjóðum frekar fram aðstoð á hlýlegan máta.

Fram kom í erindi Kristínar að hægt er að fá fræðslu fyrir iðkendur, foreldra, þjálfara og aðra sem koma að íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Þjálfarar geta fengið kennslu í að setja mörk. Þeir eiga ekki að þurfa að svara endalausu áreiti frá foreldrum. Þeir fá þjálfun í að vernda sig og vera ekki í samskiptum á samfélagsmiðlum þar sem mál geta blásið út og orðið nær óyfirstíganleg. Heldur nota það app sem íþróttafélagið er með virkt og heimild er fyrir. Hvetjum fólkið okkar til þess að sækja í fræðslu og nýta hana. Með því aukast líkur á að ofbeldismálum fækki. En íþróttahreyfingin þarf líka að standa sig vel með fræðslu fyrir starfsmenn íþróttafélaganna. Allir þurfa að vera meðvitaðir um viðbragðsáætlun félagsins. Kristín nefndi að án forvarna og fræðslu er erfitt að fækka málum. Fræðslan á að hafa það að markmiði að koma í veg fyrir stærri mál sem vinna þarf úr.

Oft er talað um að það sé erfitt að fá fólk til sjálfboðaliðastarfa út af kröfum sem til þeirra eru gerðar en þá má spyrja á móti hvers vegna ætti að gefa afslátt í vinnu með börnum. Ég held að við séum sammála um að það eigi ekki að gera. Þau sem ekki þiggja fræðslu ættu að velta fyrir sér hvort þau séu á réttri hillu.

**Göngum í lið með „Riddurum kærleikans"**

Undanfarið hefur því miður borið á auknu ofbeldi í samfélaginu og er erfitt fyrir marga að skilja það. Við finnum öll til þegar fregnir berast af ofbeldisverkum. Við viljum öll búa í samfélagi þar sem við erum óhult og okkur líður vel og finnum fyrir öryggi. Við finnum fyrir vanmætti yfir stöðu þessara mála í dag.

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, efndi til umræðufundar af þessu tilefni með fjölmörgum aðilum sem bera hag ungs fólks fyrir brjósti. Á fundinum var rætt um andlega líðan ungmenna í samfélagi nútímans og leitað leiða til að komast að rót vandans. Þar kom fram tillaga um að hvetja almenning til þess að gerast „riddarar kærleikans", með því að gera kærleikann að eina vopninu í íslensku samfélagi.

Eins og fyrr reynir á okkur í íþróttahreyfingunni að mæta þörfum ungs fólks þar sem undanfarin ár höfum við sífellt séð fleiri merki þess að börnum og ungmennum okkar líði ekki nógu vel og eigi æ erfiðara með að horfa með bjartsýni, trú og von til framtíðar. Sumir tala um tengslarof og við getum ekki horft framhjá áhrifum snjalltækja og samfélagsmiðla. Þessari þróun hefur fylgt vanlíðan, depurð, kvíði og ofbeldi.

Við getum velt fyrir okkur hversu vel fullorðna fólkið hefur brugðist við þessum breytta heimi sem við lifum í. Íþróttahreyfingin verður að láta þessi mál til sín taka og hefja sókn til mótunar nýrra viðmiða og leikreglna.

Á fundi forsetans kallaði Halla eftir því að íslenska þjóðin sameinaðist í átaki um að ráðast að rót vandans og sagði að hver og einn hefði þar ákveðið hlutverk. Ég hvet okkur í íþróttahreyfingunni að verða við þessu kalli, tökum höndum saman og verum Riddarar kærleikans.

Við í íþróttahreyfingunni þurfum að ræða saman, leita leiða til að hrinda af stað samfélagsbreytingum til að stoppa þróun ofbeldismála. Við höfum val um hver við viljum vera og einmitt það segir forsetinn að sé lykillinn að lausninni. Við sem þjóð þurfum að velja hvernig brugðist er við gegn ofbeldi. Það mun skipta öllu máli um hvernig samfélag við búum börnum okkar inn í framtíðina.

Við höfum reynslu af því hvernig samtakamáttur getur breytt samfélagi til hins betra og öllu máli skiptir að bæta tengsl við okkur sjálf og hvert annað. Sýnum hvert öðru virðingu, hlýju og vinsemd og gerum kærleikann að vopni okkar gegn ofbeldi.

Ráðumst að rót vandans á jákvæðan hátt. Að velja í hvernig samfélagi við viljum búa er ærið verkefni en eins og við þekkjum í íþróttahreyfingunni - með samstilltu átaki eru okkur allir vegir færir.

**Skattmann**

Á liðnu starfsári er eitt mál sem hefur komið miklu umróti á íþróttahreyfinguna og hefur verið fundað um og leitað lausna. Málið tengist Skattinum og snýr að rekstri félaganna sem eiga lið í efstu og næstefstu deildum kvenna og karla í handbolta, körfubolta og fótbolta. Gangi málið eftir án þess að til komi stuðningur ríkis og sveitarfélaga verður erfiðara fyrir hreyfinguna að halda úti sínu kröftuga starfi.

Nú nýverið sendi Skatturinn bréf á íþróttafélögin þar sem fram kom að á dagskrá væri að taka til skoðunar hvernig skattaskilum hreyfingarinnar sé háttað og að fyrirhugað er að skoða skattaskil félaganna með reglubundnum hætti í framtíðinni. Í bréfinu er þess einnig getið að íþróttafélög og

starfsemi þeirra verði skoðuð sérstaklega enda séu vísbendingar um að eitthvað skorti á skil þeirra á staðgreiðslu launa og fleira. Hvatt er til þess að félögin skrái flesta starfsmenn sína, leikmenn og þjálfara, sem launþega í stað verktaka.

Enn fremur er þess getið í bréfinu að aðilar sem veljast til stjórnarsetu í aðalstjórnum félaganna skuli bera fulla ábyrgð á skattskilum allra verktaka og starfsmanna og benda í því sambandi á refsiábyrgð. Varðandi þennan lið er vert að benda á að stjórnarfólk í félögum sitja þar sem sjálfboðaliðar með það að markmiði að sinna mikilvægu samfélagslegu starfi félaganna.

Allir sjá í hendi sér hvaða áhrif þetta hefur á starfsemina þar sem flest félög eru í sífelldri baráttu um að halda starfseminni gangandi með sem minnstum tilkostnaði. Gangi þetta erindi Skattsins eftir blasir sú staðreynd við að það mun gera starf félaganna erfiðara og eykur kostnað sem mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir allt starf íþróttafélaganna. Málið snýst einfaldlega um að ekki er hægt að leggja meira á sjálfboðaliðana varðandi fjáröflun, nóg er það sem flest félög hafa þurft að leggja á sitt fólk í þeim efnum og ekki á bætandi.

Eins og við mátti búast brá mörgum sem bréfið fengu. Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, bendir á að Skatturinn sé með þessu að vinna þá vinnu sem þeim ber, hins vegar þurfi að kanna hvort hægt sé að styðja við félögin með sérstökum ívilnunum eins og gert er í nágrannalöndum okkar. Til greina gæti komið að skoða að ríkið endurgreiði staðgreiðslu skatta og tryggingargjalda til íþróttafélaganna. Við vitum öll að sífellt eru gerðar meiri kröfur um fagmennsku í þjálfun og allri umgjörð tengdri íþróttastarfsemi frá opinberum aðilum og má þar nefna ýmiss verkefni frá sveitarfélögunum. Þetta hefur aukið kostnað hreyfingarinnar verulega og því verður að mæta með einhverjum sanngjörnum hætti.

Talsmenn íþróttahreyfingarinnar hafa fundað með ráðherrum ríkisstjórnarinnar til þess að finna sanngjarnan flöt á þessu máli og vona ég að útkoman verði ásættanlegt fyrir íþróttastarfsemi í landinu.

Góða grein, Íþróttir fyrir alla, eftir formenn ÍBR, UMSK og ÍBH má finna inni á Vísi 22. febrúar 2025 (Skoðun) þar sem þeir óska eftir að stjórnvöld efni til samtals við íþróttafélögin i landinu og að tryggt verði áfram öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf fyrir öll börn og ungmenni landsins. Óskað er eftir að gerðar verði lagfæringar á reglum skattsins þannig að þær endurspegli eðli starfseminnar og mikilvægi og undir þá ósk tökum við HSK félagar heilshugar.

### Svæðisskrifstofur

Nú hafa verið settar á laggirnar átta svæðisstöðvar með stuðningi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Tilgangurinn er að að styðja við íþróttahéruð landsins í sambandi við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og ríkisins í íþróttamálum og auka þátttöku barna sem búa við fötlun, barna af tekjulágum heimilum og barna af erlendu bergi sem glíma við menningar- og tungumálaörðugleika.

Með ráðningu á starfsfólki svæðisskrifstofanna er bundnar vonir við að þetta fyrirkomulag skili sér í bættri nýtingu mannauðs. Horft er til þess að stuðningur við einstök íþróttafélög aukist og þar af leiðandi verði þjónusta við iðkendur betri og það leiði til þess að aukinn fjöldi fái tækifæri til að stunda íþróttir hvort sem er til ánægju, heilsubótar eða með afreks árangur í huga.

Þessir nýju starfsmenn hafa það hlutverk að þjónusta íþróttahéruðin í sínu nærumhverfi með samræmdum aðgerðum. Með ráðningu starfsmannanna er horft til þess að sterkari íþróttahéruð auki skilvirkni innan hreyfingarinnar og auðveldi þeim að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Ennfremur komi þeirra störf til með að styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu með það að markmiði að stuðla að farsæld barna sem og annarra sem nýta sér þjónustu sem íþróttahreyfingin hefur upp á að bjóða.

Í samtali forsvarsmanna HSK, ÍBV og USVS var ákveðið að bjóða húsnæði í Selinu fyrir svæðisskrifstofuna og var það boð þegið.

Svæðisfulltrúarnir sem ráðnir voru á Suðurlandi eru þær Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir. Bjóðum við þær hjartanlega velkomnar á okkar svæði og væntum góðs og árangursríks samstarfs við þær, svæðinu okkar til heilla.


*Guðríður og Helgi varaformaður afhentu íþróttakonu og íþróttakarli HSK verðlaunagripi á héraðsþinginu.*

### Ýmis verkefni

Fulltrúar HSK sóttu hefðbundna fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári sem og aðra viðburði á þeirra vegum og má lesa nánar um það í ársskýrslu HSK sem liggur frammi á þinginu.

### Lokaorð

HSK félagar hafa ávallt verið þekktir fyrir styrk, hreysti og skemmtilegan keppnisanda á íþróttasviðinu.

Eitt er það er sem stundum vill gleymast þegar kemur að íþróttastarfinu. Það er sú staðreynd að enginn kemst einn síns liðs á verðlaunapall. Það sem skiptir sköpum fyrir góðan árangur eru þjálfarar, aðstoðarfólk, aðstandendur, klappliðið og stuðningsaðilar. Því ber að þakka öllum sem gera og hafa gert íþróttafólkinu okkar kleift að ná jafn frábærum árangri og raun ber vitni í gegnum tíðina, innanlands sem erlendis. Við ykkur íþróttafólkið vil ég segja, þið eruð frábærar og ómetanlegar fyrirmyndir fyrir unga fólkið okkar. Með vilja ykkar, úthaldi, þrautseigju og vinnu hafið þið sýnt að þegar stefnan og markmiðin eru skýr eru möguleikarnir ávallt fyrir hendi.

Afar mikilvægt er að við munum að íþróttir eiga að snúast um að hafa gaman. Það vilja ekki öll börn og ungmenni taka þátt í keppni og það ber að virða.

Verum minnug þess að íþróttastarf barna og ungmenna á að snúast um vellíðan, að þeim líði vel í æfingahópnum sínum, því þá leiðast þau síður út í óæskilega hegðun eins og ofbeldi eða neyslu.

Það er erfitt að ímynda sér sambandssvæðið án kröftugs íþróttastarfs og því skiptir sköpum að ná lendingu í málum íþróttafélaga við Skattinn.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að starfsemi HSK á árinu, stjórn, framkvæmdastjóra, stjórnum félaga, þjálfurum, iðkendum, foreldrum/forráðamönnum og velunnurum sambandsins þeirra framlag. Án ykkar væri lítið um starfsemi á sambandssvæði HSK.

**Guðríður Aadnegard, formaður HSK**

# Ársreikningur HSK 2024

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2024. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2024 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2024. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2024 með undirskrift sinni.

Selfossi, 3. mars 2025,

Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK

Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2024. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 3. mars 2025,

Brynja Hjálmtýsdóttir

Bergur Guðmundsson

## Rekstrarreikningur HSK 2024

| | Skýr. | Rauntölur 2024 | Áætlun 2024 | Rauntölur 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 66.489.091 | 44.780.000 | 63.054.519 |
| Tekjur af mótum | 2 | 906.150 | 300.000 | 12.385.213 |
| Auglýsingatekjur | 3 | 370.000 | 370.000 | 445.000 |
| Aðrar tekjur | 4 | 4.335.636 | 3.930.000 | 3.738.675 |
| Rekstrartekjur alls | | **72.100.877** | **49.380.000** | **79.623.407** |
| | | | | |
| **REKSTRARGJÖLD** | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 5 | 15.115.023 | 13.360.000 | 14.360.836 |
| Fundir og þing | 6 | 514.859 | 695.000 | 703.188 |
| Áhöld og tæki | 7 | 0 | 0 | 344.665 |
| Þátttaka í mótum | 8 | 0 | 0 | 0 |
| Kostnaður v/mótahalds | 9 | 556.988 | 300.000 | 11.799.289 |
| Rekstur mannvirkja | 10 | 600.000 | 600.000 | 600.000 |
| Rekstur skrifstofu | 11 | 986.984 | 841.000 | 908.595 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 12 | 696.699 | 670.000 | 643.119 |
| Önnur gjöld | 13 | 50.014.432 | 33.800.000 | 51.429.121 |
| **Rekstrargjöld alls** | | **68.484.985** | **50.266.000** | **80.788.813** |
| | | | | |
| **Hagnaður án fjármagnsliða** | | **3.615.892** | **-886.000** | **-1.165.406** |
| | | | | |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.895.042 | 1.600.000 | 1.695.001 |
| Vaxtagjöld | | 0 | 0 | 0 |
| Þjónustugjöld | | -29.840 | -55.000 | -51.514 |
| Fjármagnstekjuskattur | | -29.966 | -352.000 | -372.902 |
| **Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls** | | **1.835.236** | **1.193.000** | **1.270.585** |
| | | | | |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | **5.451.128** | **307.000** | **105.179** |

# Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2024

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **EIGNIR** | | |
| | | |
| **FASTAFJÁRMUNIR** | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu) | 6.663.260 | 6.924.185 |
| Samkomutjald | 560.000 | 560.000 |
| Kerra | 590.000 | |
| **Fastafjármunir alls** | **7.813.260** | **7.484.185** |
| | | |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | |
| Viðskiptakröfur | 0 | 0 |
| Handbært fé | 17.772.743 | 12.911.615 |
| **Veltufjármunir alls** | **17.772.743** | **12.911.615** |
| | | |
| **Eignir samtals** | **25.586.003** | **20.395.800** |
| | | |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | | |
| | | |
| **EIGIÐ FÉ** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 20.134.875 | 20.290.621 |
| Tekjuafgangur ársins | 5.451.128 | 105.179 |
| **Eigið fé alls** | **25.586.003** | **20.395.800** |
| | | |
| **LANGTÍMASKULDIR** | **0** | **0** |
| | | |
| **SKAMMTÍMASKULDIR** | | |
| Viðskiptaskuldir | 0 | 0 |
| **Skammtímaskuldir alls** | **0** | **0** |
| | | |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **25.586.003** | **20.395.800** |

| Skýringar á rekstarreikningi HSK 2024 | Rauntölur 2024 | Áætlun 2024 | Rauntölur 2023 |
|---|---|---|---|
| **1. Framlög og styrkir** | | | |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ | 2.889.061 | 1.790.000 | 4.446.146 |
| Lottó | 60.497.320 | 40.000.000 | 55.429.201 |
| Getraunir | 1.378.110 | 1.270.000 | 1.462.972 |
| Framlag frá sveitarfélögum | 1.724.600 | 1.720.000 | 1.716.200 |
| **Framlög og styrkir alls** | **66.489.091** | **44.780.000** | **63.054.519** |
| | | | |
| **2. Tekjur af mótum** | | | |
| Þátttökugjöld | 906.150 | 300.000 | 277.000 |
| Landsmótshald | 0 | 0 | 12.108.213 |
| **Tekjur af mótum alls** | **906.150** | **300.000** | **12.385.213** |
| | | | |
| **3. Auglýsingatekjur** | | | |
| Útgáfa | 220.000 | 220.000 | 195.000 |
| Heimasíða | 150.000 | 150.000 | 250.000 |
| **Auglýsingatekjur alls** | **370.000** | **370.000** | **445.000** |
| | | | |
| **4. Aðrar tekjur** | | | |
| Skattar aðildarfélaga | 2.880.150 | 3.000.000 | 3.061.275 |
| HSK þing | 389.000 | 330.000 | 30.000 |
| Leigutekjur v/skrifstofu | 300.000 | 0 | 0 |
| Tekjur v/Unglingalandsmóts | 575.000 | 500.000 | 500.000 |
| Aðrar tekjur | 191.486 | 100.000 | 147.400 |
| **Aðrar tekjur alls** | **4.335.636** | **3.930.000** | **3.738.675** |
| | | | |
| **5. Laun og verktakagreiðslur** | | | |
| Laun starfsmanna | 10.208.780 | 9.000.000 | 9.677.860 |
| Tryggingagjald | 846.125 | 750.000 | 804.053 |
| Lífeyrissjóður | 1.381.393 | 1.240.000 | 1.312.903 |
| **Laun alls** | **12.436.298** | **10.990.000** | **11.794.816** |
| | | | |
| **Bifreiða- og aðrir styrkir** | | | |
| Bifreiðastyrkir starfsmanna | 1.744.875 | 1.500.000 | 1.681.120 |
| Dagpeningar | 933.850 | 870.000 | 884.900 |
| **Bifreiða- og aðrir styrkir alls** | **2.678.725** | **2.370.000** | **2.566.020** |
| **Laun og verktakagreiðslur alls** | **15.115.023** | **13.360.000** | **14.360.836** |
| | | | |
| **6. Fundir og þing** | | | |
| Stjórnarfundir | 37.663 | 200.000 | 54.535 |
| Þing ÍSÍ | 0 | 0 | 0 |
| Þing UMFÍ | 0 | 0 | 469.700 |
| Þing HSK | 378.290 | 400.000 | 96.926 |
| Nefndafundir HSK | 30.490 | 50.000 | 52.027 |
| Sambandsráðsfundur UMFÍ | 58.000 | 10.000 | 0 |
| Formannafundur HSK | 0 | 15.000 | 0 |
| Aðrir fundir og ráðstefnur | 10.416 | 20.000 | 30.000 |
| **Fundir og þing alls** | **514.859** | **695.000** | **703.188** |
| | | | |
| **7. Áhöld og tæki** | | | |
| Skrifstofuáhöld | 0 | 0 | 344.665 |
| Önnur áhöld | 0 | 0 | 0 |
| **Áhöld og tæki alls** | **0** | **0** | **344.665** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **9. Kostnaður v/mótahalds** | | | |
| Verðlaunapeningar | 197.800 | 70.000 | 65.300 |
| Húsa- eða vallarleiga | 0 | 0 | 0 |
| Annar kostnaður vegna mótahalds | 359.188 | 230.000 | 231.190 |
| Landsmótshald | 0 | 0 | 0 |
| Landsmótshald, hlutdeild félaga | 0 | 0 | 10.897.388 |
| Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs | 0 | 0 | 605.411 |
| **Kostnaður v/mótahalds alls** | **556.988** | **300.000** | **11.799.289** |
| | | | |
| **10. Rekstur mannvirkja** | | | |
| Selið | 600.000 | 600.000 | 600.000 |
| **Rekstur mannvirkja alls** | **600.000** | **600.000** | **600.000** |
| | | | |
| **11. Rekstur skrifstofu** | | | |
| Sími | 333.693 | 220.000 | 210.869 |
| Ritföng | 14.948 | 50.000 | 21.479 |
| Prentun | 13.256 | 5.000 | 2.502 |
| Póstkostnaður | 2.350 | 1.000 | 0 |
| Kaffikostnaður og risna | 29.547 | 15.000 | 10.030 |
| Tölvukostnaður | 338.123 | 300.000 | 295.759 |
| Annar skrifstofukostnaður | 255.067 | 250.000 | 367.956 |
| **Rekstur skrifstofu alls** | **986.984** | **841.000** | **908.595** |
| | | | |
| **12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla** | | | |
| Útgáfa ársskýrslu | 418.010 | 420.000 | 415.076 |
| Heimasíða | 247.089 | 250.000 | 228.043 |
| Námskeið | 31.600 | | |
| **Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls** | **696.699** | **670.000** | **643.119** |
| | | | |
| **13. Önnur gjöld** | | | |
| Lottógreiðslur til félaga | 43.558.067 | 28.800.000 | 39.611.825 |
| Unglingalandsmótsþátttaka | 862.843 | 1.000.000 | 1.359.398 |
| Þátttaka á landsmóti 50+ | 0 | 0 | 0 |
| Verkefnasjóður HSK | 5.473.220 | 3.700.000 | 5.544.633 |
| Aukagreiðsla til félaga og ráða | | | 4.600.000 |
| Ýmis kostnaður | 120.302 | 300.000 | 313.265 |
| Afskriftir | 0 | 0 | 0 |
| **Önnur gjöld alls** | **50.014.432** | **33.800.000** | **51.429.121** |

# Verkefnasjóður HSK

## Rekstrarreikningur 2024

| | | | 31/12/24 | 31/12/23 |
|---|---|---|---|---|
| ***Tekjur:*** | | | | |
| | Framlag HSK samkvæmt reglugerð | kr. | 5.473.220 | 5.244.694 |
| | Tekjur vegna vanskila félaga | kr. | 0 | 299.939 |
| | Vaxtatekjur | kr. | 589.525 | 430.138 |
| | Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs | kr. | 0 | 605.411 |
| | Ósóttir styrkir frá 2023 | kr. | 172.500 | 160.000 |
| **Tekjur alls:** | | | **6.235.245** | **6.740.182** |
| ***Gjöld:*** | | | | |
| | Styrkir 2024, úthlutun sjóðsstjórnar | kr. | 6.147.600 | 5.451.500 |
| | Fjármagnstekjuskattur | kr. | 11.097 | 94.630 |
| **Gjöld alls:** | | | **6.158.697** | **5.546.130** |
| **Rekstarhagnaður (tap) ársins** | | | **76.548** | **1.194.052** |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Eignir*** | | | | |
| | Í sjóði 31.12.2024 | kr. | 11.343.571 | 9.757.523 |
| **Eignir alls:** | | | **11.343.571** | **9.757.523** |
| **Skuldir og eigið fé :** | | | | |
| | Eigið fé frá fyrra ári | kr. | 8.937.023 | 7.742.971 |
| | Rekstrarhagnaður ársins | kr. | 76.548 | 1.194.052 |
| | Ógreiddir styrkir um áramót | kr. | 2.330.000 | 820.500 |
| **Skuldir og eigið fé alls:** | | | **11.343.571** | **9.757.523** |

# Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2024

Hér má sjá bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK.

| **Héraðsnefndir:** | **Íbúar*** | **Sótt um** | **Framlag** | **Framlag á íbúa** |
|---|---|---|---|---|
| Héraðsnefnd Árnesinga | 21.477 | 280 kr. á íbúa | 1.250.000 | 58,20 kr. |

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

| **Sveitarfélög:** | **Íbúar** | **Sótt um** | **Framlag** | **Framlag á íbúa** |
|---|---|---|---|---|
| Rangárþing eystra | 2.007 | 280 kr. á íbúa | 212.000 | 105,63 kr. |
| Rangárþing ytra | 1.867 | 280 kr. á íbúa | 180.000 | 96,41 kr. |
| Ásahreppur | 293 | 280 kr. á íbúa | 82.600 | 281,91 kr. |

*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 2024.

**Greiðsla alls úr héraði 2024:** **1.724.600**

# Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2024

Verkefnasjóður HSK auglýsir tvisar á ári eftir umsóknum og þurfa umsóknir að berast fyrir 1. apríl eða 1. október ár hvert. Þá úthlutar sjóðsstjórn úr sjóðnum til sérstakra verkefna. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. *„Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandssvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins."*

**Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Landsliðsval | 60.000 kr. á einstakling | Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni, að hámarki | 50.000 kr. á félag/nefnd/ráð |
| Menntun þjálfara og dómara innanlands, að hámarki | 20.000 kr. á einstakling | Námskeiðahald, að hámarki | 50.000 kr. á félag/nefnd/ráð |
| Menntun þjálfara og dómara erlendis | 50.000 kr. á einstakling | Sérstök verkefni, að hámarki | 200.000 kr. á félag/nefnd/ráð |

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

**Fyrri úthlutun ársins:**

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Úthlutun |
|---|---|---|
| Fimleikadeild Íþr.f. Hamars | Þjálfaranámskeið, tveir einstaklingar | 34.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Landsliðsverkefni, 13 einstaklingar | 780.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 1A, einn einstaklingur | 15.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 2A, fjórir einstaklingar | 76.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 2B, tveir einstaklingar | 38.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 3B, tveir einstaklingar | 40.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeiðahald, fyrirlestur um kvíða | 50.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Móttökunámskeið 2, einn einstaklingur | 13.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeiðahald, fullorðinsfimleikanámskeið | 50.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeiðahald, handstöðunámskeið | 50.000 |
| Handknattleiksdeild Umf. Selfoss | Landsliðsverkefni, 2 einstaklingar | 120.000 |
| Handknattleiksdeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið, einn einstaklingur | 20.000 |
| Íþróttafélagið Hamar | Námskeiðahald, skyndihjálparnámskeið | 50.000 |
| Íþróttafélagið Hamar | Nýjung í starfi, Íþróttadagur Hamars | 50.000 |
| Íþróttafélagið Hamar | Nýjung í starfi, grunnnámskeið kennt á ensku | 50.000 |
| Íþróttafélagið Suðri | Þjálfaranámskeið ÍSÍ, tveir einstaklingar | 40.000 |
| Judofélag Suðurlands | Þjálfaranámskeið erlendis, tveir einstaklingar | 100.000 |
| Knattspyrnufélag Rangæinga | Þjálfaramenntun, 10 einstaklingar | 200.000 |
| Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs | Námskeiðahald, fræðsluerindi um jákvæð samskipti | 50.000 |
| Mótokrossdeild Umf. Selfoss | Landsliðsverkefni, einn einstaklingur | 60.000 |
| Sunddeild Íþr.f. Hamars | Námskeiðahald, sóknaráætlun sunddeildar Hamars 2024 | 50.000 |
| | **Samtals** | **1.936.000** |

**Seinni úthlutun ársins:**

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Úthlutun |
|---|---|---|
| Blakdeild Íþr.f. Hamars | Nýjung í starfi, Evrópukeppni í blaki | 50.000 |
| Blakdeild Íþr.f. Hamars | Landsliðsverkefni, þrír einstaklingar | 180.000 |
| Blaknefnd HSK | Námskeiðahald, leikreglunámskeið í blaki | 31.600 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 1A, einn einstaklingur | 17.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 3A, þrír einstaklingar | 60.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Landsliðsverkefni, þrír einstaklingar | 180.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeiðahald, fyrirlestur Þorgríms Þr. | 50.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeiðahald, fyrirlestur sjálfsagi.is | 50.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Fræðsludagur FSÍ, 13 einstaklingar | 13.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 2A, tveir einstaklingar | 40.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 4A, fjórir einstaklingar | 80.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 2B, einn einstaklingur | 20.000 |
| Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss | Landsliðsverkefni, tveir einstaklingar | 120.000 |
| Golfklúbbur Selfoss | Landsliðsverkefni, tveir einstaklingar | 120.000 |
| Golfklúbbur Selfoss | Menntun þjálfara, tveir einstaklingar | 40.000 |
| Handknattleiksdeild Umf. Selfoss | Landsliðsverkefni, einn einstaklingur | 60.000 |
| Íþróttafélag Uppsveita | Nýjung í starfi, heilsársstarf í knattspyrnu | 50.000 |
| Íþróttafélag Uppsveita | Nýjung í starfi, körfuknattleikur | 50.000 |
| Íþróttafélagið Suðri | Sérstakt verkefni, Íþróttafjör | 200.000 |
| Judofélag Suðurlands | Nýjung í starfi, uppbygging á judói í Rangárþingi | 50.000 |
| Judofélag Suðurlands | Landsliðsverkefni, tveir einstaklingar | 120.000 |
| Júdódeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið erlendis, einn einstaklingur | 50.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | KSÍ B þjálfaragráða, fjórir einstaklingar | 80.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | KSÍ C1 þjálfaranámskeið, einn einstaklingur | 20.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | KSÍ C2 þjálfaranámskeið, einn einstaklingur | 20.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | KSÍ B4 þjálfaranámskeið, fjórir einstaklingar | 80.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Landsliðsverkefni, fjórir einstaklingar | 240.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Nýung í starfi, krílabolti | 50.000 |
| Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs | Landsliðsverkefni, fimm einstaklingar | 300.000 |
| Körfuknattleiksfélag Selfoss | Landsliðsverkefni, einn einstaklingur | 60.000 |
| Körfuknattleiksfélag Selfoss | Nýjung í starfi, krílabolti | 50.000 |
| Körfuknattleiksfélag Selfoss | Nýjung í starfi, meistaraflokkur kvenna | 50.000 |
| Körfuknattleiksfélag Selfoss | KKÍ 3 þjálfaranámskeið, fjórir einstaklingar | 80.000 |
| Lyftingadeild Íþr.f. Hamars | Heimsmeistaratitill í einstaklingsíþrótt | 120.000 |
| Mótokrossdeild Umf. Selfoss | Landsliðsverkefni, einn einstaklingur | 60.000 |
| Skotíþróttafélagið Skyttur | Þjálfaramenntun ÍSÍ, einn einstaklingur | 20.000 |
| Skotíþróttafélagið Skyttur | Þjálfaranámskeið hjá ISSF, tveir einstaklingar | 40.000 |
| Umf. Þjótandi | Landsliðsverkefni, tveir einstaklingar | 120.000 |
| Ungmennafélag Laugdæla | Landsliðsverkefni, tveir einstaklingar | 120.000 |
| Ungmennafélag Laugdæla | Nýjung í starfi, borðtennis á Laugarvatni | 50.000 |
| | **Samtals** | **3.191.600** |

**Sérstök úthlutun sjóðsstjórnar 2024:**

Í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: *„Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist."* Sjóðstjórn ákvað á árinu eftirfarandi viðmiðunartölur vegna titla í fullorðinsflokkum í boltagreinum: 300.000 fyrir Íslandsmeistaratitil, 200.000 fyrir bikarmeistaratitil og 200.000 fyrir deildarmeistaratitil. Val í Ólympíuhóp ÍSÍ í aðdraganda leikana 120.000.

| Nafn | Ástæða úthlutunar | Úthlutun |
|---|---|---|
| Heiðrún Anna Hlynsdóttir | Íþróttakona HSK 2024 | 100.000 |
| Sigurjón Ægir Ólafsson | Íþróttakarl HSK 2024 | 100.000 |
| Íþr.f, Hamar, blakdeild | Deildar, Íslands og bikarmeistaratitill í blaki karla 2024 | 700.000 |
| Hákon Þór Svavarsson | Keppandi á Ólympíuleikunum í París | 120.000 |
| | **Sérstök úthlutun samtals** | **1.020.000** |
| | | |
| | **Samtals úthlutun 2024** | **6.147.600** |

# Íþróttakarl og íþróttakona HSK

Frá árinu 2018 hefur HSK valið íþróttakarl og íþróttakonu HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru í einstökum greinum.
Fimm manna valnefnd HSK valdi Perlu Ruth Albertsdóttur sem íþróttakonu HSK 2024 og Hákon Þór Svavarsson sem íþróttakarl HSK 2024.




**Handknattleikur**

## Íþróttakona HSK 2024
## Perla Ruth Albertsdóttir, Selfoss

Perla Ruth var lykilleikmaður í meistaraflokksliði Selfoss sem vann Grill 66 deildina á keppnistímabilinu sem lauk síðastliðið vor og tryggði sér sæti í Olísdeildinni. Perla Ruth var gríðarlega öflug í yfirburðarliði Selfoss, skoraði hún 7,85 mörk að meðaltali í leik ásamt því að leika lykilhlutverk í varnarleik liðsins. Á lokahófi Selfoss var Perla Ruth verðlaunuð sem markadrottning liðsins ásamt því að vera valin varnarmaður ársins. Ruth lék alla leiki íslenska landsliðsins á þessu ári í æfingarleikjum og undankeppni EM. Hún endaði svo árið á því að leika með íslenska landsliðinu á Evrópumótinu í Austurríki og Ungverjalandi.



**Skotíþróttir**

## Íþróttakarl HSK 2024
## Hákon Þór Svavarsson, SFS

Hákon náði þeim frábæra árangri að fá keppnisrétt á Ólympíuleikana í París. Í aðdraganda leikanna tók hann þátt í fjölda erlendra móta á árinu með góðum árangri. Hákon stóð sig vel á sínum fyrstu Ólympíuleikum og varð þar í 23. sæti í haglabyssuskotfimi með 116 stig af 125 mögulegum. Þetta er besti árangur skotmanns frá Íslandi á Ólympíuleikum frá upphafi. Innanlands stóð Hákon sig einnig vel og varð Íslandsmeistari í lok ágúst og jafnaði þar sitt eigið Íslandsmet í greininni með 122 stig af 125 mögulegum. Þá varð hann líka stigameistari STÍ fimmta árið í röð. Hákon er nú í 43. sæti Evrópulistans.

**Akstursíþróttir**

### Ingvar Jóhannesson, Torfæruklúbbnum



Í ár setti Ingvar strax tóninn með því að sigra fyrstu keppni ársins á Hellu og leit ekki í baksýnisspegilinn eftir það og leiddi keppni til Íslandsmeistara allt tímabilið. Árangur tímabilsins varð á endanum 1. sæti á Hellu, 2. sæti í Hafnarfirði, 3. sæti á Egilsstöðum, 5. sæti á Blönduósi og 3. sæti á Akureyri. Ingvar endaði því með að verða Íslandsmeistari með yfirburðum með 22 stiga forskot á næsta mann eftir eitt harðasta keppnistímabil í torfæru hingað til. Ingvar keppti einnig í báðum bikarmótum ársins og endaði samanlagt í 3. sæti til bikarmeistara.

**Badminton**

### Rakel Rós Guðmundsdóttir, Hamri



Rakel Rós keppir fyrir Hamar í öllum greinum í badminton í U17 flokki. Rakel hefur farið mikið fram að undanförnu og unnið til fjölda verðlauna í unglingamótum og fékk m.a. silfur á Íslandsmóti unglinga í einliðaleik. Rakel er góð fyrirmynd yngri iðkenda. Mætir vel á æfingar og tekur virkan þátt í badmintonstarfinu s.s. fjáröflunum, snilldar TikTok videogerð og svo aðstoðar hún við þjálfun hjá 1. og 2. bekk.

**Blak**

### Barbara Meyer, Hvöt



Barbara hefur verið drifkraftur í blakstarfi Hamars í fjölda ára og verið iðin að mæta á æfingar og drífa aðra með sér. Ef það hefur vantað manneskju í einhverja stöðu hefur hún tekið það að sér enda er hún reynslumikil og fljót að tileinka sér hlutina.

### Tomek Leik, Hamri



Tomek Leik er mjög öflugur kantur sem er að spila þriðja árið með Hamri í efstu deild. Hann var stór ástæða þess að Hamar vann alla titla síðasta vetur. Hann tók einnig þátt í fyrsta Evrópuleik Hamars gegn VC Limax Linne frá Hollandi.

**Borðtennis**

### Anton Óskar Ólafsson, Garpi



Anton Óskar átti gott borðtennisár. Hæst ber að nefna Íslandsmeistaratitil í flokkakeppni í unglingaflokki. Þá lenti hann í öðru sæti í tvíliðaleik á Íslandsmóti unglinga sem og bronsverðlaun í einliða- og tvenndarleik. Þá varð hann jafnframt HSK meistari í sínum aldursflokki.

**Fimleikar**

### Elsa Karen Sigmundsdóttir, Selfoss



Elsa Karen varð á árinu Íslands- og bikarmeistari í 1. flokki með sínu liði, ásamt því að keppa með þeim á Norðurlandamóti unglinga. Elsa var lykilleikmaður með stúlknalandsliði Íslands á Evrópumótinu í hópfimleikum í Azerbaijan og lenti liðið þar í 3. sæti.

**Frjálsíþróttir**

### Bryndís Embla Einarsdóttir, Selfoss



Bryndís Embla er eitt mesta kastaraefni landsins en hún kastaði lengst allra í sínum aldursflokki í heiminum með 600gr. spjóti á árinu. Hún setti þrjú Íslandsmet í spjótkasti í flokki 15 ára stúlkna og hún sló einnig Íslandsmetið í kringlukasti í sínum aldursflokki. Á Gautaborgarleikunum vann hún gull í kúluvarpi og silfur í spjótkasti. Hún varð fjórfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki og tvöfaldur bikarmeistari.

### Hjálmar Vilhelm Rúnarsson, Selfoss



Hjálmar Vilhelm keppti á Norðurlandamótinu í fjölþrautum í flokki 17 ára og yngri þar sem hann endaði í 5. sæti. Hann vann tvö brons og eitt silfur á Bikarkeppni FRÍ í fullorðinsflokki þrátt fyrir ungan aldur. Á Gautaborgarleikunum vann hann bronsverðlaun í spjótkasti og á Unglingalandsmóti UMFÍ varð hann fjórfaldur landsmótsmeistari. Hann varð áttfaldur Íslandsmeistari á árinu í sínum aldursflokki og hlaut fimm silfurverðlaun.

**Glíma**

### Marín Laufey Davíðsdóttir, Þjótanda



Marín Laufey sýndi frábæran árangur í glímu og keppti bæði í sínum þyngdarflokki og opnum flokki kvenna á Bikarglímunni og Haustmóti GLÍ, þar sem hún sigraði báða flokka á báðum mótum. Einnig fagnaði hún sigri á Íslandsglímunni og hlaut þar nafnbótina Glímudrottning Íslands í sjötta sinn, auk þess að vinna fegurðarglímuverðlaunin í kvennaflokki. Marín keppti jafnframt á Opna Bretónskamótinu í backhold þar sem hún sigraði bæði +70 kg flokk kvenna og opinn flokk kvenna.

### Gústaf Sæland, Umf. Bisk



Gústaf sigraði í -80 kg flokki karla á Bikarglímu Íslands. Á Haustmóti GLÍ sigraði hann -84 kg flokk karla og á Iceland Open sigraði hann -84 kg flokk karla í hryggspennu. Hann keppti einnig á nokkrum mótum á Englandi og Skotlandi með frábærum árangri. Þá vann Gústaf karlaflokkinn á Fjórðungsglímu Suðurlands.

**Golf**

### Heiðrún Anna Hlynsdóttir, Golfklúbbi Selfoss



Heiðrún spilaði á Evrópumótinu í golfi með A-landsliði kvenna. Hún endaði í 2. sæti á vormóti GSÍ og sigraði undankeppnina fyrir Íslandsmótið í holukeppni. Hún var hluti af kvennaliði GOS á Íslandsmóti golfklúbba í 1. deild þar sem hún sigraði alla sína leiki.

### Aron Emil Gunnarsson, Golfklúbbi Selfoss



Aron Emil endaði í 2. sæti með A-landsliði karla á Evrópumótinu í golfi í 2. deild, sem haldið var í Póllandi. Hann varð annar á Íslandsmótinu í höggleik og var þar efstur áhugakylfinga. Aron sigraði á þremur mótum á vegum GSÍ á árinu og endaði þriðji á stigalista GSÍ mótaraðarinnar 2024. Aron var einn af liðsmönnum GOS sem sigruðu Íslandsmót golfklúbba 19-23 ára.

**Handknattleikur**

### Hannes Höskuldsson, Selfoss



Hannes er lykilmaður og fyrirliði í meistaraflokksliði Selfoss sem lék á síðasta tímabili í efstu deild. Hannes var valinn varnarmaður ársins á lokahófi deildarinnar síðasta vor. Hann er metnaðarfullur íþróttamaður sem er til fyrirmyndar á öllum sviðum.

**Hestaíþróttir**

### Ásmundur Ernir Snorrason, Geysi



Hápunktar ársins hjá Ásmundi Erni er án nokkurs vafa að ná þremur Íslandsmeistaratitlum á Íslandsmóti í hestaíþróttum, þar sigraði hann slaktaumatölt (T2) og var samanlagður Íslandsmeistari í fjórgang og fimmgang. Ásmundur Ernir tók þátt í félagsmótum Geysis sem og stórmótum á árinu með yfirburðarárangri. Hann hlaut hina eftirsóttu FT Fjöður á Landsmóti hestamanna. FT fjöðrin er reiðmennskuverðlaun Félags tamningamanna.

### Védís Huld Sigurðardóttir, Sleipni



Hápunktar ársins hjá Védísi eru klárlega sigur hennar í einstaklingskeppni meistaradeildar ungmenna, Norðurlandameistara-titill í fimmgangi ungmenna og 2. sæti í B-flokki ungmenna á Landsmóti hestamanna. Védís Huld er í fremstu röð meðal ungmenna í Íslandshestaheiminum og á sæti í U21 árs landsliði Íslands í hestaíþróttum.

**Íþróttir fatlaðra**

### María Sigurjónsdóttir, Suðra



María æfir og keppir í frjálsum, golfi og lyftingum. Hún heldur sífellt áfram að bæta sig í flestum greinum. Hún varð í 2. sæti á MÍ öldunga í kúluvarpi, í 1. sæti á Íslandsmeistaramóti ÍF í lyftingum, í 3. sæti á Special Olympics festival í golfi og í 3. sæti á Kraftlyftingamóti Special Olympics.

### Sigurjón Ægir Ólafsson, Suðra



Sigurjón Ægir varð í 3. sæti á Íslandsmeistaramóti fatlaðra í kraftlyftingum, í 2. sæti á kraftlyftingamóti Special Olympics og varð HSK meistari í kúluvarpi á héraðsmóti fatlaðra utanhúss.

**Júdó**

### Íris Ragnarsdóttir, JS



Íris varð Íslandsmeistari í judo 2024 og fyrst til þess að verða Íslandsmeistari hjá Judofélag Suðurlands og fyrst kvenna að verða Íslandsmeistari á Suðurlandi síðan 2001.

### Sigurður Fannar Hjaltason, Selfoss



Sigurður Fannar náði miklum árangri árið 2024. Hann vann gull á Haustmóti JSÍ og silfur á Vormóti JSÍ, ásamt því að verða Íslandsmeistari í sínum flokki á Íslandsmeistaramótinu.

**Knattspyrna**

### Brynja Líf Jónsdóttir, Selfoss



Brynja Líf var lykilleikmaður í ungu liði Selfoss og spilaði allar mínútur Selfossliðsins tímabilið 2024, bæði í deildarkeppni og bikar. Brynja var á lokahófi knattspyrnudeildar verðlaunuð fyrir mestu framfarir á árinu ásamt því að vera valin besti varnarmaður og að lokum besti leikmaður meistaraflokks kvenna.

### Dagur Jósefsson, Selfoss



Dagur spilaði lykilhlutverk í að tryggja deildar- og bikarmeistaratitil liðsins á árinu. Dagur byrjaði 24 af 28 leikjum í öllu keppnum. Hann var valinn varnarmaður ársins á lokahófi knattspyrnudeildar Umf. Selfoss ásamt því að vinna 2. deild karla sem og Fótbolta.net bikarinn.

**Körfuknattleikur**

### Kristrún Ríkey Ólafsdóttir, Hamri/Þór



Kristrún var lykilleikmaður í liði Hamars-Þórs þegar liðið varð deildar- og Íslandsmeistari 1. deildar og tryggði sér sæti í efstu deild. Kristrún er sannur leiðtogi og tók við fyrirliðabandinu á tímabilinu. Kristrún var valin í U20 ára landslið Íslands sem náði besta árangri U20 ára landsliðs Íslands frá upphafi á EM. Hún var einnig valin í æfingahóp A landsliðsins.

### Tómas Valur Þrastarson, Þór



Tómas spilaði lykilhlutverk í liði Þórs tímabilið 2023-2024 en þrátt fyrir ungan aldur skoraði hann 17 stig að meðaltali í deildarkeppninni. Á lokahófi KKÍ var Tómas valinn í úrvalslið deildarinnar og besti ungi leikmaðurinn. Tómas var einn af betri leikmönnum í U-20 ára landsliði Íslands sem lék í A-deild Evrópumótsins í körfuknattleik og honum hlotnaðist sá heiður að vera valinn í A-landslið karla í fyrsta sinn.

**Motocross**

### Ásta Petrea Hannesdóttir, Selfoss



Ásta Petrea varð í 2. sæti til Íslandsmeistara árið 2024. Þegar hún byrjaði í sportinu voru fáar stelpur og hefur hún einbeitt sér að því að auka þátt kvenna í íþróttinni og stofnaði meðal annars Instagramsíðuna „motorstelpur" þar sem stelpur deila þessu áhugamáli sínu.

### Alexander Adam Kuc, Selfoss



Alexander Adam var valinn í íslenska landsliðið þriðja árið í röð. Á árinu fór hann til Frakklands til að keppa fyrir hönd Íslands. Hann varð í 2. sæti til Íslandsmeistara í flokknum MX1, í 3. sæti til Íslandsmeistara Enduro og í 2. sæti í enduro 14-19 ára.

**Sund**

### Hallgerður Höskuldsdóttir, Selfoss



Hallgerður er góður sundmaður og er mjög samviskusöm, mætir vel á æfingar og leggur sig ávallt 100% fram við hvert það verkefni sem henni er sett fyrir. Hallgerður er burðarás í liði Selfoss sem sigrað hefur á all flestum sundmótum HSK síðustu ár. Hallgerður synti vel á fjölmörgum mótum á árinu.

### Arnór Karlsson, Selfoss



Arnór er vaxandi sundmaður sem við væntum mikils af í framtíðinni. Hann er samviskusamur og mætir vel á æfingar og leggur sig ávallt 100% fram við hvert það verkefni. Þess má geta að Arnór býr á Flúðum og sækir æfingar 3-4x í viku á Selfoss og æfir að auki á Flúðum. Arnór er burðarás í liði Selfoss sem sigrað hefur á all flestum sundmótum HSK síðustu ár.

**Taekwondo**

### Dagný María Pétursdóttir, Selfoss



Dagný vann brons á Norðurlandamóti í +73 kg flokki kvenna, gullverðlaun á bikarmóti í +73 kg flokki kvenna og valin keppandi mótsins. Hún var valin í lansliðið og vann til bronsverðlauna á Invitational Games for Small Countries G1 í +73 kg flokki kvenna sem haldið var á Möltu. Því miður er enginn í hennar þyngdarflokki á Íslandi í bardaga. Hún þarf þess vegna að sækja öll bardagamót erlendis.

### Björn Jóel Björgvinsson, Selfoss



Björn Jóel vann silfur á Íslandsmótinu í -80 kg flokki karla og silfur á bikarmóti í -80 kg flokki karla. Hann æfði með landsliðshópnum á árinu. Björn Jóel, sem tekur virkan þátt í starfi félagsins, er sterkasti bardagamaður deildarinnar á Selfossi og það verður spennandi að fylgjast með honum í framtíðinni.

# Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

| | |
|---|---|
| Stigahæsta félag | Íþróttafélagið Dímon |
| Hvatningarverðlaun HSK | Hestamannafélagið Sleipnir |
| Öðlingur ársins | Jóhanna M. Hjartardóttir, Umf. Þór |

**Breyting á sérverðlaunum HSK**
Stjórn HSK ákvað á árinu að hætta að veita Foreldarastarfsbikar HSK og Unglingabikar HSK, en þeir hafa verið veittir árlega frá árinu 2000. Stjórn sambandsins ákvað að veita framvegis Hvatningarverðlaun HSK. Stjórn ákvað að horfa til verkefna aðildarfélaga sambandsins sem nefnd eru í ársskýrslum félaga, sem borist höfðu þegar stjórn kom saman um miðjan febrúar.

**Hvatningarverðlaun HSK 2024**
**Hestamannafélagið Sleipnir – Félagshesthús**
Félagið, í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg, hóf tilraunaverkefni með félagshesthús í upphafi árs 2021. Gafst verkefnið vel og í október 2021 var leigt stórt og hentugt 20 hesta hús fyrir starfsemina, ásamt því að skrifað var undir þriggja ára samstarfssamning sveitarfélagsins og Sleipnis um verkefnið. Samningur var svo framlengdur til þriggja ára nú á haustdögum.

Með þessu verkefni gefst börnum og unglingum tækifæri á að taka þátt í hestamennsku án þess að eiga hest og hafa aðgang að hesthúsi. Þau sækja skipulagða tíma í hesthúsið, þar sem þau fá aðgang að hesti og þeim búnaði sem þarf til að stunda reiðmennsku. Þau læra handtökin við að umgangast og hugsa um hestana, ekki bara það sem einhverjum þætti það skemmtilegasta, að ríða út, heldur líka að moka undan hestunum, þrífa, hugsa um reiðtygin og annað sem þarf að gera þegar stunduð er hestamennska. Inn í það fléttast svo allskonar fræðsla um aðbúnað og heilsufar hestana, hvað þurfi að hafa í huga og fylgjast með þegar við eigum hest.

Síðan hafa þau fengið bæði dýralækni til að koma og spjalla við krakkana um hestana, raspa og gefa lús og ormalyf og eins hefur járningamaður verið að járna og sýnt krökkunum hvað þurfi að hafa í huga við járningu og umhirðu hófa.

Þetta frábæra framtak Sleipnis, hefur orðið til þess að áhugasöm börn og unglingar hafa fengið tækifæri til að kynnast hestamennskunni, án þess að þurfa að leggja í þann kostnað sem henni fylgir.


*Með félagshesthúsinu gefst börnum og unglingum tækifæri á að taka þátt í hestamennsku án þess að eiga hest og hafa aðgang að hesthúsi.*

**Öðlingur ársins 2024**
**Öðlingur ársins 2024 er Jóhanna M. Hjartardóttir Umf. Þór.**
Jóhanna byrjaði ung að stunda sundíþróttina. Hún ólst upp við hliðina á og í Sundlauginni Laugaskarði í Hveragerði og synti 200 metrana fyrst þriggja ára gömul. Á sínum yngri árum æfði hún og keppti í sundi bæði á innanfélagsmótum með UFHÖ, héraðsmótum og á Íslandsmótum fyrir hönd HSK. Jóhanna var í sundliði HSK á landsmótum UMFÍ frá árinu 1978 til 1981. Nú síðari ár hefur Jóhanna starfað sem sjálfboðaliði á landsmótum.


*Jóhanna M. Hjartardóttir.*

Jóhanna keppti einnig í frjálsum íþróttum, handbolta og blaki á HSK mótum á sínum yngri árum. Hin síðari ár hefur Jóhanna stundað sund, göngur og styrktarþjálfun sér til heilsubótar og hefur hvatt fólk til þátttöku í fjölbreyttum almenningsíþróttaverkefnum þar sem markmiðið er að finna lífsstíl til að hreyfa sig reglulega.

Á unglingalandsmótum UMFÍ í Þorlákshöfn var Jóhanna verkefnastjóri mótsins fyrir hönd HSK árið 2008 og síðar mótsstjóri körfuknattleikskeppninnar á unglingalandsmótinu 2018. Jóhanna starfaði sem verkefnastjóri Landsmóts UMFÍ 50+ sem var haldið í Hveragerði árið 2017.

Jóhanna hefur verið virkur sjálfboðaliði í íþróttahreyfingunni til margra ára. Jóhanna hefur setið í körfuknattleiksnefnd HSK í nokkur ár og hefur verið fulltrúi Þórs á HSK þingum og þá hefur hún verið fulltrúi HSK á þingi UMFÍ.

Jóhanna hefur búið í Þorlákshöfn til áratuga og hefur komið að margvíslegum verkefnum fyrir íþróttahreyfinguna á staðnum. Hún tók þátt í uppbyggingu íþróttalífsins í Þorlákshöfn eftir að nýtt íþróttahús var vígt 1991, en hún stóð að stofnun fimleikadeildar Umf. Þórs árið 1991. Jóhanna hefur verið formaður körfuknattleiksdeildar Umf. Þórs frá árinu 2012, en þar á undan mjög virk í foreldrastarfi og sjálfboðaliðastörfum í deildinni og hjá félaginu.

Jóhanna hefur hlotið heiðursviðurkenningar frá heildarsamtökunum fyrir sín góðu störf, þar má nefna gullmerki KKÍ, starfsmerki UMFÍ og silfurmerki ÍSÍ.

## Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfboðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

# Guðmunda Ólafsdóttir sæmd silfurmerki HSK

Á héraðsþinginu í Árnesi 2024 var Guðmunda Ólafsdóttir, formaður Frjálsíþróttaráðs HSK, sæmd silfurmerki HSK.

Guðmunda hefur frá barnsaldri tekið virkan þátt í störfum íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Hún var kosin formaður Umf. Vöku í ársbyrjun 2011 og var í því embætti til aðalfundar Vöku í janúar 2016. Þá var félagið lagt niður og nýtt félag tók við verkefnum gömlu félaganna í Flóahreppi.

Guðmunda tók þátt í að stofna Ungmennafélag Þjótanda í Flóahreppi árið 2015. Hún var kosin fyrsti formaður Þjótanda og gegndi því embætti með miklum myndarbrag þar til í janúar 2020.

Guðmunda var kosin í stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK árið 2012 og hefur frá árinu 2013 verið formaður ráðsins. Hún hefur staðið sig frábærlega í því embætti og stýrt ráðinu af miklum metnaði og dugnaði.



*Guðríður formaður afhenti Guðmundu Ólafsdóttur formanni Frjálsíþróttaráðs sambandsins silfurmerki HSK á héraðsþingi 2024.*

# Ólympíufari þakkar fyrir stuðninginn

Hákon Þór Svavarsson frá Skotíþróttafélagi Suðurlands tók þátt í haglabyssuskotfimi á Ólympíuleikunum í París í sumar og stóð sig með miklum sóma.

Í apríl 2024 ákvað stjórn Verkefnasjóðs HSK að veita Hákoni styrk úr sjóðnum vegna þess frábæra árangurs að hafa verið valinn í Ólympíuhóp ÍSÍ. Á þeim tíma áttu 13 íþróttamenn sæti í hópnum, en þeir áttu allir raunhæfa möguleika á að tryggja sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum 2024. Stjórn sjóðsins ákvað af þessu tilefni að veita honum 120.000 kr. afreksstyrk úr sjóðnum, en í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: „Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist.“

Hákon Þór kom við á skrifstofu HSK eftir leikana í París til að þakka fyrir styrkinn frá HSK og færði sambandinu að gjöf áletraða mynd af keppendum Íslands á leikunum og derhúfa með merki leikana.

Vel gert Hákon og vonandi verður hann á meðal þátttakenda á næstu Ólympíuleikum sem haldnir verða í Los Angeles 2028.




*Hákon Þór Ólympíufari og Engilbert framkvæmdastjóri HSK.*



## Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér það um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem fram undan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið í viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.

## HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum

Undanfarin ár hefur mikið af fréttum frá HSK birst á sunnlenska fréttavefnum sunnlenska.is og fréttir af starseminni hafa verið birtar í Dagskránni og vefnum dfs.is. Þá hefur útvarpsstöðin Suðurland FM fjallað talsvert um íþróttir og starfsemi HSK.

## Ársskýrslur HSK á hsk.is




Fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Skýrslurnar hafa síðan ýmist verið prentaðar eða ljósritaðar. Undanfarin ár hefur ársskýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótta- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Ársskýrslur síðustu ára má sjá á www.hsk.is.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

## Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga og sérráða HSK og einnig á nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila að jafnaði einu sinni í viku.

# Fundir, þing og ráðstefnur:

*Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.*

## Héraðsþing í Árnesi í þriðja sinn

Góð mæting var á 102. héraðsþing HSK sem haldið var í Félagsheimilinu Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 14. mars 2024. Þingið hófst stundvíslega kl. 17:00 og þingslit voru kl. 20:20. Þetta var í þriðja sinn sem héraðsþingið er haldið í Árnesi, en þing sambandsins voru haldin þar árin 1972 og 1984.

Eitt nýtt félag hafði sótt um aðild að sambandinu frá síðasta þingi, en það var Judofélag Suðurlands sem stofnað var 5. mars 2023. Þingið samþykkti umsókn félagsins og nú eru aðildarfélög sambandsins 54 talsins.

Val á íþróttakarli HSK og íþróttakonu HSK 2023 var kunngjört á þinginu. Það voru þau Sigurjón Ægir Ólafsson úr Íþróttafélaginu Suðra og Heiðrún Anna Hlynsdóttir úr Golfklúbbi Selfoss sem hlutu titlana að þessu sinni.

HSK veitti nokkur sérverðlaun á þinginu. Skeiðamaðurinn Ingvar Garðarsson var valinn öðlingur ársins hjá HSK. Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs hlaut foreldrastarfsbikar HSK, Hestamannafélagið Jökull hlaut unglingabikar HSK og Umf. Selfoss var stigahæsta félagið í heildarstigakeppni HSK, þar sem árangur í öllum HSK mótum sambandsins telur.

HSK, ÍSÍ og UMFÍ heiðuðu nokkra einstaklinga á héraðsþinginu fyrir þeirra sjálfboðaliðsstörf fyrir hreyfinguna. Guðmunda Ólafsdóttir úr Umf. Þjótanda og formaður Frjálsíþróttaráðs HSK hlaut silfurmerki HSK.

ÍSÍ veitti eitt gullmerki og þrjú silfurmerki. Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason úr Hamri og stjórnarmaður í HSK var sæmdur gullmerki ÍSÍ og silfurmerki ÍSÍ hlutu Gissur Jónsson frá Umf. Selfoss og hjónin Þórdís Bjarnadóttir úr Íþr.f. Suðra og Ófeigur Ágúst Leifsson frá Íþr.f. Suðra og Umf. Selfoss.

UMFÍ veitti þrjú Starfsmerki UMFÍ og þau sem fengu merkið voru þau Gestur Einarsson Umf. Gnúpverja, Helga Kolbeinsdóttir Umf. Gnúpverja og Ingvar Garðarsson Umf. Skeiðamanna.

En breyting varð á stjórn HSK. Olga Bjarnadóttir sem hefur átt sæti í varastjórn HSK frá árinu 2016 gaf ekki kost á sér til endurkjörs, en hún var á síðasta ári endurkjörin í stjórn ÍSÍ og tók þá við embætti 2. varaforseta ÍSÍ. Guðrún Ása Kristleifsdóttir úr Umf. Hvöt var kosin ný í varastjórn. Stjórn HSK 2024 skipa þau Guðríður Aadnegard formaður, Guðmundur Jónasson gjaldkeri, Anný Ingimarsdóttir ritari, Helgi S. Haraldsson varaformaður og Jón Þröstur Jóhannesson meðstjórnandi. Varastjórn skipa Gestur Einarsson, Guðrún Ása Kristleifsdóttir og Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason.

Vegleg myndskreytt ársskýrsla HSK kom út á héraðsþinginu og hana má sjá á heimasíðu HSK, www.hsk.is.



*Frá héraðsþinginu í Árnesi. Hafsteinn Valdimarsson fulltrúi Hamars einbeittur við lestur ársskýrslunnar.*

## Sambandsráðsfundur UMFÍ

45. Sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn að Hótel Varmalandi í Borgarfirði 12. október 2024. Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri mættu á fundinn frá HSK.

Engin umræða var um skýrslu stjórnar og reikninga, en þeim mun meiri um tillögur sem lagðar voru fram og sérmálefni sem kynnt voru með framsögu. Tillögur um málefni Þrastaskógar og sölu áfengis á íþróttaviðburðum fengu hvað mesta umfjöllun. Eftir afgreiðslu tillagna voru þrju mál kynnt og rædd sérstaklega. Það voru mót á vegum UMFÍ, Íþrótta- og æskulýðslög og svæðisstöðvar íþróttahéraða sem hófu starfsemi sína á árinu.

Á heimasíðu UMFÍ má nálgast ársskýrslu og ársreikninga UMFÍ.

## Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn 22. nóvember 2024 í veislusal Knattspyrnufélagsins Þróttar í Laugardal. Guðríður Adnegard formaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri mættu á fundinn frá HSK.

Fyrir fundinn var frambjóðendum stjórnmálaflokka sem buðu fram til Alþingiskosninga 2024, boðið að mæta og kynna þeirra stefnu varðandi íþróttatengd málefni og eiga samtal við fólk úr íþróttahreyfingunni. Úr urðu hressilegar og málefnalegar umræður milli frambjóðendanna við spyrjendur úr sal.

Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, setti Formannafundinn og flutti ávarp. Fundarstjóri var Þórey Edda Elísdóttir, fyrsti varaforseti ÍSÍ.

Formannafundurinn var virkilega vel sóttur og mörg mál kynnt og rædd. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, fór yfir starfsemi ÍSÍ síðastliðið ár og Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri ÍSÍ, fór yfir fjármál ÍSÍ. Málefni sem framkvæmdastjórn kynnti sérstaklega á fundinum voru svæðisstöðvar íþróttahéraðanna, málefni afreksíþrótta, fjármál íþróttahreyfingarinnar, staða á vinnuhópum innan ÍSÍ og Íþróttaþing. Að loknum fundi bauð ÍSÍ til kvöldverðar í Þróttarheimilinu.

Rétt áður en Formannafundur ÍSÍ var settur var undirritaður samningur um fjárframlög ríkisins til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands fyrir árið 2025. Ásmundur Einar Daðason þáverandi mennta- og barnamálaráðherra og Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ undirrituðu samninginn.

Um er að ræða tímamótasamning þar sem fjárframlög hækka verulega frá síðasta ári, m.a. vegna afreksstarfs, eða um 637 milljónir króna. Heildarframlög ríkisins eru nú rúmlega 1,4 milljarður króna og fara þau framlög til verkefna

# Stjórnarfundir HSK árið 2024

Stjórn HSK fundaði sex sinnum árið 2024 og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir voru haldnir í Selinu á Selfossi og einn fundur var haldinn á Teams. Formaður, gjaldkeri og ritari áttu sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Framkvæmdastjórnin fundaði einu sinni á starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

**Mætingar á stjórnarfundi HSK 2024**

| | *15/1* | *19/2* | *22/4* | *27/5* | *26/8* | *4/11* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Guðríður | x | x | x | x | x | x |
| Guðmundur | x | x | x | x | x | x |
| Helgi | x | x | x | x | x | x |
| Anný | x | x | x | x | x | |
| Jón Þröstur | | x | x | | | |
| Gestur | | x | x | | x | x |
| Lárus Ingi | | x | x | | x | |
| Olga* | | | | | | |
| Guðrún Ása** | | | x | | | |
| Engilbert | x | x | x | x | x | x |
| Guðrún Tryggvad.*** | x | | | | | |

** Olga gaf ekki kost á sér til endurkjörs í varastjórn á héraðsþinginu 14. mars 2024.*
*** Guðrún Ása var kosin í varastjórn á héraðsþinginu 14. mars 2024.*
**** Guðrún Tryggvadóttir var boðuð á einn fund á árinu.*

**Mæting á framkvæmdastjórnarfund HSK 2024**
Full mæting var á fund þann 7. október en þar mættu Guðríður, Guðmundur, Anný og Engilbert.

eins og Afrekssjóðs ÍSÍ, rekstrarstuðnings til ÍSÍ og sérsambanda, aukins framlags til afreksíþróttastarfs og ferðasjóðs íþróttafélaga. Aukning fjármagns byggir ekki síst á vinnu starfshóps ráðuneytisins, sem leiddur hefur verið áfram af Vésteini Hafsteinssyni afreksstjóra ÍSÍ.

### Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnum nokkurra sérsambanda. Landeyingurinn Freyr Ólafsson er formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.

### Heimsókn frá Grænlandi

HSK fékk góða gesti í heimsókn fimmtudaginn 9. maí 2024 þegar starfsfólk frá Íþróttasambandi Grænlands (GIF) kom í heimsókn á íþróttavallarsvæðið á Selfossi. Stjórn og starfsfólk GIF kom til landsins til að kynna sér íslenska íþróttastarfið og var heimsókn þeirra á Selfoss hluti af dagskrá hópsins.

Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK og formaður Umf. Selfoss tóku á móti hópnum í morgunkaffi í Selinu og sögðu frá starfsemi HSK og aðildarfélaganna. Svo var farið í Tíbrá þar sem starfsemi Umf. Selfoss var kynnt og sá Gissur Jónsson um þá kynningu. Þangað mætti einnig Karl Ágúst Hannibalsson verkefnisstjóri Íþrótta- og æskulýðsmála hjá Sveitarfélaginu Árborg og svaraði hann fyrirspurnum gestanna varðandi verkefni sveitarfélagsins í þessum málaflokki. Heimsókninni lauk svo með skoðunarferð um íþróttavallarsvæðið á Selfossi. Grænlendingarnir voru glaðir í bragði eftir velheppnaða heimsókn og hádegisverð í Miðbænum, þegar þau héldu för sinni áfram. Til stóð að fara Gullna hringinn og voru þau sérstaklega hvött til að skoða minjar um íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar, formanns HSK til áratuga, sem sjá má á Hótel Geysi.



*Starfsmenn Íþróttasambands Grænlands ásamt Helga, Karli Ágúst og Gissuri.*



*Hluti keppenda á héraðsmótinu í júdó.*

# HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK

### HSK mótið í taekwondo

HSK mótið í taekwondo var haldið í íþróttahúsinu Baulu við Sunnulækjarskóla sunnudaginn 15. desember 2024. Keppt var í poomsae (formum), kyorugi (bardaga) og þrautabraut. Verðlaunahafa á mótinu má sjá á www.hsk.is.

### Jólamót HSK í júdó

Jólamót HSK í júdó var haldið í gamla Sandvíkursalnum þrjá föstudaga í röð í desember 2024 og sá júdódeild Selfoss um framkvæmdina.

Þann 6. desember keppti yngsti hópurinn, 6-7 ára börn. Þar voru margir keppendur að taka þátt á sínu fyrsta móti og stóðu sig vel. Keppendur voru 19 talsins. Strákar í unglingaflokki fengu að spreyta sig í að dæma og aðstoða við mótið.

Átta til tíu ára krakkarnir kepptu þann 13. desember. Þar voru keppendur 22 talsins, strákar og stelpur. Þau hafa öll keppt áður og sáust glæsileg tilþrif og margar flottar glímur.

Síðasti hlutinn var svo haldinn 19. desember og þar kepptu 10 keppendur á aldrinum 11-15 ára. Í þessum flokki kepptu krakkar sem hafa mikla reynslu og einnig iðkendur sem voru að keppa á sínu fyrsta móti og stóðu sig glæsilega.

# Myndir úr starfinu


*Knattspyrnufélag Árborgar sigraði í C-deild karla í deildarbikarkeppni KSÍ.*


*Á héraðsþingi HSK í mars heiðraði ÍSÍ fjóra einstaklinga. Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason, hlaut Gullmerki ÍSÍ og silfurmerki ÍSÍ hluta þau Þórdís Bjarnadóttir, Ófeigur Ágúst Leifsson og Gissur Jónsson. Þórey Edda Elísdóttir, 1. varaforseti ÍSÍ afhenti þeim merkin.*

# Samstarfsverkefni:

## Svæðisstöðvar íþróttahéraðanna tóku til starfa á árinu



*Svæðisfulltrúarnir á Suðurlandi, þær Bryndís Lára og Rakel, eru með starfsaðstöðu í Selinu á Selfossi.*

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ árið 2023 voru samþykktar tillögur um stofnun svæðisstöðva íþróttahéraðanna um allt land. Markmið þeirra yrði að efla íþróttastarf á landsvísu. Verkefnið var samþykkt á þingum ÍSÍ og UMFÍ með stuðningi og framlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til tveggja ára. Landinu var í kjölfarið skipt í átta svæði, hvert með 2-4 íþróttahéruðum innanborðs og tvo starfsmenn í fullu starfi á hverju svæði.

Hlutverk svæðisstöðvanna er að þjónusta íþróttahéruðin með samræmdum hætti í nærumhverfi sínu og efla íþróttastarf um allt land. Enn fremur að styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu, stuðla að farsæld barna og annarra sem nýta þjónustu íþróttahreyfingarinnar. Sérstök áhersla er lögð á að fjölga börnum og ungmennum með fatlanir, af erlendum uppruna og af tekjulægri heimilum í íþróttum.

Í kjölfar samþykktar á þingum var skipaður tengiliðahópur sem gerði tillögur um fyrirkomulag í tengslum við stofnun svæðisstöðvanna.

Í tengiliðahópnum sátu Bjarney Láru Bjarnadóttir fyrir Vesturland (HSH, ÍA, UDN og UMSB), Guðný Stefanía Stefánsdóttir fyrir Vestfirði (HHF, HSB, HSS og HSV), Þorvaldur Gröndal fyrir Norðurland vestra (UMSS, USAH og USVH), Gunnhildur Hinriksdóttir fyrir Norðurland eystra (ÍBA, HSÞ og UÍF), Benedikt Jónsson fyrir Austurland (UÍA og USÚ), Helgi S. Haraldsson fyrir Suðurland (HSK, ÍBV og USVS), Rúnar V. Arnarson fyrir Suðurnes (ÍRB og ÍS) og Frímann Ari Ferdinandsson fyrir Höfuðborgarsvæðið (ÍBH, ÍBR og UMSK).

Hanna Carla Jóhannsdóttir var ráðin verkefnastjóri og tók hún til starfa vorið 2024. Störf svæðisfulltrúa voru auglýst í framhaldinu og rúmlega 200 umsóknir bárust í störfin sextán og hófu flestir svæðisfulltrúarnir störf í byrjun ágúst 2024.

Starfsfólk svæðisstöðvanna eru Álfheiður Sverrisdóttir og Heiðar Mar Björnsson - Vesturland (HSH, ÍA, UDN og UMSB), Birna Hannesdóttir og Guðbjörg Ebba Högnadóttir - Vestfirðir (HHF, HSB, HSS og HSV), Halldór Lárusson og Sigríður Inga Viggósdóttir - Norðurland vestra (UMSS, USAH og USVH), Kristján Sturluson og Þóra Pétursdóttir - Norðurland eystra (ÍBA, HSÞ og UÍF), Erla Gunnlaugsdóttir og Jóhanna Íris Ingólfsdóttir- Austurland (UÍA og USÚ), Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir - Suðurland (HSK, ÍBV og USVS), Sigurður Friðrik Gunnarsson og Petra Ruth Rúnarsdóttir - Suðurnes (ÍRB og ÍS), Hansína Gunnarsdóttir og Sveinn Sampsted - Höfuðborgarsvæðið (ÍBH, ÍBR og UMSK). Sveinn er í leyfi og Björg Ásta Þórðardóttir er ráðin tímabundið í hans stöðu.

Svæðisfulltrúarnir hafa unnið að greiningum og aðgerðaráætlunum á sínu svæði, skoðað stöðu íþróttahéraða, virkni þeirra og verkefni og byggt brýr á milli m.a. sveitarfélaga og íþróttahéraða. Nú þegar hafa ýmis verkefni litið dagsins ljós.

Í tengslum við stofnun svæðisstöðva lagði ráðherra íþróttamála til 140 milljónir króna til tveggja ára í Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar. Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í byrjun árs 2025.

## Svæðisfulltrúar á Suðurlandi með vinnuaðstöðu í Selinu

Í byrjun ágúst hófu Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir störf sem svæðisfulltrúar á Suðurlandi. Bryndís Lára er búsett í Austur-Landeyjum, var í frjálsum sem barn með Umf. Dagsbrún, Dímon og HSK. Hún sneri sér síðan að knattspyrnu og spilaði með KFR, sameiginlegu liði Ægir/KFR, Val, Breiðablik, ÍBV, Þór/KA og Víking R. Rakel er fædd og uppalin í Hveragerði og er íþróttafræðingur að mennt með viðbótardiplómu í jákvæðri sálfræði. Hún hefur starfað við íþróttakennslu á grunn-, framhalds-, og háskólastigi auk þess sem hún hefur áratuga reynslu af hverskonar líkams- og heilsuræktarkennslu hjá ungum sem öldnum.

Eitt af okkar fyrstu verkum var að koma okkur fyrir í Selinu, í skrifstofurými sem hafði fengið hressilega andlitslyftingu. Fyrstu dagarnir fóru í það að setja saman IKEA húsgögn og óhætt að segja að það reyndi töluvert á þolinmæði okkar og miðað við handtökin kom það snemma í ljós hvort okkar var úr sveit. Rakel sýndi hins vegar einstaka hæfileika sína þegar kom að uppstillingu húsgagna og skrautmuna og munaði litlu að sendar yrðu inn myndir í tímaritið Hús&Híbýli. Þessari vinnu lauk loks með aðstoð Mumma sem skipti um gler og aðstoðaði okkur innandyra í verkefnum fyrir lengra komna.

Fyrstu mánuðir okkar einkenndust af fundum með stjórnum héraðssambanda, íþróttafélaga og fulltrúum sveitarfélaga og skóla. Þá vorum við einnig kallaðar að borðinu í mörgum málum tengdum farsæld, forvörnum og öðrum lýðheilsuverkefnum. Mikil greiningarvinna hefur átt sér stað og tengslanetið hefur stækkað. Nú þegar eru mörg spennandi verkefni farin af stað innan héraðs sem og þvert á landshluta. Það er trú okkar og von að samstarfið verði farsælt og komi til með að lyfta íþróttastarfinu á Suðurlandi enn hærra. Við erum spenntar fyrir framhaldinu og viljum við hvetja öll þau félög sem þurfa á aðstoð okkar að halda að hafa samband, hvort sem ráðgjafandi eða með aðkomu að verkefnum.

**Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir - bryndis@siu.is**
**Rakel Magnúsdóttir - rakel@siu.is**

# Heildarstigatafla HSK 2024

28 héraðsmót töldu til stiga í heildarstigakeppni HSK í ár. Dímon sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2024. Dímon hlaut 159 stig, Selfoss varð í öðru sæti með 157 stig og Laugdælir urðu í þriðja sæti með 110 stig.

| Röð félaga 2024 | | Badminton, unglingamót | Blak, héraðsmót karla | Blak, héraðsmót kvenna | Blak, héraðsmót drengja | Blak, héraðsmót stúlkna | Blak, hraðmót karla | Blak, hraðmót kvenna | Borðtennis, héraðsmót | Bridds, tvímenningur | Bridds, sveitakeppni | Frjálsíþróttir, héraðsmót innanh. | Frjálsíþróttir, unglingamót innanh. | Frjálsíþróttir, aldursflokkamót innanh. | Frjálsíþróttir, héraðsmót utanh. | Frjálsíþróttir, unglingamót utanh. | Frjálsíþróttir, aldursflokkamót utanh. | Glíma, héraðsmót stúlkna | Glíma, héraðsmót drengja | Glíma, héraðsmót karla | Glíma, héraðsmót kvenna | Íþróttir fatlaðra, héraðsmót | Júdó, héraðsmót 15 ára og yngri | Skák, sveitakeppni | Sund, aldursflokkamót | Sund, unglingamót | Sund, héraðsmót | Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri | Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yngri | *stig samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Íþr.f. Dímon | 9 | | 5 | 10 | 10 | | 4,5 | 9 | 7,5 | | 9 | 8 | 9 | 6 | 7 | 9 | 10 | 10 | 8 | | | | 10 | 9 | 9 | | | | **159** |
| 2. | Umf. Selfoss | | | | | | | | 8 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | | | | | | 10 | 9 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | **157** |
| 3. | Umf. Laugdæla | | 9 | 6 | 9 | 7 | 9 | 10 | | | 8 | | | 7 | | | 7 | 9 | 9 | 10 | 10 | | | | | | | | | **110** |
| 4. | Umf. Þjótandi | | | | | | | | | 9 | 9 | 7 | 9 | 8 | 7 | 8 | 8 | 8 | 7 | | | | | | | | | | | **80** |
| 5. | Íþr.f. Hamar | 10 | 10 | 7 | 6 | | 10 | | | 5 | 6,5 | | | | | | | | | | | | | | 8 | 8 | 9 | | | **79,5** |
| 6. | Íþr.f. Garpur | | | | 8 | | | | 10 | 7,5 | | 8 | 7 | 5 | 8 | 9 | 6 | | | | 9 | | | | | | | | | **77,5** |
| 7. | Umf. Hrunamanna | | 8 | 9 | | 4 | 8 | 7 | | 5 | 4 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | **45** |
| 8. | Umf. Hekla | | | 5 | | | | 4,5 | | | | | | 6 | 9 | | | | | | | | | | | | | | | **24,5** |
| 9. | Umf. Gnúpverja | | | | | | | | 7 | 5 | | | | | | | | | | | | | | 5 | | | | | | **17** |
| 9. | Umf. Biskupstungna | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 | 9 | | | | | | | | | | **17** |
| 11. | Umf. Hvöt | | | 3 | | | | 4 | | | 6,5 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | **13,5** |
| 12. | Íþr.f. Suðri | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 10 | | | | | | | | **10** |
| 13. | Íþr.f. Gnýr | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 9 | | | | | | | | **9** |
| 14. | Umf. Þór | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 | | | | | | **8** |



*Selið er mikið nýtt til ýmiskonar námskeiða og fundarhalda. Góð mæting var á leikreglunámskeið sem blaknefnd HSK stóð fyrir og haldið var í Selinu.*

## Félagsmiðstöðin Sel

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Helgi S. Haraldsson frá HSK formaður
Hjördís Leósdóttir frá KS gjaldkeri
Ingibjörg Stefánsdóttir frá SSK ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 27. febrúar 2024 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn til fundarhalda eða námskeiða.

Eins og alltaf er eitthvað sem þarf að lagfæra til að viðhalda húsinu, bæði innan sem utan. Keypt var ný uppþvottavél í eldhús og skipt um gler í þremur gluggum og fúi í tveimur gluggum lagaður. Einnig var endursamið um öryggiskerfi hússins og það uppfært. Þá var ljósleiðari lagður í öll herbergi og fundarsal. Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu, í ár var það í höndum Kvenfélags Hrunamanna.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess, samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlynningu á síðastliðnu ári.

**Helgi S. Haraldsson, formaður hússtjórnar**

## Árleg skil félaga á starfsskýrslu til ÍSÍ og UMFÍ

Öll Íþrótta- og ungmennafélög sem eru innan hreyfingarinnar þurfa að skila starfsskýrslu ÍSÍ og UMFÍ og í ár var skýrslunni í annað sinn skilað í nýju kerfi sem tók við af Felixkerfinu.

Samkvæmt 8. grein laga ÍSÍ þá þurfa allir sambandsaðilar ÍSÍ og félög innan þeirra vébanda að skila inn starfsskýrslu til ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Vegna lagfæringa á kerfinu var ekki opnað fyrir starfsskýrsluskil eininga innan ÍSÍ og UMFÍ fyrr en 18. mars 2024 og því var frestur til að skila framlengdur til 31. maí 2024.

Starfsskýrsluskil þurfa að innihalda upplýsingar um:

- iðkendur og félagsmenn
- innslegnar lykilupplýsingar úr ársreikningum
- núverandi stjórn og starfsfólk
- Síðan þarf að skila skoðuðum ársreikningi og núgildandi lögum í pdf. formi.

HSK hvetur félögin til að yfirfara félaga- og iðkendaskrár sínar vel svo upplýsingar séu réttar í skilakerfinu. Það er alltaf á ábyrgð hvers félags að yfirfara upplýsingarnar áður en þær eru lesnar inn og staðfesta réttan fjölda við skil.

Nánari upplýsingar varðandi starfsskýrsluskil veitir Elías Atlason, sérfræðingur hjá ÍSÍ. Netfangið hans er elias@isi.is og sími 514 4000.

## Íslenskar getraunir – ábyrgt fyrirtæki í eigu íþróttahreyfingarinnar

Íslenskar getraunir er fyrirtæki sem er í eigu íþróttahreyfingarinnar og er meginmarkmið fyrirtækisins að afla fjár sem rennur til starfsemi íþróttafélaganna um allt land. Á undanförnum árum hefur tekist vel til og hundruðir milljóna runnið til hreyfingarinnar frá Íslenskum getraunum.

Því miður er það svo að samkeppni frá erlendum ólöglegum veðmálasíðum hefur aukist verulega á undanförnum árum. Þessi ólöglega samkeppni gerir það að verkum að minna fé rennur til hreyfingarinnar en ella hefði orðið.

Samkeppnin er ekki bara ólögleg, hún er líka skaðleg. Erlendu ólöglegu fyrirtækin bjóða upp á bónusa, þar er engin hámarksupphæð, boðið er upp á neikvæð veðmál eins og gul og rauð spjöld, þau markaðssetja vöru sína grimmt fyrir ungu fólki og bjóða upp á leiki í yngri flokkum. Spilarar eru hvattir til að spila meira með því að bjóða þeim í VIP herbergi og VIP þjónustu o.s.frv. Ekkert af þessu er í boði hjá Íslenskum getraunum. Það er samkvæmt ákvörðun stjórnar Getrauna sem leggur áherslu á ábyrga spilun.

Staðreyndin er líka sú að samkvæmt niðurstöðum úr rannsóknum hér á landi eru bein marktæk tengsl við spilavanda og spilafíkn og spilunnar á erlendum ólöglegum veðmálasíðum. Þeir sem spila á erlendum veðmálasíðum eru 14 sinnum líklegri til að ánetjast spilavanda og spilafíkn heldur en þeir sem það gera ekki samkvæmt rannsókn Dr. Daníels Ólasonar prófessors við Háskóla Íslands sem kom út á árinu 2024. Engin marktæk tengsl eru til staðar við spilavanda eða spilafíkn við leiki Íslenskra getrauna.

Ísland er eina ríkið í Evrópu þar sem engin stjórn er á veðmálamarkaði og þeim reglum sem til staðar eru er ekki framfylgt. Öll ríki Evrópu framfylgja reglum um veðmálamarkaði. Það að framfylgja ekki þeim reglum sem til staðar eru er líka afstaða í sjálfu sér. Sú afstaða leiðir til stóraukinnar hættu á þróun spilavanda og spilafíknar, sér í lagi hjá ungum karlmönnum. Íþróttahreyfingin þarf að berjast fyrir breyttum áherslum stjórnvalda með lýðheilsu ungmenna í huga.

**Pétur Hrafn Sigurðsson**
**sviðsstjóri getraunasviðs.**

## Metár í lottóinu þrátt fyrir minni hlutdeild í lottópottinum

Heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2024 voru samtals 60.497.320 kr. og hafa aldrei verið meiri. Það má tíðindum sæta, þar sem hlutdeild HSK í lottótekjum frá ÍSÍ og UMFÍ drógust saman um 20% vegna nýrra úthlutunarreglna ÍSÍ og UMFÍ sem tóku gildi í júlí 2024.

Til samanburðar voru lottótekjur árið 2023 kr. 55.429.201, árið 2022 kr. 55.864.539, árið 2021 kr. 48.794.306, árið 2020 kr. 41.873.112, árið 2019 kr. 32.735.488, árið 2018 kr. 29.989.087, árið 2017 kr. 28.767.749, 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290 og árið 2014 kr. 23.017.220.

Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2024 var kr. 30.716.082 og frá UMFÍ kr. 29.781.238.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

***Skipting milli félaga og ráða:***

*A. 25% eftir fjölda mættra fulltrúa á HSK þingi.*

*B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgefnum iðkendatölum.*

*C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgefnum iðkendatölum.*

***Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:***

*a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.*

*b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.*

*c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.*

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.

## Ánægjuleg aukagreiðsla frá Íslenskri getspá

Stjórn Íslenskrar getspár samþykkti nokkru fyrir áramót 2024 að greiða eignaraðilum fyrirtækisins 500 milljónir króna í aukagreiðslu vegna góðrar afkomu.

Eigendur Íslenskrar getspár eru Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, sem á 46,67% hlut og fær í samræmi við það 233,3 milljónir króna, Ungmennafélag Íslands á 13,3% hlut í Íslenskri getspá og fær í samræmi við það rétt rúmar 66,6 milljónir króna og Öryrkjabandalag Íslands á 40% og fær 200 milljónir króna af aukagreiðslunni.

ÍSÍ og UMFÍ borguðu í desember sambandsaðilum sínum þeirra hlut í aukagreiðslunni, sbr. samþykktir hreyfinganna. Hlutur HSK í þessari aukaúthlutun var 6.046.709 kr. og sú upphæð var með í útreikningum lokagreiðslu ársins.

Aukagreiðslan sýnir vel að í hvert sinn sem spilað er í Lottói og leikjum Íslenskrar getspár þá styður viðkomandi við starf íþróttafélaga og við grasrótarstarf þeirra um allt land. Góður árangur Getspár verður til með virkri þátttöku landsmanna, en þátttaka í ólöglegum leikjum erlendra fyrirtækja skila hreyfingunni ekki neinu í kassann.

Ýmsar upplýsingar:

# Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

**1. gr.**
Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

**2. gr.**
Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

**3. gr.**
Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

**4. gr.**
Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.
Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagaskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

**5. gr.**
Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

**6. gr.**
Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.
Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörun.
Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfellingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

**7. gr.**
Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflega með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.
Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201 - 400 tvo fulltrúa, frá 401– 700 þrjá fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

**8. gr.**
Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kýs fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnanda. Héraðsþing kýs þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

**9. gr.**
Heimilt er stjórninni að kalla saman aukaþing ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukaþing skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gilti á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukaþings skal boðað bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.
Á aukaþingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

**10. gr.**
Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélög sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

**11. gr.**
Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttagrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.
Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. - 29. grein laga ÍSÍ.

**12. gr.**
Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykkir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

**13. gr.**
Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.
Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

**14. gr.**
Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiðast af viðkomandi félögum.

**15. gr.**
Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

**16. gr.**
Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

**17. gr.**
Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

*(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)*

# Aðildarfélögin og formenn félaga um áramót 2024

| | | |
|---|---|---|
| **Akstursíþróttafélög:** | | |
| Akstursíþróttafélag Hreppakappa | Sigurjón Snær Jónsson | Berghyl, Hrunamannahreppi |
| Torfæruklúbburinn | Sigurður Ingi Sigurðsson | Hamarskoti, Flóahreppi |
| **Golfklúbbar:** | | |
| Golfklúbbur Ásatúns | Sigurjón Harðarson | Rjúpnasölum 14, Kópavogi |
| Golfklúbburinn Dalbúi | Gísli B. Ívarsson | Dyngjugötu 1, Garðabæ |
| Golfklúbburinn Flúðir | Árni Tómasson | Hraunbraut 20, Kópavogi |
| Golfklúbburinn Geysir | Pálmi Hlöðversson | Breiðvangi 5, Hafnarfirði |
| Golfklúbbur Hellu | Heimir Hafsteinsson | Freyvangi 14, Hellu |
| Golfklúbbur Hveragerðis | Vignir Demusson | Hjallabrún 17, Hveragerði |
| Golfklúbbur Kiðjabergs | Guðmundur K Ásgeirsson | Baugakór 6, Kópavogi |
| Golfklúbbur Selfoss | Páll Sveinsson | Álftarima 14, Selfossi |
| Golfklúbburinn Tuddi | Bjarni Magnússon | Móbergi 2, Hafnarfirði |
| Golfklúbburinn Úthlíð | Sveinn Eyland Garðarsson | Jónsgeisla 3, Reykjavík |
| Golfklúbbur Þorlákshafnar | Magnús Ingvason | Stórholti 27, Reykjavík |
| Golfklúbburinn Þverá | Ragnar Arnþórsson | Hörðukór 3, Kópavogi |
| Golfklúbbur Öndverðarness | Guðmundur Pálmason | Sogavegi 222, Reykjavík |
| **Hestamannafélög:** | | |
| Hestamannafélagið Geysir | Eiríkur Vilhelm Sigurðarson | Árbæjarhjáleigu, Holtum |
| Hestamannafélagið Háfeti | Stefán Jónsson | Selvogsbraut 7, Þorlákshöfn |
| Hestamannafélagið Jökull | Bragi Viðar Gunnarsson | Túnsbergi 2, Hrunamannahr. |
| Hestamannafélagið Ljúfur | Ragnhildur Gísladóttir | Dynskógum 26, Hveragerði |
| Hestamannafélagið Sleipnir | Berglind Sveinsdóttir | Dranghólum 35, Selfossi |
| **Íþróttafélög:** | | |
| Íþróttafélagið Dímon | Sigurður Kristján Jensson | Öldugerði 11, Hvolsvelli |
| Íþróttafélagið Garpur | Steindór Tómasson | Kambi, Holtum |
| Íþróttafélagið Gnýr | María K. Jacobsen | Undirhlíð 1, Sólheimum |
| Íþróttafélagið Hamar | Þorsteinn T. Ragnarsson | Valsheiði 26, Hveragerði |
| Íþróttafélagið Mílan | Einar Sindri Ólafsson | Smáratúni 6, Selfossi |
| Íþróttafélagið Mímir | Ásdís Helga Magnúsdóttir | Heimavist ML, Laugarvatni |
| Íþróttafélagið Suðri | Ófeigur Á. Leifsson | Gauksrima 10, Selfossi |
| Íþróttafélag Uppsveita | Sólmundur M. Sigurðarson | Austurhlíð 3, Biskupstungum |
| **Judofélag:** | | |
| Judofélag Suðurlands | Garðar Skaptason | Starengi 13, Selfossi |
| **Knattspyrnufélög:** | | |
| Knattspyrnufélag Árborgar | Árni Páll Hafþórsson | Kleppsvegi 144, Reykjavík |
| Knattspyrnufélag Rangæinga | Tinna Erlingsdóttir | Gilsbakka 31, Hvolsvelli |
| Knattspyrnufélagið Ægir | Guðbjartur Örn Einarsson | Finnsbúð 10, Þorlákshöfn |
| **Körfuknattleiksfélag:** | | |
| Körfuknattleiksfélag Selfoss | Guðbjörg Bergsveinsdóttir | Nauthólum 20, Selfossi |
| **Skotíþróttafélög:** | | |
| Skotíþróttafélag Suðurlands | Gunnar Egilsson | Lóurima 12, Selfossi |
| Skotíþróttafélagið Skyttur | Magnús Ragnarsson | Strandvegi 8, Vík |
| **Ungmennafélög:** | | |
| Umf. Biskupstungna | Kristín Ísabella Karlsdóttir | Kistuholti 19, Biskupstungum |
| Umf. Dagsbrún | Albert Rútsson | Skíðbakka 1, Landeyjum |
| Umf. Eyfellingur | Ármann Fannar Magnússon | Hrútafelli, Eyjafjöllum |
| Umf. Eyrarbakka | Pétur Logi Pétursson | Háeyrarvöllum 14, Eyrarbakka |
| Umf. Framtíðin | Karen Eva Sigurðardóttir | Gerði, Þykkvabæ |
| Umf. Gnúpverja | Magnea Guðmunsdóttir | Þrándarlundi, Skeiða-Gnúpv. |
| Umf. Hekla | Ástþór Jón Ragnheiðarson | Fossöldu 4, Hellu |
| Umf. Hrunamanna | Jóhanna Bríet Helgadóttir | Hrafnkelsstöðum 1, Hrunamannahr. |
| Umf. Hvöt | Guðrún Ása Kristleifsdóttir | Hraunbraut 12, Borg í Grímsnesi |
| Umf. Ingólfur | Þröstur Guðnason | Lækjarbraut 9, Rauðalæk |
| Umf. Laugdæla | Smári Stefánsson | Traustatúni 1, Laugarvatni |
| Umf. Merkihvoll | Sigurður Einar Guðmundsson | Helli, Landsveit |
| Umf. Selfoss | Helgi S. Haraldsson | Engjavegi 45, Selfossi |
| Umf. Skeiðamanna | Viktoría Rós Guðmundsdóttir | Holtabraut 20, Skeiða- Gnúpv. |
| Umf. Stokkseyrar | Ingi Þór Jónsson | Íragerði 6, Stokkseyri |
| Umf. Trausti | Bjarki Freyr Sigurjónsson | Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum |
| Umf. Þjótandi | Guðmunda Bríet Steindórsdóttir | Hrygg 2, Flóahreppi |
| Umf. Þór | Hjörtur Sigurður Ragnarsson | Heinabergi 7, Þorlákshöfn |
| Umf. Þórsmörk | Árni Sigurpálsson | Neðri-Þverá, Fljótshlíð |

# Gull og silfurmerki HSK

*Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 18 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og 16 hafa fengið silfurmerki sambandsins.*

**Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:**

| | | |
|---|---|---|
| Hafsteinn Þorvaldsson | Selfossi | 2010 |
| Jóhannes Sigmundsson | Syðra-Langholti | 2010 |
| Karl Gunnlaugsson | Varmalæk | 2010 |
| Valgerður Auðunsdóttir | Húsatóftum | 2010 |
| Jón M. Ívarsson | Frá Vorsabæjarhóli | 2010 |
| Guðmundur Kr. Jónsson | Selfossi | 2011 |
| Haraldur Júlíusson | Frá Akurey | 2012 |
| Lísa Thomsen | Búrfelli | 2012 |
| Þorgeir Vigfússon | Efri-Brúnavöllum | 2012 |
| Markús Ívarsson | Vorsabæjarhóli | 2013 |
| Þórir Haraldsson | Selfossi | 2014 |
| Kjartan Lárusson | Feney | 2015 |
| Svanur Ingvarsson | Selfossi | 2016 |
| Jón Jónsson | Hellu | 2017 |
| Árni Þorgilsson | Hvolsvelli | 2018 |
| Guðni Guðmundsson | Þverlæk | 2019 |
| Aðalsteinn Sveinsson | Kolsholti | 2022 |
| Þröstur Guðnason | Lækjarbraut 9, Rauðal. | 2023 |

| **Samtals** | **2.573.122** | **2.898.780** | **2.940.714** | **2.337.097** | **3.692.935** | **3.853.454** | **3.572.634** | **2.879.224** | **5.103.660** | **3.697.713** | **33.549.333** |

# Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ, úthlutaði 3.400.000 kr. til sex verkefna á árinu 2024. Tvö verkefni innan HSK hlutu 100 þúsund króna styrk. Annars vegar Golfklúbbur Hveragerðis til almennar fegrunar á golfvellinum og hins vegar Hestamannafélagið Ljúfur til fegrunar og endurbóta á keppnisvelli.



*Gufudalsvöllur í Hveragerði er annálaður fyrir snyrtimennsku og einstakt umhverfi.*


UMFÍ
LANDSMÓT
UMFÍ 50+
ÓLAFSFIRÐI & SIGLUFIRÐI
27.-29. JÚNÍ 2025
UÍF
Fjallabyggð
ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS


UMFÍ
UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ
EGILSSTÖÐUM
31. JÚLÍ – 3. ÁGÚST
2025
ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

## Nefndir skipaðar af stjórn:

### Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndaskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Guðrún Tryggvadóttir, formaður, Umf. Selfoss, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Gestur Einarsson, formaður, varastjórn HSK, Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss, Jón Þröstur Jóhannesson, stjórn HSK og Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna.

Á héraðsþingi 2024 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og hér aftar í skýrslunni er greint frá nefndaskipan 2024.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

### Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Frá árinu 2007 hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Á héraðsþingi HSK árið 2018 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og hefur nefndin síðan þá haft það hlutverk að velja íþróttakonu HSK og íþróttakarl HSK.

Fundur í valnefndinni var haldinn 10. mars 2025 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu: Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss og Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason varastjórn HSK.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvísu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

**Val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK 2024**

Fimmtán konur voru tilnefndar til kjörs á íþróttakonu HSK og 16 karlar voru tilnefndir í kjöri á íþróttakarli HSK.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið íþróttakona HSK árið 2024 hlyti handboltakonan Perla Ruth Albertsdóttir úr Umf. Selfoss og sæmdarheitið íþróttakarl HSK árið 2024 hlyti skotmaðurinn Hákon Þór Svavarsson, Skotíþróttafélagi Suðurlands.

### Unglingalandsmótsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Helga Kolbeinsdóttir, Umf. Gnúpverja, formaður, Heiða Pálrún Leifsdóttir, Umf. Biskupstungna, Anný Ingimarsdóttir, Umf. Þjótanda, Marínó Fannar Garðarsson, Umf. Gnúpverja og Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Umf. Hvöt. Þá starfaði Guðrún Tryggvadóttir, sumarstarfsmaður HSK og fyrrverandi formaður nefndarinnar, að undirbúningi með nefndinni fyrir mót.

Alls tóku 130 keppendur af sambandssvæði HSK þátt í keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024. Keppendur HSK tóku þátt í öllum 18 keppnisgreinum mótsins og unnu til verðlauna í þeim öllum sem er frábær árangur. Hér er getið um Unglingalandsmótsmeistara af sambandssvæðinu.

Það var glæsilegur HSK hópurinn sem gekk inn á völlinn á setningarhátíð mótsins, en allir keppendur sambandsins fengu að gjöf bláa HSK treyju merkta HSK og Arionbanka. Bankinn er aðalstyrktaraðili HSK og samstarfið ein aðalforsenda þess að hægt sé að afhenda treyjuna endurgjaldslaust.



*Allir keppendur HSK á Unglingalandsmótinu fengu treyju að gjöf frá HSK, merkta sambandinu og Arionbanka.*

Á keppendatjaldsvæðinu tjölduðu keppendur HSK og fjölskyldur þeirra. Aðstæður á tjaldsvæðinu voru ekki góðar sökum votviðris og bleytu dagana á undan og var því HSK tjaldinu ekki tjaldað og HSK fólk dreifðist um svæðið og allir reyndu að gera það besta úr aðstæðum.

Fjölmennum á ULM á Egilsstöðum í sumar,

**Helga Kolbeinsdóttir**

**Unglingalandsmótsmeistarar HSK:**

**Bogfimi**

Þórir Haukur Einarsson sigraði í bogfimi í flokki 11-14 ára.

**Borðtennis**

Bergþóra Hauksdóttir vann gullið í flokki 11-14 ára flokki stúlkna og Jón Arnar Ólafsson vann gullið í sama aldursflokki hjá strákunum.

**Frjálsar íþróttir**

Andri Már Óskarsson varð unglingalandsmótsmeistari í langstökki í flokki 11 ára stráka og Hilmir Dreki Guðmundsson vann kúluvarp í sama aldursflokki. Andri og Hilmar voru svo í sigursveitinni í 4x100 metra boðhlaupi pilta.

Magnús Tryggvi Birgisson varð meistari í kringlukasti í flokki 13 ára pilta á nýju mótsmeti, kastaði 36,43 metra. Ásta Kristín Ólafsdóttir kastaði spjótinu lengst allra í flokki 13 ára stúlkna.

Anna Metta Óskarsdóttir var sigursæl í 14 ára flokki stúlkna, en hún vann sex greinar, eða 100 metra hlaup, 800 metra hlaup, hástökk, langstökk, kringlukast og hún var í sigursveitinni í 4x100 metra boðhlaupi með Öddu Sóley Sæland og tveimur öðrum stelpum utan héraðs. Adda Sóley vann spjótkastið í þessum sama flokki.

Helga Fjóla Erlendsdóttir vann 100 metra hlaup og langstökk í flokki 15 ára. Arndís Eva Vigfúsdóttir vann kúluvarpið og Bryndís Embla Einarsdóttir kastaði spjótinu lengst í sama aldursflokki.

Helga Fjóla og Arndís Eva unnu auk þess 4x100 boðhlaup í 16-17 ára flokki ásamt Hugrúnu Birnu Hjaltadóttur og einum keppanda utan héraðs. Arna Hrönn Grétarsdóttir vann hástökkið í þessum flokki.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð fjórfaldur meistari í flokki 16-17 ára pilta, en hann vann kúluvarp, kringlukast og spjótkast og var í sigursveitinni í 4x100 metra boðhlaupi. Helgi Reynisson, Ívar Ylur Birkisson og Vésteinn Loftsson voru líka í sigursveitinni.

Daníel Breki Elvarsson var meistari í spjótkasti í flokki 18 ára pilta.

**Golf**

Freyja Ósk Ásgeirsdóttir vann titil í flokki 14-15 ára í golfi.

**Grashandbolti**

Í flokki 13 – 14 ára stúlkna var það liðið Argentína sem sigraði og þær komu frá HSK og heita Andrea Líf Gylfadóttir, Bára Ingibjörg Leifsdóttir, Sara Rún Auðunsdóttir og Þórey Mjöll Guðmundsdóttir.

**Hjólreiðar**

Ronja Sif Magnúsdóttir vann hjólreiðakeppni stúlkna í flokki 11 -14 ára.

**Knattspyrna**

Í fótboltanum mættu félagar af sambandssvæðinu með lið sem þeir kölluðu Diddarnir, en þeir hafa keppt saman á Unglingalandsmóti mörg undanfarin ár. Þeir félagar urðu landsmótsmeistarar í flokki 15-16 ára. Liðið skipuðu þeir Björgvin Hermannsson, Gestur Helgi Snorrason, Gunnar Hrafn Birgisson, Jón Tryggvi Sverrisson, Kristján Breki Jóhannsson, Marteinn Maríus Marinósson, Sigmar Símonarson og Vésteinn Loftsson.

Í flokki 13-14 ára stúlkna mætti lið sem kallaði sig Hvolpasveitin, en liðið var skipað fótboltastelpum af sambandssvæðinu og þær urðu landsmótsmeistarar. Í liðinu voru Anika Líf Sævarsdóttir, Ásdís Erla Helgadóttir, Ásdís Inga Theodórsdóttir, Brynja Sigurþórsdóttir, Diljá Dögg Smáradóttir, Elma Sóley Einarsdóttir, Emilía Rún Óskarsdóttir, Guðmunda Ástmundsdóttir, Rakel Lind Árnadóttir, Rannveig Helga Kjartansdóttir og Rán Ægisdóttir.

**Kökuskreytingar**

Í liðakeppni í kökuskreytingum í flokki 13-14 ára urðu þær Rán Ægisdóttir og Rakel Lind Árnadóttir Unglingalandsmótsmeistarar. Ásdís Eva Magnúsdóttir náði bestum árangri í kökuskreytingum 15-18 ára.

**Skák**

Sigurður Emil Pálsson sigraði í opnum flokki 11-18 ára í skák.

**Sund**

Arnór Karlsson vann 50 metra baksund, 50 metra flugsund og 100 metra skriðsund í flokki 15-16 ára pilta.

**Upplestur**

Halldór Steinar Benjamínsson vann upplesturinn í flokki 13-14 ára.

Hér er ekki getið um þá fjölmörgu sem unnu silfur og brons í ofantöldum greinum. Keppendur frá HSK unnu að auki til verðlauna öllum öðrum greinum mótsins sem voru badminton, glíma, grasblak, hestaíþróttir, körfuknattleikur, pílukast og stafsetning.

# Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2024

Yfirlit um skipan nefnda sem kosnar voru á héraðsþingi HSK 2024 og stjórnir sérráða HSK sem kosnar voru á aðalfundum ráðanna.

**Almenningsíþróttanefnd**
Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss
Aðalsteinn Geirsson, Umf. Hvöt
Varamaður: Vigfús Eyjólfsson, Umf. Selfoss

**Badmintonnefnd**
Formaður: Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Hrund Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Ólafur Dór Steindórsson, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon

**Blaknefnd**
Formaður: Haraldur Örn Björnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Guðný H. Indriðadóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Hrund Pálsdóttir, Umf. Hrunamanna
Varamaður: Árni Benónýsson, Umf. Laugdæla

**Borðtennisnefnd**
Formaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Bæring J. Guðmundsson, Íþróttafélaginu Garpi
Varamaður: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla

**Briddsnefnd**
Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi
Kristján Hálfdanarson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

**Fimleikanefnd**
Formaður: Ingibjörg Garðarsdóttir, Umf. Selfoss
Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, Umf. Selfoss
Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ásdís Birta Auðunsdóttir, Umf. Þór

**Stjórn Frjálsíþróttaráðs**
Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda,
Eyrún María Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss
Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss
Tinna Björnsdóttir, Umf. Selfoss

**Stjórn Glímuráðs**
Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda
Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla
Ritari/varaf.: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Varamenn: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda
Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda

**Golfnefnd**
Formaður: Einar Lyng Hjaltason, Golfklúbbi Hveragerðis
Einar Tryggvason, Golfklúbbnum Geysi
Bjarni Jóhansson, Golfklúbbi Hellu
Varamaður: Hjördís Björnsdóttir, Golfklúbbnum Úthlíð

**Handknattleiksnefnd**
Formaður: Einar Sindri Ólafsson, ÍF Mílan
Hjörtur Leó Ólafsson, ÍF Mílan
Anton Ingi Arnarson, Umf. Selfoss
Varamaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss

**Hestaíþróttanefnd**
Formaður: Bragi Viðar Gunnarsson, Hestamannafélaginu Jökli
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hestamannafélaginu Geysi
Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi

**Íþróttanefnd eldri félagsmanna**
Formaður: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss
Markús Ívarsson, Umf. Þjótanda
Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Ásberg Lárentzínusson, Umf. Þór

**Íþróttanefnd fatlaðra**
Formaður: Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
María K. Jacobsen, Íþróttafélaginu Gný
Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný
Varamaður: Ófeigur Ágúst Leifsson, Íþróttafélaginu Suðra

**Knattspyrnunefnd**
Formaður: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja
Sigurður Sigurðsson, Knattspyrnufélagi Árborgar
Gústaf Sæland Skúlason, Íþróttafélagi Uppsveita
Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri

**Körfuknattleiksnefnd**
Formaður: Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna
Jóhanna M. Hjartardóttir, Umf. Þór
Aníta Ólöf Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Varamaður: Bjarni Bjarnason, Umf. Laugdæla

**Skáknefnd**
Formaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss
Björgvin Helgason, Umf. Heklu
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja

**Starfsíþróttanefnd**
Formaður: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Kolbrún Júlíusdóttir, Umf. Þjótanda
Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

**Sundnefnd**
Formaður: Guðmundur Pálsson Umf. Selfoss
Laufey Sif Lárusdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Anna Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Selfoss
Varamaður: Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, Umf. Selfoss

**Sögu- og minjanefnd**
Formaður: Kjartan Lárusson, Umf. Laugdæla
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda
Varamaður: Einar Magnússon, Hestamannafélaginu Geysi

# Yfirlit um störf nefnda og ráða HSK:

*Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framar í ársskýrslunni á bls. 12-13.*

## Almenningsíþróttanefnd

Hið árlega Bláskógaskokk HSK fór fram þann 16. júní 2024. Líkt og undanfarin ár var hægt að velja tvær vegalengdir og í boði voru fimm og tíu mílur. 109 keppendur tóku þátt í hlaupinu í ár.

Guðni Páll Pálsson vann 10 mílna hlaup karla á tímanum 63,54 mín. og Sonja Sif Jóhannsdóttir vann í kvennaflokki á tímanum 77,18 mín. Þau fengu sérverðlaun frá versluninni Fætur toga, sem frjálsíþróttakonan Fjóla Signý Hannesdóttir á og rekur.

Sigursveinn Sigurðsson frá Frískum Flóamönnum kom fyrstur í mark í fimm mílna hlaupi karla á 29;58 mín. Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir vann í kvennaflokki á 41;54 mín. Þau fengu einnig sérverðlaun frá versluninni Fætur toga.

HSK þakkar versluninni Fætur toga, Fontana á Laugarvatni og MS fyrir stuðninginn við hlaupið. Þess má geta að fjöldi erlendra þátttakenda frá Bandaríkjunum tók þátt í hlaupinu í ár.

Heildarúrslit hlaupsins eru á www.timataka.net.




*Guðni Páll Pálsson vann Bláskógaskokkið í ár.*

## Badmintonnefnd

Nefndin hélt eitt mót á árinu, Unglingamót HSK, sem haldið var í Hveragerði laugardaginn 20. apríl frá klukkan 9:00-12:30. Alls tóku 20 keppendur þátt í mótinu, sextán frá Hamri og fjórir frá Dímon. Það var mikil og góð stemmning á mótinu enda langt síðan að HSK mót var haldið í badminton.

Íþróttafélagið Hamar endaði sem sigurvegari í stigakeppni mótsins með 75 stig og fékk Dímon 9 stig. Hamar fékk því afhentan nýjan farandbikar í lok mótsins sem Orkan í Hveragerði er gefandi að.

Úrslit mótsins má sjá á www.hsk.is.

## Blaknefnd

Blaknefnd HSK hélt héraðsmót fyrir karla, konur og unglinga á árinu og hraðmót fyrir karla og konur. Von okkar var að ná að halda einnig hraðmót unglinga en því miður náðist það ekki. Aftur á móti fengum við tvö aukalið inn á héraðsmót karla. Einnig var haldið leikreglunámskeið á vegum nefndarinnar í Selinu en 20 blak konur mættu til leiks og fengu kennslu frá Sævari Má dómara.

Hjá unglingum mættu lið frá Dímon, Garpi, Laugdælum og Hamri síðastliðið vor og urðu Dímon HSK meistarar í bæði stúlkna og drengjaflokki. Voru fimm lið í bæði stúlknaflokki og drengjaflokki.

Dímon Hekla A varð HSK meistari kvenna árið 2024 með níu stig, Hrunakonur urðu í öðru með sex stig og Dímon Hekla B enduðu í þriðja sæti með tvö stig í úrslitariðlinum. Hraðmót kvenna fór svo fram 30. september á Hvolsvelli og urðu úrslit þannig:

| | Sæti | Sigrar |
|---|---|---|
| Laugdælur A | 1 | 6 |
| Dímon/Hekla B | 2 | 5 |
| Dímon/Hekla A | 3 | 4 |
| Hrunakonur | 4 | 3 |
| Dímon / Hekla C | 5 | 2 |
| Laugdælur B | 6 | 1 |
| Hvöt | 7 | 0 |

Vöxtur heldur áfram í kvennastarfinu en það eru 10 lið sem taka þátt í héraðsmóti HSK veturinn 2024 til 2025 en Mímir og Hrunakonur B bættust við þau félög sem taka þátt.

Karlamegin voru þrjú lið sem tóku þátt í HSK mótum síðasta vetrar en þennan veturinn bættust við lið unglinga frá Hamri og lið Mímis skipað nemendum frá ML. Hamar urðu meistarar árið 2024 með átta unnar hrinur, Laugdælir í öðru sæti með fimm og Hrunamenn með þrjár unnar hrinur.

Þennan veturinn byrjuðu karlarnir að vanda á hraðmóti þar sem úrslit urðu þannig:

1. sæti Hamar 3-1
2. sæti UMFL 2-2
3. sæti UMFH 1-3

Sömu lið auk Hamars B og Mími takast á í héraðsmóti HSK veturinn 2024 til 2025 en eftir fyrri umferð er mjög jöfn keppni í efri hlutanum þar sem Hrunamenn hafa unnið þrjár hrinur, Laugdælir fjórar og Hamar fjórar hrinur.

**Fyrir hönd blaknefndar HSK,**
**Haraldur Örn Björnsson, formaður**

## Borðtennisnefnd

HSK-mótið í borðtennis var haldið þann 25. apríl 2024 í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Mótið hefur verið haldið nær árlega frá árinu 1975. Alls tóku 77 keppendur frá fjórum félögum þátt og var hörkukeppni í öllum flokkum. Keppendur stóðu sig einstaklega vel og var mótið vel heppnað í alla staði. Keppt var um HSK meistaratitil í 12 flokkum. Garpur vann stigakeppni félaga með 96,5 stig og fjóra HSK titla. Þetta er í annað sinn í sögu keppninnar sem Garpur vinnur, en félagið vann einnig árið 2002. Dímon, sem hefur unnið stigakeppni mótsins í 20 skipti í röð frá árinu 2003, varð í öðru sæti með 74,5 stig og fjóra HSK titla, Selfyssingar urðu í þriðja með 50 stig og fjóra HSK titla og Gnúpverjar fengu 6 stig.

Stigakeppni félaga:

| | |
|---|---|
| 1. Íþr.f. Garpur | 96,5 |
| 2. Íþr.f. Dímon | 74,5 |
| 3. Umf. Selfoss | 50 |
| 4. Umf. Gnúpverja | 6 |

## Briddsnefnd

**HSK tvímenningurinn**

HSK tvímenningurinn í bridds fór fram í Karlakórssalnum á Selfossi 4. janúar 2024 og tóku 16 pör þátt í mótinu.

Eftir skemmtilega keppni stóðu uppi sem sigurvegarar þeir Kristján Már Gunnarsson og Björn Snorrason með 61,79% skor, Gunnar B. Helgason og Hrannar Erlingsson urðu í öðru sæti með 56,43% og Eyþór Jónsson og Anna S. Karlsdóttir tryggðu sér bronsið með 55,36%.

**HSK mótið í sveitakeppni**

HSK mótið í sveitakeppni í bridds var haldið á Flúðum í lok september og mættu sex sveitir til leiks.

Það var sveit TM sveit sem sigraði með 71,24 stig. Í sigursveitinni voru Kristján Már Gunnarsson, Runólfur Jónsson, Björn Snorrason og Guðmundur Gunnarsson. Íslenskur landbúnaður varð í öðru sæti með 69,74 stig og sveitina skipuðu Höskuldur Gunnarsson, Pálmi Kristinsson, Brynjólfur Gestsson og Helgi Hermannsson. Í þriðja sæti var svo sveit Garðars Garðarssonar, en með honum í sveit voru þeir Björn Dúason, Ólafur Steinason og Matthías Imsland.

## Frjálsíþróttaráð

Stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir Umf. Þjótanda. Meðstjórnendur: Eyrún María Guðmundsdóttir íþrf. Dímon, Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss, Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss og Tinna Ósk Björnsdóttir Umf. Selfoss. Aðalfundur ráðsins var haldinn 22. apríl 2024. Stjórn ráðsins hélst óbreytt frá síðasta ári.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/Selfoss á meistaramótum og sigruðum við þrjú mót á þessu ári, þar á meðal bæði meistaramót unglinga enda gríðarlega sterkur hópur á þeim aldri.

Hér eru úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

**MÍ 11-14 ára innanhúss**
4. sæti — 3 Íslandsmeistaratitlar

**MÍ unglinga innanhúss**
1. sæti — 19 Íslandsmeistaratitlar

**MÍ aðalhluti innanhúss**
8. sæti — 0 Íslandsmeistaratitlar

**Bikarkeppni innanhúss**
5. sæti — 0 Bikarmeistaratitlar

**Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss**
5. sæti — 3 Bikarmeistaratitlar

**MÍ 11-14 ára utanhúss**
1. sæti — 15 Íslandsmeistaratitlar

**MÍ unglinga utanhúss**
1. sæti — 26 Íslandsmeistaratitlar

**MÍ aðalhluti utanhúss**
8. sæti — 0 Íslandsmeistaratitlar

**Bikarkeppni fullorðinna utanhúss**
3. sæti — 1 Bikarmeistaratitill

**Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss**
4. sæti — 5 bikarmeistaratitlar

HSK á 9 ungmenni í Unglingalandsliðshóp FRÍ sem áður hét Úrvalshópur FRÍ og er það lítilleg fækkun frá síðasta ári þar sem við áttum 12 fulltrúa. Flest ungmennin hafa náð lágmörkum í fleiri en einni grein og sá sem flestum lágmörkum hefur náð er með lágmörk í níu greinum svo það má segja að um fjölhæfan hóp sé að ræða. Fulltrúar HSK í hópnum

eru: Anna Metta Óskarsdóttir Umf. Selfoss fyrir 300m hlaup, hástökk, langstökk og þrístökk, Arndís Eva Vigfúsdóttir Umf. Selfoss fyrir kúluvarp og kringlukast, Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss fyrir kúluvarp, spjótkast, kringlukast og sleggjukast, Daníel Breki Elvarsson Umf. Selfoss fyrir spjótkast, Helga Fjóla Erlendsdóttir Íþrf. Garpi fyrir 200m hlaup, 80m grind, hástökk, langstökk, þrístökk og sleggjukast, Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Umf. Selfoss fyrir 60m hlaup, 100m hlaup, 200m hlaup, hástökk, þrístökk, kúluvarp, kringlukast, spjótkast og tugþraut, Ívar Ylur Birkisson Íþrf. Dímon fyrir 60m hlaup, 200m hlaup, 60m grind, 110m grind, 400m grind og kúluvarp, Vésteinn Loftsson Umf. Selfoss fyrir kringlukast og Þorvaldur Gauti Hafsteinsson fyrir 800m hlaup.

Frjálsíþróttamaður HSK 2024 var valinn af frjálsíþróttaráði Hjálmar Vilhelm Rúnarsson. Hann var valinn í unglingalandslið Íslands í níu greinum og sýnir það vel fjölhæfni hans. Hann var valinn fyrir hönd Íslands til að keppa á Norðurlandamótinu í fjölþrautum í flokki 17 ára og yngri þar sem hann endaði í 5. sæti en varð efstur af sínum jafnöldrum (16 ára). Hann vann til tveggja bronsverðlauna og silfurverðlauna á Bikarkeppni FRÍ í fullorðinsflokki þrátt fyrir ungan aldur. Á Gautaborgarleikunum sem er sterkt alþjóðlegt mót vann hann til bronsverðlauna í spjótkasti í sínum aldursflokki ásamt því að lenda í 4. sæti í þrístökki og 100m hlaupi og 5. sæti í kúluvarpi. Á Unglingalandsmóti UMFÍ varð hann fjórfaldur landsmótsmeistari. Hann varð áttfaldur Íslandsmeistari á árinu í sínum aldursflokki og hlaut fimm silfurverðlaun. Hjálmar Vilhelm sló fimm HSK met á árinu 2024 í sínum aldursflokki.

Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss er frjálsíþróttakona HSK 2024. Hún er eitt mesta kastaraefni landsins. Hún kastaði lengst allra 15 ára stúlkna í heiminum með 600gr. spjóti á árinu. Hún var 15. best í Evrópu hjá öllum stúlkum 17 ára og yngri þrátt fyrir að vera einungis 15 ára gömul. Hún setti þrjú Íslandsmet í spjótkasti í flokki 15 ára stúlkna, með 400gr., 500gr. og 600gr. spjóti og hún sló einnig Íslandsmetið í kringlukasti(750gr.) í sínum aldursflokki. Þrátt fyrir ungan aldur setti hún einnig Selfossmet í spjótkasti (600gr.) í kvennaflokki og er hún í 12. sæti í spjótkasti kvenna á Íslandi frá upphafi sem er stórkostlegur árangur hjá 15 ára stúlku.

Hún er í öðru sæti í kvennaflokki á árinu 2024 í spjótkasti. Hún er í unglingalandsliði Íslands í öllum fjórum kastgreinunum og sýnir það fjölhæfni hennar. Á Gautaborgarleikunum sem er sterkt alþjóðlegt mót náði Bryndís Embla þeim frábæra árangri að vinna til gullverðlauna í kúluvarpi og silfurverðlauna í spjótkasti (400gr) í flokki 15 ára auk þess sem hún lenti í 4. sæti í kringlukasti á nýju Íslandsmeti. Hún vann til silfurverðlauna í spjótkasti bæði í Bikarkeppni FRÍ og MÍ fullorðins. Í sínum aldursflokki rakaði hún til sín verðlaunum á árinu. Hún varð fjórfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki og tvöfaldur Bikarmeistari. Bryndís Embla vann það einstaka afrek að slá 30 HSK met á árinu í aldursflokkum frá 15 ára upp í 20 - 22 ára og sýnir það vel hversu öflug hún er.

Líkt og undanfarin ár voru metaskrár HSK í frjálsíþróttum uppfærðar í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss.

220 HSK met voru sett á síðasta ári, 83 met voru sett innanhúss og 137 utanhúss. Metin voru óvenjumörg og talsvert fleiri en undanfarin ár, en t.a.m. voru 157 HSK met sett árið 2023.

Keppendur 11 – 22 ára settu 96 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu fjögur met, keppendur í flokkum 30 ára og eldri settu 115 met og keppendur í fötlunarflokkum settu fimm met. 40 þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki.

Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss, keppandi í 15 ára flokki setti flest met í yngri aldursflokkum og upp í fullorðinsflokk, en hún setti 30 HSK met á árinu í fjórum flokkum og voru níu þeirra jafnframt Íslandsmet. Helga Fjóla Erlendsdóttir úr Garpi, einnig keppandi í 15 ára flokki, setti 21 HSK met í fimm aldursflokkum og eitt þeirra var landsmet. Næst kom svo Andri Már Óskarsson, 11 ára keppandi úr Umf. Selfoss, en hann setti samtals 14 HSK met í fjórum aldursflokkum og systir hans Anna Metta Óskarsdóttir keppandi Selfoss í 14 ára flokki kom þar á eftir með átta HSK met í fjórum flokkum. Bæði settu þau eitt landsmet á liðnu ári. Í flokkum fatlaðra setti Sigurjón Ægir Ólafsson úr Suðra fimm HSK met.



*Lið HSK í bikarkeppni FRÍ innanhúss 2024.*

Í aldursflokkum 30 ára og eldri setti Ólafur Guðmundsson Selfossi samtals 53 HSK met á árinu. Fyrri hluta árs var það í flokki 50-54 ára, síðan í flokki 55-59 ára, en í eldri aldursflokkum gildir afmælisdagur keppenda. Árný Heiðarsdóttir sem lengst af hefur keppt fyrir Óðinn í Vestmannaeyjum, en gekk til liðs við Selfoss á árinu, setti 26 HSK met í flokki 65 – 69 ára. Fjórtán þessara meta voru einnig landsmet. Ágústa Tryggvadóttir Selfossi kom næst með 12 HSK met í flokki 40 – 44 ára og sjö þeirra voru einnig landsmet.

Fjálsíþróttaráð stóð fyrir skemmtikvöldi fyrir 11-14 ára í nóvember. Hópur krakka af öllu sambandssvæðinu hittist í Hvolnum á Hvolsvelli um miðjan dag á sunnudegi. Dagskráin hófst með leikjum, síðan var sundlaugapartí og endað á pulsuveislu í boði SS á Hvolsvelli. Kvöldið var mjög vel heppnað og skemmtilegt fyrir krakkana að hittast og gera eitthvað saman til að efla andann utan vallar. Rangárþing eystra fær sérstakar þakkir fyrir að lána ráðinu aðstöðuna á Hvolsvelli.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 12 mótum á árinu. HSK var úthlutað framkvæmd MÍ 15-22 ára sem fór fram dagana 21.-23. júní á Selfossvelli. Skipuð var framkvæmdanefnd fyrir mótið og í henni sátu: Guðmunda Ólafsdóttir, Guðmundur Finnbogason, Hjalti Jón Kjartansson, Rúnar Hjálmarsson og Þuríður Ingvarsdóttir. Auk þess var Ólafur Guðmundsson fenginn í hlutverk starfsmannastjóra. Strax í upphafi var lagt upp með að bjóða upp á heildstæða upplifun á mótinu og gefa keppendum kost á að kaupa heildarpakka með gistingu, mat og afþreyingu milli keppnisdaga. Þessu fyrirkomulagi var mjög vel tekið líkt og á MÍ 11-14 ára 2023 þar sem sama fyrirkomulag var notað. Gaman hefði þó verið að sjá fleiri félög nýta sér gistinguna. Mótið sjálft gekk mjög vel fyrir sig og má þar þakka sérstaklega okkar frábæru sjálfboðaliðum sem stóðu vaktina allt mótið og létu engan bilbug á sér finna þrátt fyrir langa keppnisdaga. Mótið tókst svo vel að eftir var tekið og á lokahófi FRÍ í nóvember fékk Frjálsíþróttaráð HSK viðurkenninguna Viðburður ársins fyrir mótið.

Hér verður farið yfir öll mót sem haldin voru á vegum Frjálsíþróttaráðs HSK árið 2024.

**Mót á vegum HSK 2024**

**Aldursflokkamót HSK**

Aldursflokkamótið var haldið í Selfosshöllinni sunnudaginn 28. janúar. Mótið hófst á keppni 11-12 ára keppenda kl 9:30 og þegar þeir höfðu lokið keppni tóku 13-14 ára keppendurnir við. Í fyrsta sinn voru afhent heildarstigaverðlaun fyrir hvern aldursflokk fyrir sig og lukkaðist það mjög vel. Á mótinu voru rétt tæplega 50 keppendur frá sex félögum. Stigakeppnin fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 373 stigum, íþrf. Dímon varð í öðru sæti með 145 stig og Umf. Þjótandi var í þriðja sæti með 77 stig.

**Unglingamót HSK**

Unglingamót HSK fór fram í Selfosshöllinni sunnudaginn 28. janúar, strax að loknu aldursflokkamótinu. Keppendur voru 29 frá fjórum félögum og gekk vel. Umf. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með 341 stig, í öðru sæti var Umf. Þjótandi með 38 stig og í þriðja sæti var íþrf. Dímon með 30 stig.

**Héraðsmót HSK**

Mótið fór fram í Selfosshöllinni 3. mars. Mættir voru til leiks 35 keppendur frá sjö félögum. Mótið var haldið eftir hádegi, strax að Héraðsleikum loknum. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss Sigraði með 141 stig, í öðru sæti var íþróttafélagið Dímon með 31 stig og í þriðja sæti var Íþrf. Garpur með 24 stig.

**Héraðsmót HSK fatlaðra**

Mótið var haldið í fyrsta sinn innanhúss, samhliða Héraðsmóti HSK. Keppt var í einni keppnisgrein sem var kúluvarp og var einn keppandi á mótinu.

**Héraðsleikar innanhúss**

Héraðsleikarnir voru haldnir 3. mars í Selfosshöllinni og mættu 66 keppendur til leiks á mótið sem er nokkur fækkun frá síðasta ári. Keppt var í hefðbundnum keppnisgreinum og tímaseðillinn leikinn af fingrum fram eftir því sem keppninni vatt fram til þess að lágmarka biðtíma keppenda. Dagurinn gekk mjög vel og allir keppendur fengu viðurkenningu í mótslok.



*Sigurlið HSK á Meistaramóti í frjálsum 15-22 ára utanhúss sem haldið var á Selfossi.*

Þetta var í fyrsta skipti sem öll innanhússmótin voru haldin á tveimur keppnisdögum og gafst það mjög vel, bæði vegna annarar dagskrár í Selfosshöllinni og svo hentaði það vel fyrir skipulag mótanna.

**Vormót HSK**

Vormót HSK var haldið 22.-23. maí á Selfossvelli. Aðeins 71 keppandi var skráður til leiks sem er mikil fækkun frá árinu áður þar sem 117 keppendur tóku þátt. Oftast hafa keppendur á mótinu verið um 90 talsins. Mótið var skráð sem Global Calendar mót sem merkir að árangur sem næst á mótinu gildir til lágmarka á stórmótum. Gerðar eru meiri kröfur á þessi mót heldur en almenn mót og þarf t.d. að vera yfirdómari frá FRÍ á mótinu. Vandað var til umgjarðar mótsins og til að laða að fleiri keppendur var farið í samstarf við verslunina Fætur toga. Verslunin lofaði þeim keppanda sem myndi setja Íslandsmet í flokki fullorðinna 100.000 kr úttekt í versluninni. Við þökkum Fjólu í Fætur toga kærlega fyrir þennan stuðning þrátt fyrr að ekki hafi verið sett neitt Íslandsmet á mótinu. Mótið var haft tveggja daga að þessu sinni þar sem meðal keppnisgreina voru sjöþraut og tugþraut og keppendur í þeim greinum að reyna að ná lágmarki á NM í þraut. Hjálmari Vilhelm Rúnarssyni úr Umf. Selfoss tókst það á mótinu og fékk þar með keppnisrétt á NM. Jónshlaupið var aftur hlaupið á Vormótinu en það var til ársins 2023 hlaupið á Héraðsmóti HSK en var fært yfir á Vormótið til að reyna að fjölga þátttakendum. Aðeins einn keppandi keppti í hlaupinu að þessu sinni þrátt fyrir það.

**Aldursflokkamót HSK 11-14 ára utanhúss**

Aldursflokkamót 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram dagana 11.-12. júní á Selfossvelli. Um 40 keppendur voru skráðir til leiks og er það þriðja árið í röð sem keppendur eru svona fáir. Má helst rekja það til þess að frjálsíþróttaæfingar fara fram á færri stöðum á sambandssvæðinu nú en áður. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 455 stigum, í öðru sæti var Íþrf. Dímon með 138 stig og í þriðja sæti Umf. Þjótandi með 118 stig.

**Héraðsleikar HSK utanhúss**

Héraðsleikar 10 ára og yngri í frjálsum íþróttum fóru fram 11. júní á frjálsíþróttavellinum á Selfossi, samhliða aldursflokkamótinu. Keppendur á Héraðsleikunum voru 50 talsins og er það lítilleg fækkun frá síðasta ári. Mótið gekk vel og allir þátttakendur fengu verðlaun fyrir þátttökuna.

**Unglingamót HSK utanhúss**

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli 16.-17. júlí. Prófað var að fjölga keppnisgreinum og halda það á tveimur kvöldum árið 2023 og var ákveðið að gera það aftur. Á mótinu voru 30 keppendur og þar af 11 gestakeppendur sem settu svip sinn á mótið. Mótið var skráð sem Global calendar mót. Ákveðið hefur verið að breyta fyrirkomulagi mótsins á næsta ári til þess að fjölga keppendum og bæta gæði mótsins. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 359 stig, Íþrf. Garpur var í öðru sæti með 48 stig og Umf. Þjótandi var í því þriðja með 31 stig.

**Héraðsmót HSK utanhúss**

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 12.-13. ágúst. Á mótið voru skráðir 75 keppendur og þar af 20 gestakeppendur utan HSK. Mótið var skráð sem Global calendar mót. Héraðsmótið er stigakeppni milli félaga og Umf. Selfoss sigraði mótið með 397 stigum. Í öðru sæti var Umf. Hekla með 32 stig og Íþrf. Garpur var í þriðja sæti með 22 stig. Ákveðið hefur verið að breyta fyrirkomulagi mótsins á næsta ári til að fjölga keppendum og bæta gæði mótsins.

**Héraðsmót fatlaðra**

Þrír keppendur voru skráðir á Héraðsmót fatlaðra og þar af var einn gestur. Mótið fór fram samhliða Héraðsmóti HSK 12-13. ágúst.

Að endingu vil ég færa öllum sjálfboðaliðum þakkir fyrir gott starf á árinu. Við í HSK státum af reynslumiklum og stórum hópi fólks sem er tilbúinn til að koma og starfa á frjálsíþróttamótum og fyrir það erum við í stjórn ráðsins gríðarlega þakklát. Án þeirra væri ekkert starf. Ég vil einnig þakka starfsfólkinu á Selfossvelli fyrir afskaplega gott samstarf og fyrir það að gera frjálsíþróttavöllinn glæsilegan í aðdraganda móta. Að endingu vil ég þakka öllum þeim styrktaraðilum sem lögðu hönd á plóginn á árinu og þá sérstaklega í aðdraganda MÍ 11-14 ára.

**Guðmunda Ólafsdóttir, formaður**

## Glímuráð HSK

Aðalfundur ráðsins var haldinn í Selinu 5. mars 2024. Á fundinum kom fram að fjárhagur ráðsins stendur vel og voru fundarmenn einhuga um viðhald og eflingu glímustarfs á sambandssvæðinu. Í stjórn voru kosin eftirfarandi: Stefán Geirsson Umf. Þjótanda formaður, Guðni Sighvatsson Umf. Laugdæla gjaldkeri og Jana Lind Ellertsdóttir Íþf. Garpi ritari/varaformaður. Varamenn voru kosnir Sigurður Þór Emilsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson báðir úr Umf. Þjótanda.

Haustfundur Glímuráðs HSK var haldinn í Selinu á Selfossi 3. september. Þar komu saman stjórn og glímufrömuðir á svæðinu ásamt framkvæmdastjóra HSK og lögðu línurnar fyrir komandi keppnistímabil. Lögð voru fram drög að mótaskrá auk þess sem Jana Lind Ellertsdóttir framkvæmdastjóri GLÍ kynnti það sem er á döfunni hjá Glímusambandinu. Fleiri mál voru rædd á fundinum og þar má nefna farandgripi HSK í glímu og nauðsyn þess að setja reglur um hvernig geyma eigi Skarphéðinsskjöldinn og Bergþóruskjöldinn milli móta.

**Erlend samskipti**

Gústaf Sæland og Marín Laufey Davíðsdóttir héldu til Frakklands í byrjun mars sem hluti af hópi sem GLÍ sendi til keppni í Opna bretónska mótinu í Backhold. Gústaf keppti í -81 kg flokki karla og náði 6. sæti meðan Marín sigraði bæði opinn flokk og +70 kg flokk kvenna. Björgvin Guðni Sigurðsson og Óskar Freyr Sigurðsson fóru ásamt hópi unglinga á aldrinum 13 til 17 ára á vegum GLÍ í keppnisferð til Englands í lok júlí þar sem ferðast var á milli sveitahátíða og keppt í backhold við heimamenn. Þeir Gústaf Sæland og Ægir Már Baldvinsson fóru í ágúst til Englands í hópi glímufólks á vegum GLÍ sem keppti á 11 mótum á 10 dögum í fangbrögðum heimamanna, backhold.

**Mót á vegum HSK**

**Grunnskólamót HSK**

Haldið á Hvolsvelli 28. febrúar.

**Héraðsmót HSK**

Héraðsmót HSK fór fram á Laugarvatni 7. mars. Jana Lind Ellertsdóttir Garpi vann Bergþóruskjöldinn og Hreinn Heiðar Jóhannsson Umf. Laugdæla vann Skarphéðinsskjöldinn í fyrsta sinn.

**Stigakeppnin:**

| | |
|---|---|
| **Karlar** | |
| 1. Umf. Laugdæla | 9 stig |
| 2. Umf. Bisk. | 7 |
| 3. Dímon | 4 |
| **Konur** | |
| 1. Umf. Laugdæla | 9 stig |
| 2. Garpur | 6 |
| **Strákar 20 ára og yngri** | |
| 1. Dímon | 51,28 stig |
| 2. Umf. Laugdæla | 19,45 |
| 3. Umf. Bisk | 17,4 |
| 4. Umf. Þjótandi | 17 |
| **Stúlkur 16 ára og yngri** | |
| 1. Dímon | 50 stig |
| 2. Umf. Laugdæla | 28 |
| 3. Umf. Þjótandi | 11 |

**Fjórðungsglíma Suðurlands**

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram miðvikudaginn 27. nóvember á Hvolsvelli. Keppendur voru 35 talsins og alls voru glímdar 57 viðureignir.

Íþróttafélagið Dímon og Ungmennafélag Biskupstungna unnu sex gullverðlaun og Ungmennafélag Laugdæla ein gullverðlaun.

**Árangur HSK fólks á mótum GLÍ**

**Bikarglíma Íslands**

Haldin á Blönduósi 17. febrúar 2024

**+65 kg kvenna**

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

**Opinn flokkur kvenna**

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

**-80 kg karla**

1. Gústaf Sæland

**Opinn flokkur karla**
4.-6. Gústaf Sæland

**Grunnskólamót Íslands**
Haldið á Reyðarfirði 16. mars 2024
**5. bekkur stúlkna**
2. Kristín María Sigurðardóttir
4. Ásgerður Saga Stefánsdóttir
**5. bekkur stráka**
1. Fjölnir Eyfjörð Ottósson
2. Víkingur Karl Línason
**9. bekkur stráka**
4. Björgvin Guðni Sigurðsson

**113. Íslandsglíman**
Haldin á Laugarvatni 13. apríl 2024

113. Íslandsglíman fór fram á Laugarvatni að þessa sinni. Alls kepptu fjórar konur og tíu karlar um nafnbótina glímudrottning og glímukóngur Íslands 2024. Í kvennaflokki var Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Þjótanda krýnd glímudrottning í sjötta sinn og hlaut fegurðarglímuverðlaun. Hún er þar með orðin sigursælasti keppandi Íslandsglímunnar í kvennaflokki frá upphafi, ásamt Svönu Hrönn Jóhannsdóttur. Í karlaflokki átti HSK þrjá keppendur sem tóku þátt í sinni fyrstu Íslandsglímu en það voru þeir Hreinn Heiðar Jóhannsson Umf. Laugdæla sem varð fjórði og þeir Sigurður Ásberg Sigurjónsson og Gústaf Sæland úr Umf. Biskupstungna sem höfnuðu saman í 5.- 6. sæti.

**Haustmót GLÍ**
Haldið að Laugum í Sælingsdal 5. október 2024.
**Stúlkur 11 ára**
3. Kristín María Sigurðardóttir
**Strákar 12 ára**
1. Torfi Guðjón Nílsson
**Strákar 13 ára**
1. Gísli Svavar Sigurðarson
**Strákar 15 ára**
2. Björgvin Guðni Sigurðarson
**Unglingar +74**
2. Jóhannes Pálsson
3. Óskar Freyr Sigurðarson
**Konur +70 kg**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir
2. Heiðrún Fjóla Pálsdóttir
**Konur opinn flokkur**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir
2. Heiðrún Fjóla Pálsdóttir
**Karlar -81**
1. Gústaf Sæland
**Karlar +84 kg**
2. Jóhannes Pálsson
3. Óskar Freyr Sigurðsson
**Karlar opinn flokkur**
2. Jóhannes Pálsson
3. Gústaf Sæland

**Iceland Open Glíma**
Haldið í Vogum 26. október 2024
**+75 kg kvenna**
3. Heiðrún Fjóla Pálsdóttir
**Opinn flokkur kvenna**
3. Heiðrún Fjóla Pálsdóttir
**-84 kg karla**
3. Gústaf Sæland
**Karlar opinn flokkur**
2. Gústaf Sæland

**Glímufólk ársins 2024**
Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Þjótanda er glímukona HSK árið 2024. Hún keppti í sínum þyngdarflokki og opnum flokki kvenna á Bikarglímunni og Haustmóti GLÍ og vann báða flokka á báðum mótum. Marín sigraði Íslandsglímuna og hlaut nafnbótina glímudrottning Íslands þá í sjötta sinn og hlaut einnig fegurðarglímuverðlaunin í kvennaflokki. Hún keppti einnig á Opna Bretónskamótinu í backhold þar sem hún sigraði tvöfalt, bæði +70kg flokk kvenna og opinn flokk kvenna. Marín Laufey hefur verið ein fremsta glímukona Íslands undanfarin ár og er fyrirmyndar íþróttamaður jafnt innan vallar sem utan.

Gústaf Sæland Umf. Biskupstungna er glímukarl HSK 2024. Gústaf hefur keppt jafnt og þétt á mótum Glímusambandsins allt árið og hefur yfirleitt náð verðlaunasætum. Hann er bikarmeistari í -80 kg flokki og sigurvegari í sama flokki á Haustmóti GLÍ. Gústaf fór tvisvar sinnum utan til keppni í backhold þar sem hann náði góðum árangri.

**Lokaorð**
Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glímuráðs HSK árið 2024. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glímusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glímusambandsins.

Fyrir hönd Glímuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

**Stefán Geirsson, formaður**


*Hluti keppenda HSK sem tók þátt í frjálsíþróttakeppninni á Landsmóti 50+.*

## Íþróttanefnd eldri félagsmanna

**Þátttaka HSK á 12. Landsmóti UMFÍ 50+ í Vogum**
44 keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í Landsmóti 50+ sem haldið var í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 6. – 9. júní 2024 í samstarfi við Þrótt í Vogum og Sveitarfélagið Voga. Þátttakan af sambandssvæðinu hefur ekki verið meiri frá upphafi mótanna, utan mótsins 2017 sem haldið var í Hveragerði, en þá tóku 108 keppendur af svæðinu þátt. Samkvæmt upplýsingum frá UMFÍ tóku um 400 manns þátt í mótinu í ár.

Keppendur af HSK svæðinu tóku þátt í fjölmörgum greinum, flestir voru í bridds, boccia, ringói og frjálsíþróttum. Einnig tóku þeir þátt í golfi og stígvélakasti.

Keppendur af Suðurlandi unnu Landsmótsmeistaratitla í þremur greinum, þ.e. í frjálsum, golfi og stígvélakasti.

**Frjálsíþróttir**
Ólafur Guðmundsson keppti í 55-59 ára flokki og vann allar sex greinarnar sem hann tók þátt í sem voru 100m, hástökk, kringla, kúla, spjót og lóðkast. Yngvi Karl Jónsson keppti í 60-64 ára flokki og vann hástökk, kringlukast, kúluvarp og spjótkast. Árný Heiðarsdóttir sem flutt er á Selfoss og keppir í flokki 65-69 ára vann kringlukast, kúluvarp, lóðkast og spjót. Páll Jökull Pétursson keppti í 65-69 ára flokki og vann kringlukast, kúluvarp og spjótkast. Sigurlín Jóna Baldursdóttir vann kringlukast og lóðkast í flokki 60-64 ára kvenna. Þá vann Anný Ingimarsdóttir kúluvarp í flokki 55-59 ára kvenna.

**Golf**
Jón Lúðvíksson varð Landsmótsmeistari í golfi í flokki karla 65 ára og eldri.

**Stígvélakast**
Síðasta grein landsmóta 50+ er jafnan stígvélakast og þar varð Árný Heiðarsdóttir meistari í flokki kvenna 50 - 69 ára.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Fjallabyggð á næsta ári, þ.e. á Siglufirði og Ólafsfirði dagana 27. - 29. júní 2025 í samstarfi við Ungmenna- og Íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF) og Sveitarfélagið Fjallabyggð.

## Íþróttanefnd fatlaðra

Helstu verkefni nefndarinnar eru héraðsmót í íþróttagreinum sem eru stundaðar á svæðinu og fara þau mót fram í samvinnu við þjálfara viðkomandi greina.

**Héraðsmót í golfi fatlaðra**
Mótið var haldið 16. september á Svarfhólsvelli á Selfossi. Keppendur voru 7 og spilaðar voru 9 holur. Vegna veðurs fór mótið fram í golfhermi og gekk það mjög vel. Reglulegar golfæfingar fóru fram s.l. sumar á vegum Íþróttafélagsins Suðra eins og undanfarin ár og voru allir keppendur úr þeirra hópi. Þjálfari var Alexandra Eir Grétarsdóttir.

Úrslit voru eftirfarandi:
**Konur**
1. Telma Þöll Þorbjörnsdóttir
2. María Sigurjónsdóttir
3. Sigríður Erna Kristinsdóttir
**Karlar**
1. Óskar Ingi Helgason
2. Árni Bárðarson
3. Bjarni Friðrik Ófeigsson

**Héraðsmót í boccia fatlaðra**
Héraðsmót í boccia, sveitakeppni, var haldið þann 7. desember í Íþróttahúsi Stokkseyrar. Keppendur voru 30 frá íþróttafélögunum Gný og Suðra. Mótið gekk mjög vel, hörkukeppni og mikil gleði. Margir áhorfendur komu til að fylgjast með og hvetja sitt fólk.



*Sigurlið Selfoss á héraðsmóti HSK í sundi 2024.*

Að lokinni langri og strangri keppni gæddi fólk sér á pizzum á meðan spjallað var við vini og félaga en félagslegi þátturinn er ekki síður mikilvægur en keppnin sjálf.

**Úrslit.**

1. sæti Suðri B – Dagmar Ósk Héðinsdóttir, Ína Valsdóttir, Telma Þöll Þorbjörnsdóttir

2. sæti Suðri A – Kristján Gíslason, María Sigurjónsdóttir, Valdís Jónsdóttir

3. sæti Suðri C – Kristín Lára Sigurðardóttir, Matthías Gunnarsson, Reynir Ingólfsson

**Héraðsmót fatlaðra í frjálsum**

Héraðsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum er skipulagt af frjálsíþróttaráði HSK og þar tóku tveir keppendur þátt.

María Sigurjónsdóttir keppti innanhúss í mars í kúluvarpi. Í ágúst keppti hún utanhúss í kúluvarpi, spjótkasti, sleggjukasti og kringlukasti.

Sigurjón Ægir Ólafsson keppti utanhúss í ágúst í kúluvarpi. Þetta varð til þess að hann ákvað að hefja markvissar æfingar í þessari grein (hjólastólakúluvarpi) og verður gaman að fylgjast með honum í þessari íþrótt.

Héraðsmót í lyftingjum fatlaðra féll niður þetta árið.

Íþróttanefnd fatlaðra hvetur fólk með fötlun að taka þátt í íþróttum. Rannsóknir hafa sýnt að þær efla líkamlega getu, félagsþroska og jákvæða sjálfsmynd. Fólk með fötlun stundar fjölbreyttar íþróttir hér á landi, bæði með almennum íþróttafélögum og íþróttafélögum fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra if@ifsport.is (s. 5144080) veitir allar upplýsingar um það sem í boði er og aðstoðar einnig gjarnan við að koma á nýjungum sem fólk hefur áhuga á.

**Þorbjörg Vilhjálmsdóttir**

## Skáknefnd

**Sveitakeppni HSK í skák**

Héraðsmót HSK í skák 2024 fór fram í Selinu á Selfossi 13. janúar 2025. Mótið átti upphaflega að fara fram í desember, en var frestað vegna veðurs.

Til keppni mættu sex sveitir þar sem hver sveit var skipuð fjórum aðilum. Mótið var verulega jafnt og skemmtilegt í alla staði, þar sem úrslitin réðust í síðustu skák þar sem telft var fram á síðustu sekúndu.

**Úrslit mótsins urðu eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| 1. Dímon A | 16 vinningar |
| 2. Selfoss A | 15 vinningar |
| 3. Þór Þorlákshöfn | 14 vinningar |
| 1. Dímon B | 8 ½ vinningar |
| 2. Selfoss B | 5 ½ vinningar |
| 3. Umf Gnúpverja | 1 vinningur |

Sigursveit Dímonar skipuðu þeir Gregory Nemeth, Egill Steinar Ágústsson, Magnús Pálmi Örnólfsson og Stefán Arnalds. Einnig tefldi Anton Vignir Guðjónsson eina skák fyrir sigursveitina.

## Sundnefnd

Líkt og undanfarin ár voru þrjú HSK mót haldin í sundi í ár.

**Aldursflokkamót HSK**

Aldursflokkamót HSK í sundi var haldið í sundlauginni á Hvolsvelli 23. apríl 2024. Mótið fór nú fram í 52. sinn, en það hefur verið haldið árlega frá árinu 1973.

Keppendur frá þremur félögum tóku þátt í mótinu. Selfyssingar höfðu nokkra yfirburði í stigakeppni félaga og fengu 121 stig og Dímon varð í öðru sæti með 39 stig. Hamar varð í þriðja sæti, en þeir sendu keppendur í flokka 10 ára og yngri þar sem allir fengu jafna viðurkenningu og ekki var keppt um gull, silfur og brons, líkt og í flokkum 11 ára og eldri.

Selfyssingar unnu stigakeppni mótsins í 41. skipti og hafa nú unnið stigakeppnina 12 sinnum í röð.

Á mótinu voru líkt og áður veitt verðlaun fyrir stigahæsta sund mótsins samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu. Þau verðlaun hlaut Haukur Daði Örvarsson Umf. Selfoss, en hann synti 100 metra skriðsund á 1;14,74 mín. sem gaf 217 stig.

**Héraðsmót HSK**

Bráðskemmtilegt héraðsmót HSK í sundi fór fram í Laugaskarði í Hveragerði 15. maí 2024. Mótið hefur verið haldið nær árlega í tæp 80 ár, en vorið 1945 var fyrsta HSK mótið í sundi haldið í Laugaskarði. Fram að því hafði sundkeppni á héraðsvísu farið fram sem hluti af héraðsmótinu, en fyrst var keppt í sundi hjá HSK á Þjórsártúnsmótinu 1926. Til fróðleiks var fyrsta HSK mótið í sundi helgað minningu skáldsins Jónasar Hallgrímssonar og sett af stað með ræðuhöldum og ljóðalestri.

En aftur að mótinu í ár. Keppendur Selfoss unnu samtals 13 HSK meistaratitla á mótinu og Hamar tvo. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss hlaut 138 stig og Hamar 34 stig. Hallgerður Höskuldsdóttir átti stigahæsta sund samkvæmt alþjóða stigatöflu, en hún synti 50m. skriðsund á 32,33 sek. og hlaut fyrir það 391 stig.

Þrír sundmenn unnu þrjú sund og hlutu bikar fyrir, þau Arnór Karlsson, Hallgerður Höskuldsdóttir og Róbert Freyr Atlason Norðdal.

**Unglingamót HSK**

Unglingamót HSK í sundi fór fram í Sundhöll Selfoss sunnudaginn 17. nóvember 2024 og keppendur frá þremur félögum mættu til leiks.

Keppendur 10 ára og yngri kepptu ekki til stiga og fengu þau öll viðurkenningu fyrir þátttökuna. Sundfólk 11 ára og eldri safnaði stigum fyrir sín félög. Selfoss sigraði stigakeppnina með 64 stig, Dímon varð í 2. sæti með 32 stig og Hamar í 3. sæti með 27 stig.

Bikar fyrir mestu bætingu frá síðasta Unglingamóti HSK fékk Nói Sær Guðmundsson, Selfossi sem bætti sig um 45,22sek. í 33m skriðsundi með blöðkum. Hann synti á 1:32,90 mín. árið 2023 og í ár á 0:47,68.

Úrslit sundmótanna eru á www.hsk.is.

## Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Kjartan Lárusson Umf. Laugdæla formaður, Ólafur Elí Magnússon Íþr.f. Dímon, Aðalsteinn Sveinsson Umf. Þjótanda. Varamaður er Einar Magnússon Hestamannaf. Geysi. Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt.

Nefndin kom saman tvisvar á starfsárinu.

Eins og undanfarin ár gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Nefndin samþykkti að tilnefna Jóhönnu M. Hjartardóttir Umf. Þór sem öðling ársins 2024.

Guðmunda Ólafsdóttir frá Héraðsskjalasafni Árnesinga kom á báða fundina með myndir sem varpað var upp á vegg og fundarfólk reyndi að finna út hverjir væru á myndunum. Haldnir hafa verið samtals 15 myndgreiningarfundir frá árinu 2018, sem hafa í öllum tilfellum verið haldnir af sögu- og minjanefnd HSK. Nú er komið að kaflaskiptum í þessu ágæta verkefni okkar og síðasti myndgreiningarfundurinn fór fram 31. janúar 2025. Að því tilefni var öllum þeim sem mætt hafa á einn eða fleiri myndgreiningarfund boðið að mæta á fundinn. Þau sem mættu auk nefndarinnar voru Guðmundur Kr. Jónsson, Lísa Thomsen, Þorgeir Vigfússon og Ólafur Guðmundsson.

Héraðsskjalasafnið hefur skannað tæplega 2000 myndir frá HSK og í dag eru 1.538 ljósmyndir frá HSK aðgengilegar á vefnum www.myndasetur.is og þeim mun fjölga hægt og bítandi eftir því sem tími gefst. Búið er að fara yfir allar myndir sem bárust Héraðsskjalasafninu frá 2018 - 2023. Þar með er búið að greina nánast allar myndir HSK sem teknar voru fyrir 1990. Safnið fékk fleiri myndir frá HSK vorið 2024, sem búið er að flokka og pakka í öskjur og eru þær um 1.970 talsins. Héraðsskjalasafnið hefur ákveðið að þær myndir verði ekki skannaðar og skráðar á næstunni, en fjöldi mynda frá öðrum samtökum og félögum bíða skráningar og safnið þarf að gæta jafnræðis. Safnið hefur nýlega tekið við 17 albúmum í eigu HSK með um 3.400 myndum sem teknar voru á árunum 1990-2000. Þar með eru allar myndir á pappír í eigu HSK komnar á Héraðsskjalasafnið. Svo má ekki gleyma þeim mikla fjölda mynda frá síðustu 25 árum sem til eru í tölvu sambandsins og í netheimum. Það er því mikið verk óunnið, sem gera þarf hlé á núna, sbr. ákvörðun Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Myndir HSK og fleiri aðila má skoða á síðunni www.myndasetur.is. Við hvetjum fólk til þess að skoða myndir HSK á síðunni og senda inn ábendingar ef einhverjar myndir eru rangt skráðar eða ef hægt er að bæta skráninguna á einhvern hátt. Það er gert með því að senda inn ábendingu með því að ýta á ábendingarhnappinn sem birtist þegar einstakar myndir eru skoðaðar.

**Kjartan Lárusson**

# Skýrslur aðildarfélaga HSK:

## Golfklúbbur Ásatúns

Aðalfundur Golfklúbbs Ásatúns var haldinn að Hátorfu 4 þann 30. nóvember 2024. Eftirtaldir voru kosnir í stjórn: Sigurjón Harðarson formaður, Árni Sófusson gjaldkeri, Eiríkur Stefánsson ritari og Edda Ólafsdóttir meðstjórnandi. Varamenn eru Valgerður Jana Jensdóttir og Grímur Guðmundsson. Skoðunarmaður reikninga er Sighvatur Halldórsson og til vara Hörður Sigurjónsson.

Stjórnarmenn unnu við framkvæmdir og viðhald golfvallar Flúða sem er heimavöllur GÁS. Einnig var vel mætt á svokallaðan vordag í maí og unnið við hreinsun og grisjun á vellinum og málningarvinnu á golfskálanum.

Stjórnarmenn fóru í heimsókn á golfvöll Brautarholts og spiluðu einn hring og kom það skemmtilega á óvart hversu vel hirtur og flottur völlurinn er. Einnig var farið í heimsókn til Borgarnes og spilaðir tveir hringir á vellinum. Gist var á Hótel Hamri. Gaman var að fylgjast með hvernig vallarstarfsmenn hafa virkjað róbóta við slátt á brautum og ótrúlegt að sjá hversu vel það gengur.

Fulltrúar klúbbsins mættu á héraðsþing HSK, sem haldið var í Árnesi. Klúbbfélagar koma og fara en heldur hefur fjölgað í klúbbnum og eru meðlimir núna samtals 356.

Þetta er það helsta sem gert hefur verið á árinu.

## Golfklúbburinn Dalbúi

*Í golfinu ég gleði fann*
*gáska og engar þrautir.*
*Oft mig dreymir Dalbúann*
*og dásamlegar brautir.*
Höf. Hjálmar Jónsson

Það gekk bara nokkuð vel hjá okkur á Dalbúa í sumar en vegna mikillar bleytu á vellinum hjá okkur í upphafi sumars frestuðum við opnun vallarins okkar til 31. maí. Vallarnefndin, Eyjólfur Óli Jónsson og Anthony Karl Flores stóðu sig mjög vel í því að sinna vellinum eins og undanfarin ár.

Eins og árin áður þá vorum við aðeins með rástímaskráningar við lýði en aðilar utan GSÍ skráðu sig í skála þegar komið var að spila en með því að senda inn beiðni fyrir fram vegna skráningar á völlinn. Í sumar auglýstum við nokkuð með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum með yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi“ og „Það er hagkvæmt að vera félagi í Dalbúa“ og náði það að kynna Dalbúa vel.

Félagsmönnum hefur fjölgað nokkuð þetta árið, en við vorum 161 í lok sumars en vorum 138 talsins í upphafi sumars. Við þurfum að halda áfram að fá inn nýja félaga, en það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að vaxa og dafna.

Þann 18. maí vorum við með vinnudag hjá klúbbnum. Mæting var að venju góð þar sem félagsmenn tóku til hendinni. Glompur voru hreinsaðar, vökvunargræjum var komið fyrir, tré gróðursett og bekkir lagaðir svo eitthvað sé nefnt. Helgina áður mættu svo nokkrir vaskir félagar og gerðu skálann kláran fyrir sumarið.

Í haust fengum við verktaka til þess að gata hjá okkur flatirnar eins og áður hefur verið gert. Veðurfarið sumarið 2024 var frekar vætusamt og hitastig í lægri kantinum. Heilt yfir má segja að völlurinn okkar hafi þó verið í mjög þokkalegu standi í sumar.

Umfangsmestu úrbótaverkefni sem unnin voru þetta sumarið voru að við tókum í notkun tvo slátturróbóta ásamt GPS leiðréttingarstöð í byrjun sumars til þess að aðstoða við sláttur á 1. og 9. braut.



*Verðlaunahafar í Toppmóti Ásatúns 2024.*

Búið er að setja í jörðu rafmagnsstreng til þess að halda áfram með róbótavæðinguna en við höfum bætt við okkur þriðja róbótanum sem er nokkuð stærri en hinir tveir og nær að slá stærra svæði. Einnig var tjörnin okkar og gosbrunnurinn kláraður alveg og lögð var lokahönd á salernisaðstöðuna úti á velli og gamli kamarinn fjarlægður.

Þegar litið er yfir vélakost Dalbúa þá er hann í þokkalegu standi en keyptur var inn nýr sanddreifari og sáningarvél. Ekki tókst að hefja uppsetningu vökvunarbúnaðar eins og átti að klára í sumar en það bíður næsta árs.

Katrín Erla Kjartansdóttir og Sigga Dóra Matthíasdóttir stóðu vaktina í skálanum hjá okkur þetta sumarið og sinntu starfinu með miklum ágætum. Ný húsgögn voru keypt í skálann hjá okkur í byrjun sumars.

Golfmót sumarsins voru sjö þetta sumarið og heppnuðust þau öll mjög vel og var góð þátttaka í þeim öllum. Í nokkrum af mótunum þurfti að ræsa tvöfalt upp á nokkrum teigum. Í öllum mótum var rafræn skráning á skori sem mæltist mjög vel fyrir. Það fyrirkomulag auðveldaði mjög uppgjör á mótunum.

Við bættum svo við hjá okkur Dalbúabikarnum sem er 12 holu útsláttarkeppni með fullri forgjöf. Mjög skemmtileg viðbót við mótin okkar.

Lokamót Dalbúa var sett upp sem bændaglíma og enduðum við mótið og starfsárið með grillveislu þar sem maður var manns gaman.

Í ágúst sendum við karlalið á Íslandsmót golfklúbba 5. deild á Höfn í Hornafirði. Okkar fulltrúar þar voru Eyjólfur Óli Jónsson, Anthony Karl Flores, Júlíus Pálsson, Magnús Gautur Gíslason og Oddgeir Sæmundsson.

15. og 16. júní buðum við upp á golfkennslu á vellinum hjá okkur og var það mjög vel sótt. Örn Ólafsson golfkennari sá um kennsluna.

Anna Helgadóttir ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburðina hjá okkur og voru þær allar sérlega glæsilegar og á hún bestu þakkir skildar fyrir það framlag. Öll mót og viðburðir voru auglýstir með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum. Við tókum í notkun aðra facebook síðu þar sem félagar og gestir geta sett inn efni. Eldri síðan er það sem kallað er „like síða“. Við buðum upp á sérmerktar golfvörur sem eru peysur, golfboltar, handklæði, derhúfur, húfur og tí. Þetta hefur mælst vel fyrir.

Fulltrúi frá okkur mætti á aðalfund HSK. Það bættist við hjá okkur einn vinavöllur í sumar, Golfklúbbur Bolungarvíkur.

Við heiðruðum Sæmund Árnason og Jón Þorbjörn Hilmarsson á styrktaramóti Danco og Dalbúa en 30 ár eru síðan þeir gengu frá því að við erum með golfvöllinn í Miðdalnum. Sæmundur var þar með smá tölu og sagði frá því hvernig þetta hefði gengið til.

Páll Ólafsson fyrrum formaður Golfklúbbsins Dalbúa féll frá á árinu, en hann sinnti formennsku frá 2008 – 2017. Hann var einn af stórhuga félögum sem stofnuðu Golfklúbbinn Dalbúa. Við flögguðum í hálfa stöng á útfarardegi hans og við minntumst hans á okkar miðlum.

Stjórn Dalbúa 2024 skipa Gísli B. Ívarsson, formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson, varaformaður, Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, gjaldkeri, Anna Helgadóttir, ritari, Guðbjörg Ingólfsdóttir, meðstjórnandi og varamennirnir Bryndís Scheving og Helgi Einarsson.

## Golfklúbburinn Flúðir

Golfklúbburinn Flúðir hélt uppi öflugu íþrótta- og lýðheilsustarfi á árinu 2024.

Ástráður Sigurðsson, golfkennari PGA, sinnti kennslu unglinga fimm helgar og var þátttaka góð, misjöfn þó eftir veðri. Við höfum haft þá stefnu að



*Ný tjörn með gosbrunni á golfvelli Dalbúa.*

bjóða ungmennum fría kennslu og pizzu á eftir og hefur þetta gengið mjög vel undanfarin ár.

Við endurtókum leikinn varðandi samfellt námskeið fyrir börn og unglinga og buðum upp á vikulangt námskeið í golfi fyrir unglinga í góðri samvinnu við Hrunamannahrepp. Námskeiðið hófst með kennslu golfkennara, Ástráðs Sigurðssonar PGA, síðan tóku félagsmenn við og leiðbeindu og léku með unglingunum dag hvern og lauk svo námskeiðinu með yfirferð golfkennara og öllum var boðið í pizzuveislu á eftir.

Alls tóku 710 kylfingar þátt í sjö golfmótum sumarsins, en eitt mót féll niður vegna veðurs, sem var einkar óhagstætt þetta sumar.

Meistaramót GF fór fram í júlí og klúbbmeistarar að þessu sinni eru þau Ásdís Rafnar Steingrímsdóttir og Agnar Reidar Róbertsson.

Í júní hélt GF Íslandsmót golfklúbba í 2. deild kvenna í samstarfi við GSÍ. Alls tóku 7 lið þátt og var veður hagstætt. Mótið gekk vel og almenn ánægja var með framkvæmd þess.

Eins og undanfarin ár var unnið að margvíslegum framkvæmdum á vellinum og byggðist starfið að verulegu leyti á sjálfboðaliðum. Haldið var áfram með ræktun á teigum og flötum á nr. 15, 16 og 17 og reiknað er með að þær verði teknar í notkun á sumarið 2025. Drenframkvæmdir voru gerðar á 9., 15. og 17. braut, uppmælingar gerðar á nokkrum brautum, breytingar og uppbygging á nokkrum teigum o.fl., enda næg verkefni til staðar.

Fjöldi skráðra hringja á Selvelli var alls 11.831 á árinu samanborið við 11.117 skráða hringi á árinu 2023. Aukningin milli 2024 og 2023 er um 6,4%. Við sjáum greinilegt samspil milli veðurfars og spilunar á vellinum og í ljósi afar krefjandi veðráttu nær allt sumarið í fyrra verður að telja þessa niðurstöðu ásættanlega.

Alls voru skráðir félagar í GF 310 í lok árs 2024 (293 árið á undan) og hafði því fjölgað um 17 eða 6% frá árinu 2023.

Rekstur GF gekk vel á árinu, hagnaður varð af reglulegri starfsemi og fjárhagsstaða klúbbsins er sterk.

Aðalfundur GF var haldinn þann 2. febrúar 2024.

Stjórn GF hélt sex formlega fundi á starfsárinu auk nokkurra óformlegra funda. Stjórnina skipuðu Árni Tómasson formaður, Ásgeir Þorvarðarson varaformaður, Hafdís Ævarsdóttir gjaldkeri, Sveinn A. Sæland ritari og Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir meðstjórnandi.

Vallarstjóri var Daníel Halldórsson Apeland og rekstur golfskála og veitinga annaðist Sæmundur Kristjánsson.



*Golfkennsla á Selsvelli á vegum GF var vel sótt í sumar.*



*Haukadalsvöllur.*

## Golfklúbburinn Geysir

Starfsemi Golfklúbbsins Geysis á árinu 2024 var með hefðbundnu sniði þetta árið. Eins og flestum er kunnugt þá á klúbburinn ekki golfvöllinn, og sveitarfélag sem leggur hann til golfklúbbs til reksturs. Við höfum því lítið með það að segja hvernig völlurinn er rekinn, hvaða breytingar eða lagfæringar er farið í, en höfum auðvitað tillögurétt eins og alltaf, sem hlustað er á. Eins hafa félagar í GEY lagt til vinnu og klúbburinn lagt til fjármagn í formi grasfræja.

Eigendurnir eru þeir sömu og hafa verið frá upphafi, en eins og nokkur undanfarin ár er völlurinn rekinn í samstarfi við eigendur Hótel Geysis, sem sjá um skráningar á völlinn og taka á móti kylfingum.

Aðsókn að vellinum jókst um 1,72% á milli ára. Aldrei hafa fleiri dagar verið með 100 skráða hringi á dag síðan völlurinn opnaði.

Árgjald klúbbsins var með því lægsta sem þekkist eins og fyrri ár og hverju sem um er að þakka þá fjölgaði um tugi prósenta í klúbbnum. Nú eru skráðir yfir 80 félagar, í bland eru þetta félagar í svokallaðri fjaraðild (15 þús.), sem innifelur þrjá golfhringi, aðild að GSÍ, HSK o.s.frv. Vegna þessa var heldur meira að gera hjá stjórnarmeðlimum að skrá inn nýja félaga og halda utan um félagatalið í golfbox, forgjöfina, svara fyrirspurnum félaga o.fl.

Er það vel og vonandi að þessi þróun haldi áfram. Stjórn klúbbsins mun a.m.k. vinna markvisst að því.

Ekkert mótahald var á vegum klúbbsins á Haukadalsvelli þetta árið. En eins og áður var eitthvað um að hópar og einstaklingar héldu mót með ýmsu leikjafyrirkomulagi á vellinum. Þó var reynt að blása til móts með skömmum fyrirvara, óformlegt meistaramót, en ekki tókst að halda það sökum lítillar skráningar.

Golfklúbburinn sendi að venju hóp manna til að keppa fyrir hönd klúbbsins í Íslandsmóti klúbbanna í 4. deild. Mótið var haldið hjá Golfklúbbi Vatnsleysustrandar. Liðið hélt stöðu sinni í deildinni og spilar í sömu deild að ári. Keppnissveit GEY skipuðu Edwin Roald Rögnvaldsson, Gunnar Skúlason, Oddgeir Oddgeirsson, Páll Theodórsson, Áki Jónsson og Gylfi Geir Gunnarsson.

Hagnaður var af reglulegri starfsemi klúbbsins eftir skatta, kr. 2.252,-. Í rekstraráætlun fyrir 2025 er gert ráð fyrir hagnaði upp á kr. 20.000,-.

Á aðalfundi 26. nóvember 2024 var stjórn GEY endurkjörin án mótframboða og er formaður áfram Pálmi Hlöðversson. Aðrir í stjórn eru Einar Tryggvason, Frímann Birgir Baldursson, Gunnar Skúlason og Hermann Marinó Maggýjarson. Þess má geta að meirihluti stjórnar hefur setið í stjórn klúbbsins síðan hann var stofnaður vorið 2006.

## Golfklúbbur Hellu

Aðalfundur GHR var haldinn 16.11.2023 að Strönd. Eftir venjuleg aðalfundarstörf var kosið í stjórn til eins árs, kosin voru Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Björn Sigurðsson, Friðrik Sölvi Þórarinsson, Yngvi Karl Jónsson, Kjartan Þorkelsson, Ellert Geir Ingvason og Sigrún Þórarinsdóttir.

Golfsumarið 2024 á Íslandi er að baki. Það má deila um það hvort sumarið hafi yfirleitt komið. Samkvæmt veðurfræðingum er þetta kaldasta sumar í manna minnum. Líkt og kylfingar urðu varir við var sumarið óvenju kalt og blautt, enda fékk það falleinkunn hjá fræðingunum.

Samkvæmt tölum frá GSÍ varð aukning kylfinga á milli ára á Íslandi 9% og ánægjulegt að ungu fólki fjölgar mest, í dag eru börn og unglingar komin í 15% og konur í 34%. Samkvæmt Golfboxinu eru félagar í GHR 252 þar af konur 102 sem er um 40% og karlar 150.

Starfsmenn vallarins 2024 voru Nils Munsch, Heiðar Óli Guðmundsson og Yngvi Karl Jónsson og unnu þeir mjög gott og þarft starf, Nils var ráðinn sem heilsárs starfsmaður.

Á árinu voru haldin fyrirtækja - og hópamót á Strandarvelli sem tókust mjög vel og almenn ánægja með völlinn og aðstæður. Við vorum í samstarfi við GSÍ með þrjú mót; fyrst 14 ára og yngri, sveitakeppni golfklúbba kvk. 50+ og Íslandasmót golfklúbba 1fl kvk. 50+. Í lok sumars var svo eins dags LEK mót. Þrátt fyrir veður tókust þessi mót mjög vel.

Í kappleikjanefnd voru Guðjón Guðmundsson formaður í stafni ásamt Guðríði Stefánsdóttur, Guðmundi P Davíðssyni og Jónínu Rakel Gísladóttur. Þau unnu mjög gott starf og stóðu fyrir mörgum innanfélagsmótum. Við verðum að finna leið til að fjölga þátttakendum þetta virðist því miður vera svipaður fjöldi ár eftir ár.

Klúbbmeistari karla GHR 2024 er Andri Már Óskarsson, klúbbmeistari kvenna GHR 2024 er Írunn Ketilsdóttir. Guðjón Guðmundsson vann Holukeppni GHR 2024.

Ragnhildur Sigurðardóttir PGA kennari og margfaldur Íslandsmeistari kom til okkar að vanda og var haldin kvennadagur eða Röggudagur eins og við viljum kalla þennan dag. Sem fyrr tókst þessi dagur í alla staði mjög vel en við hefðum viljað sjá meira af heimakonum.

Í samvinnu við G.S.Í var haldin golfdagur og voru hér fjórir ungir menn sem eru að klára PGA námið og leiðbeindu fólki bæði byrjendum og þeim sem eru komin lengra í sportinu og í lokin var grillað og haft gaman.

Við vorum með barna- og unglingadaga á Strönd, þau yngri voru fyrri daginn og var nokkuð góð mæting. Þau eldri áttu seinni daginn. Sveitarfélögin sjá um að keyra þau að Strönd og skila þeim til baka, og eiga þakkir skildar.

Eins og vanalega kom krakkahópur úr Hvolsskóla til okkar einu sinni í viku eftir að skólinn byrjaði í haust.

Eldri borgarar í Rangárþingi komu á þriðjudögum í sumar eins og áður, þau æfðu og kepptu í pútti og er oft hörku keppni.

Áfram var unnið að byggingu vélaskemmu þar sem einnig mun verða starfsmannaaðstaða. Byggingin gengur vel og er nú fokheld. Veturinn verður notaður til að einangra og setja milliveggi. Það er ófáir tímarnir sem Friðrik Sölvi Þórarinsson hefur sett í verkið.

GHR á orðið 82,1% í Strandarvelli ehf. og RY á 17,9% og sést Strandarvöllur ehf. loks í efnahagsreikningi GHR. Það er skoðun stjórnar miðað við að allar tekjur Strandarvallar ehf .koma frá félögum og gestum GHR ætti Strandarvöllur ehf að vera 100% eign GHR.

Stjórn GHR hefur mikinn áhuga á að fá meira land til umráða og er þá verið að horfa til þess að tryggja okkur land til lengri framtíðar, þannig við lendum ekki í því sama og margir klúbbar hafa lent í þegar kemur að breytingum eða stækkun. Þá vantar land, til skemmri tíma er hugmyndin að byrja að gróðursetja til að skapa skjól og hefta sandfok. Við höfum átt í viðræðum við Land og Skóga og óhætt að segja að málið sé í mjög jákvæðum farvegi.

Við höfum fengið Karl Ómar Karlsson SPGA golfkennara til að aðstoða við að efla barna- og unglingastarf GHR og hefur hann þegar farið í skólana á Hellu, Laugalandi og Hvolsvelli ásamt Yngva Karli og funduðu þeir með íþróttakennurum skólana og hefur verið gerður rammi að þessu starfi. Karl Ómar er margreyndur golfkennari sem hefur náð frábærum árangri og hefur nú verið ráðinn íþróttastjóri GR.

Stjórn þakkar starfsmönnum, nefndarfólki sem og sjálfboðaliðum og öðru félagsfólki í GHR fyrir samstarfið.




*Lið Golfklúbbs Hveragerðis sem tók þátt í Íslandsmóti golfklúbba 14 ára og yngri, sem haldið var á Strandarvelli.*

## Golfklúbbur Hveragerðis

Golfsumarið byrjaði vel þetta árið og opnaði völlurinn 1. maí fyrir alla. Veðrið átti stóran þátt í því hvernig aðsókn var á völlinn. Þegar vel viðraði var allt smekkfullt og mikið spilað. Spilaðir hringir á árinu voru um 20.000. Félagafjöldinn var 435 og var lítil aukning frá árinu áður.

Mótahald gekk vel á árinu og mót vel sótt. LEK mót 65+ var mjög vel heppnað og keppendur ánægðir með völlinn og þá sérstaklega flatir. Barna- og byrjendanámskeið voru á sínum stað og hófust æfingar strax í byrjun desember. Þorrablót var haldið í febrúar og var það mjög vel sótt og eins og undanfarin ár var kvennanefndin með sína árlegu veislu í apríl og var uppselt eins og undanfarin ár og mikil gleði og ánægja með kvennastarfið á árinu. Völlurinn er stöðugt í framför og er byrjað að koma fyrir efni í nýjar brautir suðvestur af braut númer fimm. Ekki er ákveðið hvenær þær verða teknar í gagnið en reynt að framkvæma eins og efni standa til.

Stjórn félagsins skipa Vignir Demusson formaður, Þórhallur Einisson varaformaður, Sveinn Ingvason gjaldkeri og meðstjórnendur eru Erlingur Arthursson, Ólafur Dór Steindórsson, Ólafur Ragnarsson og Anna Pála Víglundsdóttir. Varamenn eru Arnar Geir Helgason, Hjörtur B. Árnason og Gunnar Árnason.

Aðalfundur var haldinn þann 12. desember 2024 og voru kosningar til stjórnar og fundur vel sóttur.

Rekstur félagsins gengur mjög vel, skammtímaskuldir mjög lágar og ekki neinar langtímaskuldir.

Aukning er á félagsmönnum og barna og unglingastarfið að dafna vel og var farið með lið í Íslandsmót golfklúbba 14 ára og yngri á Hellu.

Á stefnuskránni er að efla starfsemi barna, unglinga, almennra kylfinga og þeim eldri hjá GHG á komandi árum.

Klúbbmeistarar voru þau Fannar Ingi Steingrímsson og Harpa Rós Björgvinsdóttir.

## Golfklúbbur Kiðjabergs

Golfklúbbur Kiðjabergs (GKB) hefur ávallt lagt mikla áherslu á að veita æfingaaðstæður og ágætt umhverfi fyrir golfara, jafnt félagsmenn sem gesti. Árið 2024 var viðburðaríkt og fór vel af stað með sameiginlegri vorferð til Spánar, auk umfangsmikilla umbóta á vellinum.

Golftímabilið hófst formlega með vorferð til Fairplay Resort á Spáni. Rúmlega 50 klúbbmeðlimir söfnuðust saman til að koma sveiflunni í gang fyrir sumarið og njóta góðs félagsskapar. Ferðin var afar vel heppnuð og hefur sýnt sig sem mikilvægur hluti af félagsstarfi klúbbsins.

Kiðjabergsvöllur var vel sóttur af gestum og félagsmönnum árið 2024 þrátt fyrir veðurfar sem var ekki eins hagstætt og undanfarin ár. Sumarveðrið var kaldara og blautara en þó var mörgum glæsilegum dögum til að dreifa. Aðsóknin var samt sem áður góð og hefur klúbburinn lagt mikla áherslu á að halda vellinum í sem bestu standi.

Miklar fjárfestingar voru gerðar á árinu, en megináherslan var á endurnýjun á vélakosti vallarins. Nokkur þörf var orðin á að skipta út eldri tækjum til að tryggja gæði og hagkvæmni í rekstri vallarins.

Auk þess var hafist handa við að leggja vökvunarkerfi á fyrri hluta vallarins. Stefnt er að því að vökvunarkerfi verði fullklárað og komið á allan Kiðjabergsvöll árið 2025. Þessi bæting mun skipta sköpum fyrir gæði vallarins, sérstaklega yfir heitustu mánuðina.

Stærsta mót ársins, 24 Open, var haldið í lok júní. 300 keppendur öttu kappi á vellinum. Mótið var afar vel heppnað og hefur fest sig í sessi sem eitt af helstu mótum ársins.

Landslið 50+ kvenna keppti í fyrsta sinn í 1. deild og stóð sig afar vel, enda náði liðið að tryggja sæti sitt fyrir næsta keppnistímabil. Meistaraflokkur karla endaði í 4. sæti í 2. deild Íslandsmót klúbba karla og aðrir keppnishópar stóðu sig vel í öðrum mótum.

Aðalfundur Golfklúbbs Kiðjabergs var haldinn 7. desember 2024. Á fundinum var stjórnin endurkjörin og er þetta viðurkenning á árangri og stefnu klúbbsins í rekstri og framþróun.

Stjórn Golfklúbbs Kiðjabergs fyrir árið 2024: Guðmundur Ásgeirsson formaður, Brynhildur Sigursteinsdóttir gjaldkeri, Jónas Kristinsson




*Kiðjabergsvöllur var valinn besti golfvöllur Íslands af World Golf Awards. Guðmundur formaður GKB tók við bikar á verðlaunahátíð sem fram fór í Portúgal.*

ritari, Magnús Haraldsson meðstjórnandi, Gunnar Þorláksson meðstjórnandi, Sigurlaug Gissurardóttir meðstjórnandi og Þórhallur Einarsson varamaður í stjórn.

Stærsti atburður ársins var sú viðurkenning sem Kiðjabergsvöllur hlaut er hann var valinn besti golfvöllur Íslands af World Golf Awards. Þetta er mikill heiður fyrir klúbbinn og golfvöllinn, enda mikil samkeppni við aðra framúrskarandi golfvelli landsins um þessa eftirsóttu nafnbót. Guðmundur Ásgeirsson fór til Madeira í Portúgal til að vera viðstaddur verðlaunaafhendinguna og taka við verðlaununum fyrir hönd golfklúbbsins.

Golfklúbbur Kiðjabergs er áfram í vexti og sér fram á spennandi framtíð. Með metnaðarfullri stjórn, öflugum félagsmönnum og áframhaldandi umbótum á vellinum er ljóst að næsta ár mun verða ekki síður viðburðaríkt.

## Golfklúbbur Selfoss

Stjórn Golfklúbbs Selfoss árið 2024 var skipuð þeim Páli Sveinssyni formanni, Bjarka Má Magnússyni varaformanni, Helenu Guðmundsdóttur gjaldkera, Hreini Þorkelssyni ritara og meðstjórnendunum Ástfríði Sigurðardóttur, Magnúsi J. Magnússyni og Leifi Viðarssyni. Stjórnin fundaði níu sinnum á árinu og hélt ársfund í desember.

Eins og tíðkast hefur síðustu ár fór vetrarmótaröð í golfhermum af stað í upphafi árs í okkar frábæru inni aðstöðu sem og púttmótaröðin sem barna- og unglinganefnd hafði veg og vanda af. Aðsóknin í mótaraðirnar var gríðarlega góð en einnig var aðsóknin í inni aðstöðuna með besta móti. Þá var einnig mikil og góð aðsókn í púttæfingasvæði og golfherma. Ekki skemmdi fyrir að fjárfest var í nýjum skjávörpum sem juku enn frekar á jákvæða upplifun kylfinga. Einnig fóru inniæfingar barna og unglinga sem og afreks kylfinga af stað á fullum krafti í upphafi árs.

Rysjótt tíð íslenska vetursins býður upp á mikla fjölbreytni en ekki mikinn fyrirsjáanleika. Í því samhengi er gaman að segja frá því að æfingaskýlið var opnað í blíðviðri 12. janúar en í byrjun febrúar lögðu vallarstarfsmenn gönguskíðabraut á vellinum. Starfsmenn GOS nýttu tækifærið í vetur og tóku golfskálann í gegn, glæsilega að verki staðið og




*Stjórn Golfklúbbs Selfoss sem kosin var á aðalfundi í desember 2024.*

skálinn eins og nýr að sjá. Flatir voru sandaðar í byrjun apríl en þá varð ljóst að völlurinn kæmi nokkuð vel undan vetri, ólíkt fyrra ári.

Félagsstarfið í ár var í blóma. Í lok apríl fóru GOSarar í félaga- og æfingaferð til Novo Sancti Petri í Andalúsíu á Spáni. Sú ferð ver gríðarlega vel sótt og vel lukkuð. Ein birtingarmynd þess hversu öfluga og virka félagsmenn GOS hefur var vinnu- og vorhreinsunardagurinn sem fram fór laugardaginn 4. apríl. Þar mættu nálægt 100 félagsmenn og létu sannarleg til sín taka og gátum við opnað völlinn fyrir félagsmenn daginn eftir eða þann 5. maí. Völlurinn var opnaður viku síðar fyrir hinn almenna kylfing og á sama tíma opnuðum við veitingasöluna í golfskálanum. Hin fjölsóttu nýliðanámskeið hófust í maí, innanfélagsmótaröðin fór af stað í maí, kvennakvöld var haldið 23. maí, fjölsótt Jónsmessumót fór fram í júní, meistaramótið í byrjun júlí, Lindex kvennamótið fór fram í ágúst og bændaglíman var lokamót golfársins um miðjan september. Eldri kylfingar golfklúbbsins - ELDGOS - römmuðu svo glæsilegt félagsstarf inn með fjölmennri haustferð á Novo Sancti Petri í lok september.

Afreksstarfið hélt áfram að blómstra og náðu kylfingar á vegum GOS glæsilegum árangri á árinu. Heiðrún Anna Hlynsdóttir var valin íþróttakona HSK í mars en Heiðrún var valin í landslið GSÍ í sumar sem og Aron Emil Gunnarsson. Þau kepptu í júlí í Evrópumóti landsliða í Póllandi og Spáni. Lið GOS sigraði á Íslandsmóti golfklúbba 19-23 ára í hávaða roki á Kiðjabergsvelli í byrjun júní. Íslandsmeistarar og sannarlega glæsilegur árangur. Aron Emil og Katrín Embla Hlynsdóttir sigruðu á heimslistamóti GSÍ sem fram fór í júní á Kiðjabergi. Holukeppni GOS fór fram í ár eins og áður og sigraði Halldór Rafn Halldórsson í úrslitaleik gegn Ragnari Sigurðssyni og varð því Holukeppnismeistari GOS 2024. Meistaramótið hófst 1. júlí og var þátttaka og framkvæmd mótsins til algjörrar fyrirmyndar. Hlynur Geir Hjartarson og Katrín Embla Hlynsdóttir urðu klúbbmeistarar Golfklúbbs Selfoss 2024. Íslandsmótið fór fram í Leirunni hjá Golfklúbbi Suðurnesja þriðju vikuna í júlí. Annað árið í röð gerðum við GOSarar atlögu að Íslandsmeistaratitlinum og eins og í fyrra var það kylfingur úr GOS sem barðist um titilinn fram á lokaholur mótsins. Aron Emil Gunnarsson sýndi glæsilegt golf alla mótsvikuna og landaði að lokum silfrinu, hafnaði í 2. sæti. GOS átti lið í 1. deildum Íslandsmóta liða golfklúbba og enduðu þau bæði í 5. sæti sem tryggði áframhaldandi veru í deildum þeirra bestu.

Tímamót urðu svo í lok ágúst þegar opnað var inn á fimm nýjar holur og völlurinn stækkaður í 14 holur. Óhætt er að fullyrða að við kylfingar í Golfklúbbi Selfoss séum eigendur eins glæsilegasta golfvallar á landinu, svo vel hefur tekist til í nýframkvæmdum. Framkvæmdastjóri var fenginn til að segja og sýna frá „golf ævintýrinu á Selfossi“, eins og okkar öflugu framkvæmdir eru stundum kallaðar, á fundi formanna og framkvæmdastjóra golfklúbba í byrjun nóvember. Framkvæmdirnar hafa sannarlega fengið verðskuldaða athygli og lof frá golfhreyfingunni hérlendis.

Stjórn golfklúbbs Selfoss, golfárið 2024, þakkar öllum félagsmönnum gleði- og gæfuríkt samstarf á golfárinu sem er að líða. Við hvetjum félagsmenn til að halda áfram að leggja sitt af mörkum í öflugu félagsstarfi og að vera virkir í vetrarstarfinu sem fram undan er.

## Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur GOT ársins 2024 var haldinn 20. febrúar. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Er stjórn GOT óbreytt og er skipuð eftirfarandi mönnum; Bjarni Magnússon formaður, Hilmar Hólmgeirsson varaformaður og Magnús Már Þórðarson gjaldkeri.

Sumarstarfið var í miklum blóma í ár. Nokkur innanfélagsmót voru haldin, bæði stór og smá, ásamt öðrum viðburðum og var mæting nokkuð góð.

Bikarkeppni fór fram eins og undanfarin ár. Bikarmeistari klúbbsins 2024 Hjörtur Freyr Vigfússon eftir hörku viðureign við gjaldkera klúbbsins, Magnús Má Þórðarson.

Fyrsta golfherma mótið fór fram vordögum og er það í fyrsta skipti sem klúbburinn heldur slíkt mót fyrir félagsmenn. Mótið fór fram í glæsilegri aðstöðu hjá Bönkernum á Akranesi. Sigurvegari mótsins var Sigurður Elvar, sem jafnframt er eigandi þessarar glæsilegu aðstöðu. Vill stjórn klúbbsins sérstaklega þakka Elvari fyrir undirbúning og skipulagningu á þessu skemmtilega móti, sem verður án efa árlegur viðburður héðan í frá.

Nokkur önnur innanfélagsmót voru haldin í sumar og haust í misgóðu veðri. Þátttakan í þessum mótum fór dálítið eftir veðri en félagsskapurinn alltaf jafn góður. Stjórnin vil þakka mótanefnd fyrir góða skipulagningu á þessu mótum. Meistaramót GOT átti að fara fram í byrjun september. Því miður þurfti að fresta því vegna veðurs. Ekki fannst önnur hentug dagsetning fyrir mótið.

Jólahlaðborð GOT var haldið 14. desember. Er það álit stjórnar að dagurinn hafi heppnast með miklum ágætum. Matarnefndin stóð sig frábærlega eins og alltaf en það sem kom hvað mest á óvart var að skreytinganefndin mætti loks til leiks og stóð sig með eindæmum vel.

Að lokum vill stjórn GOT þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðasta starfsári. Að því sögðu þá vill stjórnin hvetja félagsmenn til leggja sitt af mörkum til að árið 2025 verði félagsmönnum öllum til mikillar ánægju. Því virk jákvæð þátttaka félagsmanna er lykillinn að velferð klúbbsins.

## Golfklúbbur Þorlákshafnar

Árið 2024 var gott ár í starfi Golfklúbbs Þorlákshafnar. Fjölgun var í klúbbnum, fjárhagsafkoma var með besta móti, unnið var mikið og gott starf við umhirðu golfvallarins, mikið um framkvæmdir, vel var tekið á móti kylfingum sem komu á völlinn, ný heimasíða klúbbsins leit dagsins ljós og síðast en ekki síst var byggður glæsilegur pallur við hlið hússins.

Skráðir félagar í Golfklúbbi Þorlákshafnar voru um áramótin 683 talsins, þar af 330 fullgildir félagar, 156 í Landsbankadeild klúbbsins og 197 í aukaaðild. Þetta er töluverð aukning í félagafjölda eða fjölgun um 43 talsins. Fullgildum félögum hefur fjölgað úr 262 í 330 milli ára á meðan auka aðildin dregst saman úr 230 í 197 milli ára. Samsetning hópsins sem hefur GÞ sem aðalklúbb, og eru fullgildir félagar, er eftir byggðarlögum þannig að rúmlega 36% er búsettur í Ölfusinu, en hinn hlutinn er að mestu frá höfuðborgarsvæðinu. Sú fjölgun sem hefur átt sér stað undanfarin ár í klúbbnum kemur jafnframt að miklu leyti af höfuðborgarsvæðinu. Fólksfjölgun í Ölfusi hefur þó líka skilað fleiri kylfingum í klúbbinn sem eru búsettir hér á svæðinu.

Barna- og unglingastarf klúbbsins sumarið 2024 var með ágætum og mikil ánægja var með æfingarnar hjá bæði iðkendum og foreldrum.

Kvennastarf GÞ hélt áfram sumarið 2024 og gekk vel. Flottur hópur kvenna hittist á fundi fyrir sumarið og mikill hugur í hópnum. Konur í klúbbnum spiluðu saman alla miðvikudaga. Svipaður fjöldi var í hópnum og undanfarin ár.

Aðsókn að vellinum í ár var mjög svipuð og árið á undan. Skráðir voru 12.400 spilaðir hringir á móti 12.748 hringjum árið 2023.

Vinavallarsamningar voru við tvo klúbba eins og undanfarin ár, GOS og GHG þar sem gjaldið er 3.500 kr. fyrir hringinn. Þessir samningar eru gagnkvæmir þ.e. félagar GÞ greiða þegar spilað er hjá þessum klúbbum og félagsmenn þeirra greiða sama gjald þegar þeir heimsækja okkur. Heimsóknir til GÞ frá þessum klúbbum eru skráðir hringir frá GOS 318 og frá GHG 164. Ekki eru tiltækar upplýsingar um heimsóknir okkar til þeirra.

Mótanefnd klúbbsins hélt utan um nokkur mót á árinu. Hið árlega Black Sand Open mót var haldið 1. maí þar sem 183 kylfingar tóku þátt í frábæru veðri. Miðnæturmót GÞ var haldið 29. júní þar sem spilað var í 4 manna Texas Scramble liðum. Góð þátttaka var í mótinu sem fór vel fram. Meistaramót klúbbsins fór fram dagana 10.-14. júlí og það voru þau Ástmundur Sigmarsson og Svava Skúladóttir sem urðu klúbbmeistarar 2024. Opna Hamingjan við hafið var síðan haldið 11. ágúst. Mótið var hjóna- og para Texas Scramble mót og voru 31 lið skráð til leiks. Bændaglíman var síðasta mót ársins og fór fram í september.



Golfskáli Golfklúbbs Þorlákshafnar.



*Golfklúbburinn Þverá tók þátt í sveitakeppni 50+ sem haldin var á Hellishólum og lenti í 2. sæti.*

Á árinu var áfram unnið við nýframkvæmdir á vellinum, til að aðlaga hann að þeirri heildarbreytingu sem unnið er að. Umhirða og viðhald á vellinum sjálfum er alltaf að aukast og kylfingar farnir að setja meiri kröfur varðandi gæði, aðbúnað og aðstöðu. Halda þarf áfram þeirri góðu vinnu sem hefur átt sér stað síðustu ár varðandi fjölgun og stækkun teiga á vellinum ásamt því að koma fyrir vökvunarbúnaði í þá teiga sem það vantar. Vinna við þetta hélt áfram síðasta sumar og stóð yfir fram á haust og voru framkvæmdirnar eins og áður að mestu unnar af starfsmönnum og félögum. Þessar breytingar á vellinum hafa verið unnar í takt við þá áætlun sem fylgt hefur verið eftir undanfarin ár. Veðurfar, umferð um völlinn og aðrar framkvæmdir valda því að stundum er erfitt að framkvæma allt það sem þarf að gera. Það eru engin tvö sumur eins og þess vegna er nauðsynlegt að reyna að aðlaga sig að því sem er og horfa alltaf einhver ár fram í tímann.

Næsta sumar er stefnt að því að halda áfram vinnu við fjölgun og stækkun teiga, lagfæra stíga og rofabörð, koma fyrir vökvunarbúnaði í þá teiga sem eftir eru og grafa niður vatnslagnir. Edwin Roald hefur eins og áður verið klúbbnum til ráðgjafar við verkið ásamt því að sjá um hönnunina. Einnig er forgangsatriði að koma upp salernisaðstöðu úti á velli. Vinna við hönnun og skipulag þess verkefnis er farin af stað og vonandi verður hægt að koma upp slíkri aðstöðu strax í vor.

Á vormánuðum var farið af stað í það verkefni að stækka pallinn við klúbbhúsið. Verktakinn FA Smíði með Finn Andrésson í fararbroddi var fenginn til að vinna verkið. Stækkunin er kærkomin viðbót við klúbbhúsið fyrir félagsmenn GÞ sem og fyrir alla þá kylfinga sem koma og heimsækja Þorláksvöll.

Fjöldi starfsmanna sem starfaði við völlinn í sumar eða hluta sumars voru tveir vallarstarfsmenn og vallarstjórinn Guðmundur Karl. Þessir starfsmenn sáu einnig um slátt á fótboltavöllunum ásamt því að þrír vinna við þær nýframkvæmdir sem í gangi voru. Brynjar Sæmundsson hjá Grastec aðstoðaði okkur með ráðgjöf og sérfræðiþekkingu eftir því sem þörf var á eins og undanfarin ár.

Rekstur á Golfskálanum var með svipuðu sniði þetta sumarið og undanfarin ár. Kröfur varðandi þjónustu og aðbúnað á golfvöllum er alltaf að aukast. Í þessum efnum þarf að horfa til framtíðar, taka mið af þeirri þróun sem er í golfinu og ýmsum öðrum þáttum.

Fjárhagsleg afkoma á árinu var með ágætum. Afkoma eftir afskriftir og fjármagnsliði var nokkuð góð og varð hagnaður af rekstrinum. Það er margs að gæta í sambandi við fjárhag klúbbsins, kostnaður við breytingar á velli, viðhald og rekstur er umtalsverður. Sveitarfélagið Ölfus hefur staðið vel við bakið golfklúbbnum og án aðkomu þess væru þær breytingar sem unnið er að á golfvellinum ekki framkvæmanlegar. Sá tækjakostur sem klúbburinn á og þarf að nota er kominn til ára sinna og liggur fyrir að hann þarfnast endurnýjunar. Á árinu var fjárfest í nýrri Green sláttuvél og nýjum golfbíl, ásamt ýmsum öðrum smátækjum. Á næstu árum gefst vonandi færi á því að setja meiri fjármuni í endurnýjun á vélum og tækjum, það er þörf á því. Sem dæmi má nefna er Róbóta væðing golfvalla er í fullum gangi. Klúbburinn hefur hug á að skoða þann möguleika að fjárfesta í róbótum sem geta sinnt bæði brautar- og „semiröff" slætti.

Á aðalfundi í janúar voru fimm einstaklingar kjörnir í stjórn klúbbsins og tveir í varastjórn.

Þann 24. október ákváðu fjórir einstaklingar; formaður, ritari, meðstjórnandi og einstaklingur í varastjórn að segja sig úr stjórn golfklúbbsins. Eftir stóðu því tveir stjórnarmenn og einn í varastjórn.

## Golfklúbburinn Þverá

Aðalfundur GÞH var haldinn á Hellishólum 9. mars 2024. 16 félagsmenn, að meðtalinni stjórn mættu á fundinn. Formaður fór yfir starfsárið og ræddi um meðal annars góðan árangur klúbbfélaga á Íslandsmóti golfklúbba 50+ í 4. deild, en það var haldið að Hellishólum og voru þátttökusveitir víða að af landinu. Golfklúbburinn Þverá sendi lið og varð í fyrsta sæti og vann sér því þátttökurétt í 3. deild 2024. Það mót var einnig haldið að Hellishólum 2024 og varð lið félagsins í 2. sæti.

Stjórn félagsins 2024 skipa þau Ragnar Borgþórsson formaður, Víðir Jóhannsson gjaldkeri, Anton Smári Rúnarsson formaður mótanefndar, Þórunn Rúnarsdóttir formaður kvennanefndar, auk tveggja varamanna.

## Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ var haldinn í golfskála GÖ laugardaginn 23. nóvember 2024 að viðstöddum um 48 félögum auk þess sem þó nokkrir félagar streymdu fundinum. Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla formanns, reikningar lagðir fram, árgjöld ákveðin og kosningar. Líflegar umræður áttu sér stað um margvísleg málefni klúbbsins, meðal annars fjölda félagsmanna og voru bornar fram tillögur þar um. Reikningar félagsins og skýrsla formanns verður fljótlega aðgengileg á heimasíðu klúbbsins.

Árið 2024 var 50 ára afmælisár GÖ og var áfanganum fagnað sem náði hámarki í glæsilegu afmælismóti í júlí sem skipulagt var af afmælisnefnd GÖ undir styrkri stjórn Brynjars Stefánssonar.

Þá var opnaður söguvefur GÖ, þar sem tekið hefur verið saman ótrúlegt magn upplýsinga um sögu og rekstur GÖ frá upphafi. Ritnefnd undir stjórn Kristínar Guðmundsdóttur fær sérstakar þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf við samantekt gagna.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi: Rekstrartekjur: kr. 105.809.706, samanborið við 92.385.254 árið 2023. Rekstrargjöld: kr. 102.914.526 samanborið við 89.484.443 árið 2023. Rekstrarhagnaður kr. 2.895.180 samanborið við 2.900.810 árið 2023.

Árgjöld án afsláttar voru samþykkt sem eftirfarandi kr. 109.000 auk þess sem innheimt verður skálagjald kr. 7.000 líkt og undanfarin ár.

Tvær breytingar urðu á stjórn fyrir komandi starfsár. Gígja Hrönn Eiðsdóttir kom inn í stjórn í stað Dagmar Maríu Guðrúnardóttur og Ólafur Jónsson kom í stað Knúts G. Haukssonar í varastjórn.

Stjórn GÖ skipa því Guðmundur Pálmason formaður, Guðlaug Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Gígja Hrönn Eiðsdóttir stjórnarmaður, Brynjar Stefánsson varaformaður, Hannes Björnsson stjórnarmaður, Ólafur Jónsson og Guðjón Bragason í varastjórn.

## Hestamannafélagið Geysir

Aðalfundur Geysis 2024 var haldinn 6. mars. Örlitlar breytingar urðu á skipun stjórnar en Sóley Margeirsdóttir sem hafði verið varamaður í stjórn kom inn sem aðalmaður fyrir Dórotheu Oddsdóttur sem tók sæti í varastjórn. Stjórn var því skipuð Eiríki Vilhelm Sigurðarson (formaður), Sóley Margeirsdóttur (varaformaður), Mörtu Gunnarsdóttir, Lárusi Jóhanni Guðmundssyni og Guðmundi Friðriki Björgvinssyni. Varamenn voru kosnir Dórothea Oddsdóttir og Jónína Lilja Pálmadóttir.

Uppskeruhátíð félagsins fór fram í nóvember og Uppskeruhátíð barna- og unglinga í desember. Starf félagsins á árinu hefur verið virkilega öflugt, fimm nefndir voru starfandi auk stjórnar og hvergi slegið slöku við. Á árinu fóru fram sýnikennslur, folaldasýning, pupquiz, námskeið fyrir alla aldurshópa og gríðarlega öflugt æskulýðsstarf sem við erum virkilega stolt af.

Geysir stendur fyrir gríðarlega öflugu mótahaldi en félagið hélt þrjú vetrarmót, stóð að Suðurlandsdeild með Rangárhöllinni líkt og síðustu sjö ár, héldum WR Íþróttamót, Gæðingamót, Punktamót og Suðurlandsmót. Mikil þátttaka er í öllum mótum félagsins og sýnir árangurinn sig á stórmótum.

Það er óhætt að segja að starf sjálfboðaliðans sé sko langt í frá á undanhaldi hjá okkur í Geysi, á þessu



*Frá æskulýðssýningu Geysis.*

tímabili hafa yfir 70 sjálfboðaliðar lagt hönd á plóg við að halda uppi öflugu félagsstarfi.

Geysir leggur metnað sinn í að öllum börnum 18 ára og yngri í Rangárvallasýslu standi til boða að stunda hestamennsku í einhverri mynd á hverju ári. Mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða, bæði þar sem félagið útvegar hestinn sem og þar sem nemendur koma sjálfir með sinn hest.

Á árinu 2024 sóttu um 150 börn og unglingar í Rangárvallasýslu námskeið hjá félaginu.

Árið byrjaði með námskeiðum fyrir allan aldur en gríðarlega góð aðsókn var á námskeið félagsins líkt og síðustu ár. Námskeiðin fóru af stað í byrjun febrúar.

Félagið stóð fyrir námskeiðum á þremur stöðum. Rangárhöllinni á Hellu, Skeiðvangi í Hvolsvelli og Traðarási í Landeyjum. Þegar leið nær vori var farið af stað með reiðnámskeið fyrir þá sem ekki hafa aðgang að hestum í hesthúsahverfinu á Hellu og Hvolsvelli og voru þau gríðarlega vel sótt.

Hestafimleikar héldu áfram þar sem krakkar á öllum aldri eða allt frá 4ra ára til 16 ára hafa tekið þátt. Hestafimleikar hafa aukið vinsældir sínar og stunda nú um 40 börn hestafimleika vikulega í Rangárhöllinni á Hellu.

Það sem helst ber að nefna í æskulýðsstarfinu á liðnu ári er annað en það sem tengist eiginlegum reiðnámskeiðum og mótahaldi er æskulýðssýningin, fjölskyldureiðtúrinn og ævintýraferðin. Æskulýðssýning Geysis var haldin 1. maí og tókst frábærlega. Öllum börnum, unglingum og ungmennum sem taka þátt í starfi Geysis er boðið að taka þátt. Æfð eru atriði með leiðbeinanda til þess að sýna afrakstur vetrarins. Um 120 börn komu fram í fjölbreyttum atriðum og var húsfyllir í Rangárhöllinni og um 500 áhorfendur. Sýningin hlaut mikið lof og vex á milli ára og sýnir það hversu gríðarlega sterkum rótum hestamennska stendur í sýslunni.

Fjölskyldureiðtúrinn var farinn í lok maí, farið var frá Austvaðsholti í Hrólfsstaðahelli. Við fengum afar fallegt vor veður og létt var yfir mannskapnum.

Ævintýraferð Geysis var farin í lok júní og var riðið frá Velli í Hvolhreppi og að Fossi á Rangárvöllum þar sem var gist í eina nótt. Metþátttaka var í ár en um 24 börn fóru með. Er þetta í fjórða skiptið sem farið er í þessa ferð og tókst þessi ferð frábærlega eins og í fyrri ár.

Æska Suðurlands er mótaröð ætluð börnum og unglingum sem Geysir stendur fyrir í samstarfi við Jökul, Sleipni, Háfeta og Ljúf.

Árangur Geysisfélaga á Landsmóti var virkilega góður. Geysir sendi 50 fulltrúa á Landsmót í gæðingakeppni og þarf af náðu 14 í A-úrslit. Geysir átti fulltrúa í öllum úrslitum gæðingakeppninnar. Í barnaflokki voru 5 af 8 knöpum í A-úrslitum barnaflokks Geysisfélagar. Í A-úrslitum Unglingaflokks áttum við tvo fulltrúa. Í A-úrslitum ungmennaflokks áttum við tvo fulltrúa. Í A-úrslitum B-flokks áttum við einn fulltrúa og í A-úrslitum A-flokks áttum við tvo fulltrúa.

Græni jakkinn var því áberandi allt Landsmótið og heyrðist úr brekkunni: „Passið ykkur á grænu jökkunum!"

Árangur Geysisfélaga á Íslandsmóti var ekkert síðri en þar áttum við Íslandsmeistara í einhverri grein í öllum flokkum.

Í afreksstarfi Landssambands hestamanna er fjöldi Geysisfélaga í hverri grein eftirfarandi:

Geysir á 12 af 42 knöpum í Hæfileikamótun (14-17 ára) LH. Geysir á 3 knapa af 14 í U 21 árs landsliðshóp Íslands. Geysir á 6 knapa af 20 í A-landsliðshóp Íslands.

Hestamannafélagið Geysir er gríðarlega stolt af því öfluga starfi sem félagið stendur fyrir og þeim glæsilega árangri sem knapar félagsins ná. Iðkendur hestamennsku eru stöðugt að bæta sig og halda áfram að þroskast sem hestamenn.

Geysir stendur gríðarlega vel að því að við búum að fyrsta flokks aðstöðu sem félagið hefur stutt við uppbyggingu á og mun gera áfram.

Með gríðarlegum stuðningi stjórnar, foreldra, sjálfboðaliða, sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og því ötula starfi sem unnið hefur verið síðustu ár horfum við björtum augum til framtíðar. Geysir vill stuðla að nýliðun á sama tíma og stutt er við núverandi iðkendur.

## Hestamannafélagið Háfeti

Stjórn félagsins 2024 skipuðu Stefán Jónsson, formaður, Sigríður Birna Ingimundardóttir, ritari, Josefine Wikenholm, gjaldkeri og Katrín Stefánsdóttir og Hjálmar Fannberg Svansson, meðstjórnendur.

Árið 2024 var venju fremur hefðbundið. Voru menn og konur nokkuð dugleg að ríða út þrátt fyrir

kulda og ótíð. Farið var hefðbundna reiðtúra, karla- og kvennareið auk Selvogsreiðar. Var mæting með ágætum. Haldin var 50 ára afmælishátíð Háfeta í sal Black beach og var hún nokkuð vel sótt. Var Þórarinn Óskarsson heiðraður með blómvendi en hann var eini stofnfélaginn sem mætti.

Verulega hefur verið þrengt að reiðvegum vegna framkvæmda í ört stækkandi bæjarfélagi, og er það ærið verkefni að gæta hagsmunum félagsmanna til að halda sem flestum reiðleiðum opnum.

## Hestamannafélagið Jökull

Árið 2024 byrjaði með látum. Fyrsti viðburður var sýnikennsla með Jóhönnu Margréti Snorradóttur, en hún er ríkjandi heimsmeistari í tölti og fjórgangs greinum. Uppsveitadeildin hófst í byrjun febrúar og eins fóru vetrarmótin af stað en með nýju sniði. Vetrarmótin voru þrjú með u.þ.b. mánaðar millibili. Á fyrsta mótinu var keppt í fjórgang, á öðru var keppt í fimmgang og loks á því síðasta í tölti. Fullorðinsnámskeið rúlluðu af stað í febrúar en þau eru fastur liður í starfinu.

Aðalfundurinn var haldinn 1. mars í reiðhöllinni á Flúðum. Ágætis mæting var en engar mannabreytingar urðu í stjórn.

Stjórn skipa: Bragi Viðar Gunnarsson formaður, Ólafur Gunnarsson gjaldkeri, Vilborg Ástráðsdóttir ritari, Guðrún K. Snæbjörnsdóttir meðstjórnandi, Ragnheiður Eggertsdóttir meðstjórnandi, Ragnhildur S. Eyþórsdóttir meðstjórnandi og Svavar Jón Bjarnason meðstjórnandi.

Félagið fór á vormánuðum að selja varning merktan félaginu. Þar er helst að nefna húfur, bindi og peysur. Páskatöltið var á sýnum stað 1. apríl og er alltaf góð skráning á það. Bergrún Ingólfsdóttir heimsótti okkur og var með skemmtilegt knapaþjálfunarnámskeið. Firmakeppnin var haldin 4. maí í blíðskapar veðri á hringvellinum á Flúðum. Skemmtinefndin grillaði í alla og fór vel á með fólki.

Mikil hefð er að skapast hjá félaginu fyrir útreiðartúra. Þetta er fyrst og fremst útivist með félögum og ekki skemmir að njóta íslenskrar náttúru. Farnir eru 4-6 reiðtúrar yfir sumarið og var fyrsti farinn 1. júní á sama degi og við Íslendingar kusum okkur nýjan forseta. Síðasti reiðtúrinn var svo í lok ágúst.

Landsmótið var 1. – 7. júlí og áttum við Jökulsfélagar marga fulltrúa þar. Það var mikill undirbúningur fyrir mótið og er þetta mesta og stærsta skemmtun sem við hestamenn komumst á.

Gæðingamótið á Flúðum er okkar stærsta verkefni ár hvert. Í ár var það haldið 25. – 28. júlí og gekk það vonum framar. Þetta er virkilega vel sótt mót og er orðið stærsta gæðingamót ársins ár eftir ár að undanskildu Landsmóti. Við erum þakklát fyrir að fá alltaf svona marga glaða gesti til okkar á þetta skemmtilega mót.

Vallamót var á Laugarvatnsvöllum 14. til 16. ágúst að gamalli hefð. Þetta er „gamaldags“ mót þar sem ekkert rafmagn eða önnur nútíma þægindi eru. Félagsmenn flykkjast saman og hverfa aftur til fortíðar og hafa gaman. Keppt er á grasflöt og er skemmtunin látin ráða för.

Haustið fór í að skipuleggja vetrarstarfið og er það alltaf skemmtilegur tími fyrir stjórnar- og nefndarfólk. Í lok október var landsþing LH í Borgarnesi þar sem kosinn var nýr formaður LH. Árshátíð Jökuls var 16. nóvember í Aratungu og heppnaðist virkilega vel.

Eitt fullorðins námskeið var í haust og þar var mæting sem sannar að tímabilið hjá keppnisfólki er alltaf að lengjast. Hjörvar Ágústsson og Hanna Rún Ingibergsdóttir komu með frábæra sýnikennslu til okkar í lok nóvember.



*Nokkrir félagar úr Háfeta mættu ríðandi á kjörstað þegar landsmenn kusu nýjan forseta lýðveldisins.*



*Bræðurnir Magnús og Egill frá Austurhlíð unnu til verðlauna á innanfélagsmóti Jökuls.*

Í byrjun desember hélt félagið í fyrsta skipti skötuveislu í reiðhöllinni. Tókst það með eindæmum vel og mættu um 150 manns til að bragða sér á skötu og meðlæti. Kvöldið var styrktarkvöld og safnaðist vel fyrir félagið.

## Hestamannafélagið Ljúfur

Aðalfundur Ljúfs var haldinn 1. febrúar 2024. Stjórn skipa Ragnhildur Gísladóttir formaður, Erla Björk Tryggvadóttir varaformaður, Cora Jovanna Claas gjaldkeri, Þórunn Bjarnadóttir ritari og Snævar Freyr Sigtryggsson meðstjórnandi. Fjöldi félagsmanna Ljúfs í lok árs 2024: 196.

Mikill kraftur hefur verið í æskulýðsmálum þetta árið. Pollanámskeið eru haldin reglulega fyrir yngstu börnin og síðastliðinn vetur voru vikulegir reiðtímar í reiðhöll Eldhesta þar sem æfð var skrautreið. Sá hópur hélt svo skemmtilega sýningu sem sló í gegn og var virkilega vel sótt bæði af foreldrum og systkinum en líka áhugasömum íbúum Hveragerðis og Ölfuss. Sumarnámskeið Ljúfs eru alltaf á sínum stað auk þess sem ýmis önnur námskeið voru haldin, bæði almenn reiðnámskeið fyrir börn og keppnisnámskeið fyrir þá krakka sem vildu undirbúa sig fyrir keppnir og mót. Börn frá Ljúfi tóku þátt í mótaröðinni Æska Suðurlands og átti Ljúfur einnig efnilega knapa á



*Efnilegir Ljúfsknapar á góðri stund á Landsmóti 2024.*

Landsmóti hestamanna, þrjá í barnaflokki og einn í unglingaflokki. Í fullorðinsflokkum á Landsmóti áttum við tvo knapa í B-flokki og einn í A-flokki. Mótahald hjá Ljúfi er einnig að styrkjast. Haldin voru þrjú innanfélagsmót auk þess að gæðingamót í samvinnu við Sleipni, Háfeta og Hendingu var haldið á Selfossi samhliða úrtöku fyrir Landsmót.

Knapamerkjanámskeið héldu áfram á árinu. Einnig voru haldin paranámskeið og boðið upp á einkatíma hjá frábærum reiðkennurum. Og ekki má gleyma frábærri sýnikennslu sem Ljúfur stóð fyrir í reiðhöll Eldhesta, fyrst með Helgu Unu í janúar og síðan kom Sara Sigurbjörnsdóttir í febrúar. Þessir viðburðir voru mjög vel sóttir og heppnuðust vel. Kaup voru fest á brokkspírum á árinu og munu þær koma sér vel við námskeiðahald og þjálfun.

Félagsfundur var haldinn í félagsheimili Ljúfs 29. nóvember þar sem dagskrá vetrarins var kynnt og félagsmenn hittust í spjalli. Einnig hafa félagsmenn verið duglegir að hittast í reiðtúrum og stundum var skellt í vöfflukaffi. Páskabingó var á sínum stað. Stjórn Ljúfs og nefndir halda áfram að vinna að því að bæta aðstöðu og aðbúnað félagsmanna. Reiðvegastyrkir eru vel nýttir til að viðhalda reiðleiðunum okkar og einnig höfum við átt í samstarfi við bæjarfélögin um að tryggja öryggi reiðmanna í aukinni umferð og straumi ferðamanna í kringum hesthúsahverfið og víðar á reiðvegum Hveragerðisbæjar og Ölfuss. Unnið er hart að nýju deiliskipulagi og einnig hefur verið á dagskrá hjá Hveragerðisbæ að klára uppsetningu ljósastaura í hesthúsahverfinu.

## Hestamannafélagið Sleipnir

Árið hófst á hefðbundnu starfi, Félagshús Sleipnis fór af stað sem og námskeið Æskulýðsnefndar. Aðalfundur Sleipnis var haldinn 18. janúar og urðu breytingar á stjórn. Berglind Sveinsdóttir var kjörin formaður, Elísabet Sveinsdóttir kjörin í aðalstjórn, auk Bryndísar Guðmundsdóttur sem kom inn í varastjórn. Úr stjórn gengu, Sigríður M. Björgvinsdóttir formaður til fjögurra ára, Unnur Edda Jónsdóttir gjaldkeri til sex ára og Magnús St. Magnússon úr varastjórn.

Starfsemi í Félagshúsi Sleipnis hófst 8. janúar en þar er boðið upp á námskeið fyrir börn sem ekki hafa bakland í hestamennsku. Lagt er til húsnæði, hestar, reiðtygi og kennsla reiðkennara í allri meðferð hesta, umhirðu og búnaði ásamt reiðtímum. Skömmu síðar hófust venjubundin vetrarnámskeið Æskulýðsnefndar.

Fyrstu Vetrarmót ársins af þremur voru haldnir 3. febrúar. Árleg Þorrareið félagsmanna var farin 24. febrúar og var fjölmennt í reiðinni, daginn eftir 25. febrúar var svo 2. vetrarmót haldið og Uppskeruhátíð Sleipnis 2023 var síðan 16. mars í félagsheimilinu Þingborg. Þriðja og síðasta vetrarmótið fór fram 23. mars en í kjölfarið þann 27. mars fór fram árlegt Páskatöltmót Sleipnis. Kvennakvöld Sleipnis var haldið 24. apríl í félagsheimili okkar Hliðskjálf, fjölmennt var að vanda og uppselt á viðburðinn.

Firmakeppni Sleipnis var haldin 4. maí og tókst með ágætum. WR-Íþróttamót Sleipnis var haldið á Brávöllum dagana 15. til og með 20. maí. Þetta mót er stærsta mót ársins á ári hverju og voru skráningar það margar að færri komust að en vildu. Tókst það með miklum ágætum en því fylgir gríðar mikil vinna fyrir sjálfboðaliða/félagsmenn og eiga allir þeir sem að því heiður skilið.

Dagana 6. -9. júní héldum við Úrtöku- og Gæðingamót Sleipnis en þar er jafnframt úrtaka fyrir þátttöku félagsmanna á Landsmót Hestamanna sem haldið var af Fáki í Víðidal 1.-7. júlí.



*Frá hópreið Sleipnisfélaga á Landsmóti hestamanna í sumar.*

Kynbótasýningar voru á Brávöllum í ár, dagana 9.-21. júní.

Sumarferð Sleipnis var farin 14. – 16. júní, fjölmennt var að venju og fengum við gott veður alla dagana.

Sumarreiðskóli Sleipnis var að venju haldinn í júní til júlí og var mikil aðsókn. Hann er hugsaður sem vettvangur/sumarnámskeið fyrir börn og unglinga, sem viðbót námskeiða í Árborg yfir sumartímann þar sem skólar eru lokaðir.

Hestabraut FSu, ásamt Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, hafði aðstöðu til æfinga og kennslu í íþróttahúsi félagsins á vor -og haustönn samkvæmt samningum þar um.

Félagshúsið hóf aftur starfsemi á haustönn í september til desember. Í nóvember og desember stóð Æskulýðsnefnd fyrir knapamerkjanámskeiði, námskeiði í undirbúningi fyrir þjálfun ásamt reiðnámskeiði og fræðslunefnd hélt námskeið um járningum hesta. Góður endir á annasömu en frábæru starfsári.

Aðalstjórn Hestamannafélagsins Sleipnis 2024 skipa Berglind Sveinsdóttir, formaður, Elísabet Sveinsdóttir, varaformaður, Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson, gjaldkeri, Anna Björg Níelsdóttir og Solveig Pálmadóttir, stjórnarmenn. Í varastjórn eru Bryndís Guðmundsdóttir, ritari og Jón Valgeir Geirsson.

## Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 9. mars 2024 í Hvolnum á Hvolsvelli. Stjórn félagsins er þannig skipuð; Sigurður Kristján Jensson formaður, Christiane Bahner gjaldkeri, Esther Sigurpálsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Ólafur Elí Magnússon og Oddný Steina Valsdóttir. Varamaður er Ragnar Jóhannsson og fulltrúi unga fólksins er Sigurþór Árni Helgason.

Stefna félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu og að halda gjöldum í lágmarki. Við bjóðum upp á badminton, blak, borðtennis, frjálsar, glímu, körfubolta, rafíþróttir, styrktaræfingar og sund fyrir iðkendur í grunnskóla.

Okkur hefur ekki tekist að halda uppi fimleikum sökum þjálfaraskorts.

Stofnuð var skákdeild 2024 og hefur verið opinn tími á sunnudögum í Hvolnum frá 11-12:30.




*Lið Dímonar í 11 ára minnibolta á körfuboltamóti á Kirkjubæjarklaustri.*

## Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Íþróttafélagsins Garps 2024 var haldinn að Laugalandi þann 26. mars. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum og verðlaunaafhendingu var boðið upp á veitingar sem jafnan mælist vel fyrir. Breytingar urðu á stjórn þar sem Nanna Jónsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku félagsins eftir gott starf sem henni er þakkað fyrir. Tilnefndi hún nýjan formann, Steindór Tómasson og var það samþykkt einróma af fundargestum. Stjórn Íþróttafélagsins Garps til næsta aðalfundar skipa því Steindór Tómasson formaður, Brynja Dögg Ólafsdóttir gjaldkeri, Ólafur Brynjar Ásgeirsson ritari, Árbjörg Sunna Markúsdóttir fyrsti varamaður og Anton Óskar Ólafsson annar varamaður. Æfingar og skipulag var með líkum hætti og verið hefur undanfarin misseri. Við framboð æfinga er reynt að líta til þess að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Síðastliðið sumar náðist að endurvekja leikjanámskeiðin og var boðið upp á leikjanámskeið fyrir elsta árgang leikskólans og upp í 4. bekk grunnskólans og var þátttaka mjög góð. Síðastliðið haust hófust æfingar í byrjun september. Boðið var uppá borðtennis, frjálsar íþróttir, handbolta og körfubolta. Það hefur komið fram nokkur fylgni milli góðrar þátttöku og æfinga á skólatíma og er stefnt að því að fjölga þeim æfingum í samstarfi við grunnskólann Laugalandi. Íþróttafélagið Garpur hefur á sínum snærum hæfa og metnaðarfulla

þjálfara og á yngsta stigi er nálgunin sú að það sé gaman á æfingum. Þjálfararnir hafa sér til aðstoðar börn og ungmenni úr Garpi og má þar nefna Helgu Fjólu Erlendsdóttir í frjálsum og Anton Óskar Ólafsson í borðtennis. Þau hafa bæði unnið Íslandsmeistaratitla í sínum greinum á undanförnum árum og eru frábærar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur. Samstarf milli Garps, Dímon og Heklu var í körfubolta 7.-10. bekk, en því miður var aðeins einn iðkandi frá Garpi á haustönn. Það þýðir þó ekki annað en að halda áfram, enda margir efnilegir körfuknattleikskrakkar í yngri árgöngum okkar.

Iðkendur Garps tóku þátt í ýmsum mótum á árinu. Alltaf voru þeir félaginu sínu til sóma og gerðu sitt besta hvort sem verðlaun unnust eða ekki.

Öflugasta deildin innan Garps er borðtennisdeildin og er fjöldi iðkenda á borðtennisæfingum rúmlega 1/3 af nemendum Laugalandsskóla. Það er einstakt og hefur vakið verðskuldaða athygli á landsvísu og hafa krakkar úr Garpi komist í landsliðsverkefni og náð góðum árangri á landsvísu. Körfubolti stráka og stelpna er sameiginlegur upp í 6. bekk og er góð þátttaka þar, eins og í flestum greinum. Frjálsar íþróttir eru æfðar á Laugalandi í tveimur hópum, 1.-4. bekk og 5.-10. bekk. Þar hefur Helga Fjóla haldið uppi merki Garps undanfarin ár, en nú sér fram á bjartari tíma með fleiri iðkendum. Handboltaþjálfararnir okkar sáu sér ekki fært að þjálfa í vetur, en því var bjargað með samvinnu við Selfyssinga. Örn Þrastarson fékkst í verkið og er mikil ánægja með hans störf og nálgun, en hann þjálfar 1.-4. bekk og 5.-8. bekk.

Uppbygging íþróttastarfs byggist á stöðugleika og góðum þjálfurum. Þar erum við Garpar lánsöm og er öllum þjálfurum þökkuð frábær störf í þágu félagsins. Íþróttafélagið Garpur endurnýjaði samning við Rangárþing ytra á árinu. Íþróttafélagið starfar í tveimur sveitarfélögum, R-ytra og Ásahreppi og styðja þau bæði myndarlega við starfsemi félagsins og það mikilvæga starf sem stjórn félagsins innir af hendi í sjálfboðavinnu.

Ekki er hægt að skila starfsskýrslu án þess að minnast á okkar besta mann og heiðursfélaga Garps, Guðna á Þverlæk, sem á nítugasta og öðru aldursári heldur uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar félaginu. Það starf er ómetanlegt fyrir starfsemi Garps og færum við honum bestu þakkir fyrir hans magnaða starf.

## Íþróttafélagið Gnýr

Formaður er María. K. Jacobssen, gjaldkeri og ritari Valgeir Fridolf Backman og meðstjórnendur Kamma Viðarsdóttir og Anna María Daníelsdóttir.

1. janúar var Reynir Pétur Steinunnarson sæmdur Fálkaorðunni fyrir afrek sín í þágu fatlaðra. „Ég ruddi bara brautina" sagði Reynir, einn þekktasti göngugarpur landsins.

6. janúar var Þrettándagleði. Daníel Ágúst og Björn Jörundur tóku nokkur lög áður en allir breyttust í álfa, tröll og allskonar skrítið mannfólk, arkað í blysgöngu á brennu og flugeldasýning við Tröllagarð. 25. janúar Þorrablót Sólheima. Baðhús við sundlaug slær í gegn og íbúar og starfsmenn duglegir að mæta í sundleikfimi og sundblak eða bara að fljóta saman. Þá eru ákveðnir tímar þar sem sundlaugarvörður vaktar, en sundlaug er bara opin fyrir íbúa og starfsmenn. 5. febrúar hófust Bocciaæfingar enda var haldið Vinamót Gnýs og Suðra Selfossi í Vallaskóla 17. febrúar, mikið gaman og mikið fjör.

25. febrúar var Skáta- og konudagsmessa. Sr. Dagur Fannar Magnússon í Sólheimakirkju, Skátahöfðingi Íslands, Harpa Ósk Valgeirsdóttir og Gummi Páls og Skátakórinn. Hugvekju flutti María



*Yngri æfingahópur Garps í borðtennis, ásamt þjálfara sínum Bæring.*

K. Jacobssen, messur voru u.þ.b. mánaðarlega. 4. mars Tobba, Þorbjörg Sigurðardóttir féll frá. Útför hennar fór fram 22. mars. 14. mars HSK þing haldið í Árnesi. 17. mars risa páskabingó fyrir íbúa og starfsmenn í Vigdísarhúsi. Páskaeggjaratleikur um Sólheima, þú finnur eggjaspjald og færð Páskaegg. Tónleikar með kórum stórum og smáum og margt tónlistarfólk sem kom og skemmti okkur þetta árið. Skátaþing Bandalags íslenskra skáta var haldið á Sólheimum 5.-7. apríl 2024 þar sem Skátafélag Sólheima voru gestgjafar, lukkaðist afar vel. Forsetaframbjóðendur sóttu margir til Sólheima og kynntu sig og sína. 25. apríl Sumardagurinn fyrsti er frumsýning á Óbyggðirnar kalla hjá leikfélagi Sólheima. 4. maí kom Félag harmónikku unnenda og þandi harmonikkurnar í kaffihúsinu. Íþróttaleikhús Sólheima var tekið í gegn og Íþróttagólf pússað upp og línur endurmálaðar og lakkað, þvílíkur munur að æfa t.d. boccia. 1.júní hófst Menningarveisla Sólheima og 12 laugardaga í röð voru ókeypis tónleikar. 17. júní hátíð Grímsnes- og Grafningshrepps haldin á Borg, skrúðganga leidd af Sólheimaskátum, hoppukastali, ræðuhöld, skemmtun og Sólheimar fengu viðurkenningu sem heilsueflandi samfélag 5. júlí á 94 ára afmæli Sólheima, bauð Securitas uppá grillveislu, snillingar. Í sumar var nýjung í sölu grænmetis en gestir gátu farið í gróðurhúsið Sunna og týnt í fötu og greitt fyrir kg., mjög vinsælt. 16. ágúst vorum við með Regnbogadag, skrúðganga og tónlist. 18. ágúst var



*Reynir Pétur, félagi í Gný til áratuga, var sæmdur Fálkaorðunni fyrir afrek sín í þágu fatlaðra.*

opni dagurinn á Sólheimum og fjölskyldudagurinn. Þetta var mikill veisla, eldsmiður, skátar með kakó á hlóðum, kaffi og kökuveisla fyrir gesti og gangandi, kynning á listaverkum í Listhúsi, pizzuveisla í boði Dominos á eftir fyrir íbúa og starfsmenn. 12. september Sólheimahlaup Frískra Flóamanna haldið og fjölmargir mættu, gengu, hjóluðu eða hlupu. Allir unnu. Sigtryggur Einar Sævarsson fékk framfarabikarinn 2024. 21. september, Svartipétur vinsæli spilaður og brjáluð spenna, sú sem vann var engin önnur en Guðrún Lára Aradóttir. Römpum upp Ísland 8. október kláruðu 30 rampa á Sólheimum og er því aðgengi og möguleikar fatlaðra í hjólastólum orðið til fyrirmyndar loksins eftir 94 ár.

23. október Skátafélag Sólheima á kvöldvöku Fossbúa sem haldin var í Sunnulækjaskóla. 26. október; Íslandsmót ÍF, einstaklingskeppni í Boccia í Laugardalshöll. Guðrún Jóna Ingvarsdóttir fékk 3. sæti í sínum flokki. 9. nóvember; Kynning á Allir með til fyrirmyndar. 7. desember; HSK mót á Stokkseyri. Litlu jólin voru 8. desember. Aðventugarður, jólahlaðborð tónleikar, messur og gamlársgleði út árið.

## Íþróttafélagið Hamar

Ný stjórn var kosinn á aðalfundi Hamars þann 11. mars 2024. Stjórn Hamars skipa Þorsteinn T Ragnarsson formaður, Jónas Guðnason gjaldkeri, Dagrún Ösp Össurardóttir ritari og meðstjórnendur eru Hallgrímur Brynjólfsson og Ágúst Logi Valgeirsson.

Íþróttafélagið Hamar líður enn fyrir að hafa misst hluta af íþróttaaðstöðu sinni og hefur mikil orka farið í að finna öllum deildum farveg í að sinna sínu hlutverki. Þorlákshöfn, Selfoss, Reykjavík og Grímsnes eru staðir sem hafa komið að góðum notum við íþróttaiðkun en ljóst að öllum er farið að íþyngjast verulega biðin.

Það er þó komin sólarglæta í þeirri bið, því undanfarið hefur Hamar setið í byggingarnefnd á vegum Hveragerðisbæjar þar sem unnið er að viðbyggingu við íþróttahúsið að Skólamörk 6. Er áætlað að húsið komist í notkun árið 2027. Mikilvægt er að sú áætlun standist því iðkendum Hamars fer ört fjölgandi.

Knattspyrnuvöllur er áætlaður næsta sumar og mun sá völlur eflaust nýtast vel.

Guðjóna Björk Sigurðardóttir tók við starfi framkvæmdastjóra í apríl og óhætt að segja að miklar og skemmtilegar annir hafi fylgt því nýja



*Deildar- bikar og Íslandsmeistaralið Hamars í blaki karla.*

starfi. Hamar ætlar að verða fyrirmyndafélag og hefur Guðjóna unnið að fullu við það verkefni. Því fylgir skemmtileg vinna með deildunum, bókhaldsvinna færð til bókhaldsskrifstofu ásamt mörgum góðum lagfæringum í innra starfi. Við erum sannfærð um að þetta mun nýtast okkur vel.

Hamar/Þór kvennalið fór upp um deild og spilar nú í Bónus deild með ágætis árangri. Þarna er mikilvægt samstarf sem gerir ungum stelpum kleift að mynda lið til að spila góðan körfubolta. Karlalið Hamars í körfubolta féll niður um deild en er núna í efstu sætum 1. deildar.

Blaklið Hamars eru Íslands- og bikarmeistarar 2024.

Hamar lék í fjórðu deild í knattspyrnu karla s.l. sumar og lenti í 4. sæti.

Allt yngra flokka starf hefur gengið mjög vel og fjölgreinaverkefnið innan allra deilda hefur gengið virkilega vel og er nánast sprungið vegna mikillar eftirspurnar og skorts á húsnæði. Óhætt er að segja að það sé samdóma álit allra að verkefnið sé vel heppnað.

Við áttum landsliðsmann í knattspyrnu í U15, Markús Andra, sem var í byrjunarliði núna í sumar og er óhætt að segja að hafi gengið mjög vel. Markúsi var í framhaldi boðið í heimsókn til FC Kaupmannahafnar en menn virðast áhugasamir um hæfileika hans þar.

Körfuboltinn er á uppleið og bæði lið 7. og 8. flokks kvk. og kk. fóru í A riðil og keppa þar á meðal þeirra bestu á landinu.

Við áttum líka tvo Íslandsmeistara í badminton á árinu 2024.

Rekstur Hamarsports innan almenningsdeildar hefur gengið mjög vel og á þriðja hundrað iðkendur stunda þar æfingar á hverjum degi. Eldri borgarar og grunnskóli hafa einnig notað þessa aðstöðu með góðum árangri ásamt því að karlar og konur lyfta þungum lóðum í hverri viku innan lyftingadeildarinnar. Þarna fer fram mikilvæg starfsemi sem heldur mikilvægi almenningsíþrótta og lýðheilsu á lofti.

## Íþróttafélagið Mílan

Stjórn ÍF Mílan árið 2024 var þannig skipuð: Einar Sindri Ólafsson, formaður, Eyþór Jónsson, gjaldkeri og Guðmunda Ólafsdóttir, ritari.

Aðalfundur félagsins fór fram 28. febrúar og var stjórnin endurkjörin. Engar æfingar voru í gangi hjá félaginu fyrri hluta árs en um haustið var ákveðið að hefja æfingar að nýju og skrá félagið í Íslandsmótið, 2. deild. Ástæða þess að farið var af stað núna var sú að mikill áhugi var hjá hóp af mönnum sem voru hættir að spila með meistaraflokk Umf. Selfoss en voru of gamlir til að spila með Selfoss U. Að spila fyrir Míluna þótti góður kostur fyrir þennan hóp. Æfingar eru einu sinni í viku og liðið keppir um tvisvar í mánuði keppnistímabilið 2024-2025.

## Íþróttafélagið Mímir

Aðalfundur félagsins árið 2024 var haldinn 15. febrúar. Núverandi stjórnendur eru íþróttaformennirnir Ásdís Helga Magnúsdóttir og Tómas Már R. Indriðason, en stjórnarskipti eru bráðlega og þá taka nýir formenn við stöðunni. Í hverri viku er boðið upp á íþróttatíma þrisvar sinnum í viku, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga fyrir nemendur skólans þar sem eru í boði allskyns íþróttir og hreyfing. Einnig er einu sinni í mánuði haldin keppni í ákveðinni íþrótt á milli bekkja skólans og kallast þau Bekkjarmót. Við sjáum líka um Dollan sem er íþróttakeppnisbraut. Að lokum héldum við ML tröllið og ML skessan sem er kraftlyftingakeppni sem allir geta tekið þátt í. Haldið var skólamót þar sem nemendur kepptu við kennara. Einnig verður haldið Þórismót í lok janúar en Þórismótið er gömul hefð og er viku löng íþróttakeppni milli bekkja. Íþróttafélagið Mímir tók þátt á tveimur HSK mótum sem voru blak karla og blak kvenna. Kvennaliðið mætti aftur eftir 27 ára hlé og karlalið Mímis mætti aftur eftir 37 ára hlé frá þátttöku í blaki.

## Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldinn í Selinu þann 22. febrúar 2024 á 38 ára afmæli félagsins.

Kosið var í nýja stjórn. Ófeigur Ágúst Leifsson gaf kost á sér til áframhaldandi formannssetu, Þórdís Bjarnadóttir var kosin gjaldkeri, Bryndís Jónsdóttir gaf kost á sér sem ritari, meðstjórnendur voru kosnir Guðbjörg Gína Pétursdóttir og Guðrún Lilja. Fulltrúi iðkenda var kosin Kristín Sigurðardóttir.

Æfingar voru í boccia, golfi, lyftingum, taekwondo og fótbolta.

Boccia; Íslandsmót í liðakeppni og Hængsmót á Akureyri, Íslandsmót í einstaklingskeppni í Reykjavík og þar vann einn félagi okkar, hann Edvin Íslandsmeistaratitil. Og aðrir stóðu sig með stakri prýði eins og alltaf. Í desember var svo HSK mót í boccia með vinum okkar í Gný.

Golf; HSK mót í golfi var haldið sumarið 2024. Svo sendum við sex keppendur til Danmerkur 24. maí, á Special Olympics Sportfestival. Þar kepptu þau í unifight og spiluðu 18 holur. Góð reynsla fyrir þau sem höfðu ekki spilað áður 18 holur og stóðu sig öll frábærlega.

Lyftingar; Í nóvember var haldið HM í kraftlyftingum með búnaði í Reykjanesbæ. Kraftlyftingasamband Ísland ákvað þriðja árið í röð að hafa Special Olympics dag í kraftlyftingum, samhliða því móti. Þar átti Suðri tvo keppendur. María lenti í 3. sæti og Sigurjón Ægir vakti mikla athygli fyrir dugnað og elju.

Taekwondo; HSK mót var haldið 15. desember og þar tóku þrír þátt.

Fótbolti: Við sendum fimm keppendur til Danmerkur 24. maí, á Special Olympics sportfestival.

Við áttum sömuleiðis einn þátttakanda á HSK móti í frjálsum bæði um sumar og vetur 2024, en sá keppandi er að æfa með frjálsíþróttadeild UMFS.

Íþróttafjör: Eftir flottan fund með Gunnari í Árborg árið 2023 byrjaði íþróttafjör fyrir börn á grunnskólaaldri með fatlanir þann 14. janúar, sem er liður í átakinu Allir Með. Við fengum til okkar gestaþjálfara frá Umf. Selfoss, Gerplu og öðrum íþróttadeildum á svæðinu. Greinarnar sem við buðum upp á voru taekwondo, borðtennis, crossfit, píla, frjálsar, nútímafimleikar, fimleikar, handbolti, júdó og fótbolti. Æfingarnar fóru




*Frá æfingu Mílunnar í lok ágúst, þeirri fyrstu eftir langt hlé.*

fram í Baulu í Sunnulækjarskóla á sunnudögum frá 12:30 til 14:00. Skráning barna fór framar björtustu vonum. Við ætluðum af stað með verkefnið þó svo að aðeins eitt barn myndi skrá sig, en það endaði með 20 skráningum. Af þeim voru 12 börn sem héldu áfram og voru að mæta á æfingar. Virkilega jákvæðar viðtökur og framar öllum vonum.

Fótboltinn er að eflast mikið og áhuginn mikill. Þórdís Rakel Smáradóttir stýrir þeim æfingum sem því miður eru bara einu sinni í viku, seint að kvöldi. Skelfileg tímasetning og ferlegt að geta bara boðið þessum áhugasömu iðkendum upp á eina æfingu í viku. Á vorönn 2024 gat fótboltadeildin boðið börnum með fatlanir upp á æfingar einu sinni í viku. Þar voru nokkur börn sem þótti það gaman og mættu á æfingar en því miður var ekki hægt að halda því til streitu sökum húsnæðisvandamála. Já, ótrúlegt en satt, ekki tími í húsinu.

Í mars var samráðsfundur um stuðning við börn með fatlanir í sveitarfélaginu Árborg. Á þeim fundi voru fulltrúar: velferðarþjónustu, frístundar, foreldra, Suðra, UMFS-fimleikar, UMFS-handbolti og UMFS-framkvæmdarstjóri. Fram kom að þörfin er mikil og besta lausnin væri að bjóða börnunum upp á íþróttir við hæfi á þeim tíma sem þau eru í frístund. Þannig geta stuðningsfulltrúar barnanna fylgt þeim og veitt þeim stuðning. Einnig kom skýrt fram að ekki skal nota liðveislu í það hlutverk að fylgja þeim í íþróttir.

Eftir þennan fund og tvo aðra var sett saman minnisblað sem var sent til Árborgar. Niðurstaða hefur okkur ekki borist en vonandi er þetta í ferli. Góðir hlutir gerast hægt.

Haustið 2024 fékk formaður bréf frá Rakel Magnúsdóttur, svæðisfulltrúa íþróttahéraða á Suðurlandi. Hann fór á fund með henni, ásamt gjaldkera Suðra. Þessi fundur var sem himnasending. Svæðisfulltrúar gengu strax til viðræðna fyrir okkar hönd um að Suðri myndi ganga til liðs við Umf. Selfoss. Staðan í dag er sú að stofnfundur er dagsettur 24. febrúar 2025.

Einnig ætla svæðisfulltrúar ásamt fleirum að auglýsa eftir starfsmanni sem mun hafa yfir umsjón með íþróttafjörinu og móta starfsemi Suðra innan UMFS. Þannig munum við efla starfið og gera það eftirsóknarvert og aðgengilegt fyrir börn með fatlanir og stuðningsþarfir.

Þetta árið fjölgaði iðkendum í flestum greinum og fögnum við því.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess sem iðkendur efli hreyfifærni sína hafa margir okkar félaga aukið bæði sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja.

## Íþróttafélag Uppsveita

Árið 2024 var fimmta starfsár félagsins. Framan af hélt félagið aðeins utan um knattspyrnuiðkendur en sl. vor var stofnað körfuboltaráð innan félagsins og körfuboltaiðkendur farnir að æfa og keppa undir merkjum félagsins um haustið. Er félagið því orðið fjölgreinafélag sem var einmitt langtímamarkmið við stofnun þess. Meginmarkmið félagsins er að börn, á öllum aldri í Uppsveitum Árnessýslu, geti iðkað saman hópíþróttir þvert á hreppamörk. Aðalfundur var haldinn 17. apríl 2024 í félagsheimilinu á Flúðum. Stjórn félagsins skipa Sólmundur Magnús Sigurðarson formaður, Gústaf Sæland gjaldkeri og meðstjórnendur Auður Ólafsdóttir, Edda Arndal, Eyþór Orri Árnason, Gísli Þór Brynjarsson, og Ragnar Dagur Hjaltason. Í knattspyrnu er boðið upp á æfingar og keppni fyrir 7. - 3. flokk og meistaraflokk karla og er æft á grasvöllum og íþróttamiðstöðvum í Uppsveitum Árnessýslu. Í körfubolta er boðið upp á æfingar fyrir iðkendur á aldrinum 4-16 ára og meistaraflokk. Keppt er á ýmsum minniboltamótum og tekur meistaraflokkurinn þátt í 2. deild karla þennan veturinn. Sú breyting varð á s.l. haust að félagið sér nú um æfingar allt árið í sínum greinum, en áður sá félagið aðeins um sumaræfingar. Eru væntingar um það að þetta verði íþróttastarfi í Uppsveitum til heilla í framtíðinni og mun auka fagmennsku og tækifæri í heildstæðri, heilsársþjálfun fyrir bæði þjálfara og iðkendur.



*Leikmenn Uppsveita, þeir Halldór Fjalar Helgason og Páll Magnús Unnsteinsson í nýjum búningum hannaðir af Uppsveitungnum Jóhannesi Helgasyni í Atlantic Headwear.*

Í sumar æfðu yngri flokkar félagsins í knattspyrnu á fjórum völlum til skiptis á Laugarvatni, Flúðum, í Reykholti og í Árnesi. Voru æfingar á hverjum degi frá mánudegi til fimmtudags. Virkir iðkendur voru um 80, allt frá 16 ára og niður í 3 ára.

Félagið tefldi fram tveimur liðum í 5. flokk karla á Íslandsmóti og spiluðu þau í heildina 19 KSÍ leiki. Einnig tefldi félagið fram liðum á ýmsum sumarmótum og má þar helst nefna Olísmótið á Selfossi og N1 mótið á Akureyri. Þjálfarar voru Gústaf Sæland, Ingvi Rafn Óskarsson, Quico Vanó Sanjuan, Tindur Örvar Örvarsson og Magnús Skúli Kjartansson.

Meistaraflokkur karla var í sögulegri lægð og hálfgerðu „fótboltaþunglyndi“ í upphafi árs 2024 eftir langt og erfitt sumar árið áður þar sem liðið féll niður í 5. deild karla. Aðalmarkmið stjórnar var í raun að halda liðinu gangandi og full mönnuðu. Ljóst var að margir fyrrum leikmenn myndu ekki taka slaginn þetta árið og því þurfti liðið að reiða sig á yngri leikmenn og sækja styrk annað. Ungum leikmönnum víðs vegar af Suðurlandi var boðið tækifæri og einnig var endursamið við George Rasvan Chariton, framherja og lykilmann síðustu ára sem og Quico Vanó Sanjuan, miðjumanninn knáa sem er nú með fasta búsetu upp í sveit og þjálfar yngri iðkendur með öðru. Einnig var samið við ungan og metnaðarfullan þjálfara í Tind Örvari Örvarssyni, sem hafði áður stofnað knattspyrnulið í Árbæ og leitt upp neðri deildirnar.

Tímabilið byrjaði brösuglega, vægast sagt. Liðið tapaði öllum leikjum í Lengjubikarnum, 5 talsins með samanlagða markatölu upp á 3 skoruð/40 fengin á sig. Ljóst var að liðið átti ærið verk fyrir höndum. Náði liðið að rétta örlítið úr kútnum þegar leið á vorið en endaði liðið Íslandsmótið í 6. sæti B-riðils í 5. deild með 14 stig úr 16 leikjum. Markatalan 31 mark skorað en heil 54 mörk fengin á sig. George Rasvan skoraði flest mörk fyrir liðið, 12 mörk í 14 leikjum. Það má segja að tímabilið hefði getað farið betur en líka töluvert verr og jákvætt að náðist að halda lífi í meistaraflokknum. Ungir leikmenn fengu mikilvæg tækifæri og var lagður góður grunnur að framtíðar árangri.

Lífið er ekki alltaf dans á rósum en félagið heldur ótrautt áfram og ætlar að halda áfram að byggja upp knattspyrnudeild sem samfélag Uppsveita getur stært sig af að eiga, og hlakka öll sem koma að starfinu til nýs starfsárs 2025.

Það hefur verið mikil körfuboltamenning í Uppsveitum um langt skeið og hafa drífandi sjálfboðaliðar og þjálfarar haldið úti metnaðarfullu starfi, meðal annars undir merkjum Umf. Hrunamanna. Tekin var ákvörðun s.l. vor, innan körfuboltasamfélagsins á svæðinu, að starfa undir merkjum Íþróttafélags Uppsveita. Er ætlunin að efla starfið og gera það sjálfbærara í stærri einingu. Formaður körfuknattleiksdeildar er Eyþór Orri Árnason og starfandi yfirþjálfari Haukur Hreinsson. Félagið er með meistaraflokkslið í 2. deild karla og stefnir á að taka þátt á minniboltamótum með unga iðkendur í vetur. Starfið er enn að taka á sig mynd en von er um að á nýju ári komist endanlegt form á það.

Framtíðin er björt og vill stjórn þakka sjálfboðaliðum og stuðningsmönnum fyrir að byggja þetta unga félag upp og megi það halda áfram á nýju ári.

## Judofélag Suðurlands

Judofélags Suðurlands er á Selfossi og þar æfir meistaraflokkur félagsins sem og kvennaflokkur. Náðst hefur mjög góður árangur hjá keppnismönnum og er kominn upp hópur mjög efnilegra keppenda.

Aal starfsemi félagsins er á Selfossi en einnig var boðið upp á æfingar á Hvolsvelli og Eyrarbakka, tvisvar í viku á hvorum stað, fyrir börn frá 6 ára aldri að 14 ára. Ljóst er að það tekur tíma að byggja upp slíka starfsemi á nýjum stöðum, fá aðgang að íþróttahúsum og finna hæfa þjálfara. Hefur það reynst flóknara en væntingar stóðu til um, þó viðtökur hafi verið vinsamlegar.

Skráðir iðkendur á árinu 2024 eru um 45.

Á starfsárinu 2024 var minni þátttaka í æfingabúðum og landsliðsverkefnum og skýrist það fyrst og fremst af þrengri fjárhag JS og minni stuðningi Judosambands Íslands. Framtíðin er þó

björt og hafa félagar nú þegar á þessu ári tekið þátt í erlendum mótum og æfingabúðum. Við treystum því að það sé bjart framundan.

Judofélag Suðurlands átti góðu gengi að fagna á innlendum vettvangi og unnust tveir Íslandsmeistaratitlar 2024, Íris Ragnarsdóttir varð fyrsti Íslandsmeistari JS og Arnar Helgi Arnarsson varð síðar Íslandsmeistari í flokki undir 18 ára. Alls unnu keppnismenn JS 24 verðlaun á árinu.

Í desember hlaut Garðar Skaptason gráðuna 5. Dan. Um er að ræða viðamikið próf sem krefst mikillar reynslu og margra mánaða þjálfunar. Aðstoðar maður Garðars í prófinu var Arnar Ólafsson 1. Dan.

Birta Þöll Tómasdóttir leitaði til JS um kynningu á Judo fyrir Vallaskóla og komu margir hópar og kynntust judo, um kynninguna sá Erini judoþjálfari. Þá stóð Judofélags Suðurlands fyrir kynningu á judo í Hvolsskóla og fengu allir bekkir að kynnast íþróttinni.

Þá var uppskeruhátíð við lok vetrarstarfsins haldin í félagsheimilinu á Hvolsvelli í maí, sem lauk með svaladrykkjum, kaffi, kleinum og pylsum.

## Knattspyrnufélag Árborgar

Aðalfundur var haldinn 7. mars 2024. Sjálfkjörið var í stjórn 2024-2025 en formaður stjórnar er Árni Páll Hafþórsson. Aðrir stjórnarmenn eru Óttar Guðlaugsson, Bjarni Haukur Guðnason, Gauti Gunnar Halldórsson og Halldór Rafn Halldórsson.

Félagið tók þátt í nokkrum mótum á vegum KSÍ þetta árið. Má þar nefna Lengjubikarinn, Fótbolta. net bikarinn og Íslandsmótið í 4. deild. Einn titill kom í hús en Árborg sigraði í C-deild Lengjubikarsins eftir úrslitaleik gegn Ými. Liðið náði einnig mjög ásættanlegum árangri í 4. deildinni, þar sem við settum okkur það markmið að halda okkur í toppbaráttunni. Nokkur sterk lið voru í deildinni og endaði Árborg í 3. sæti, hársbreidd frá því að koma sér upp um deild annað árið í röð.

Eitt af markmiðum félagsins er að tryggja að til staðar sé í Sveitarfélaginu Árborg ásættanlegur kostur, hvað aðbúnað og fagmennsku varðar, fyrir unga leikmenn til að eflast sem knattspyrnumenn og spila í heimabyggð. Með gleði, keppnisskap og fagmennsku í fyrirrúmi teljum við að allt sé hægt.

Stærsta fjáröflun félagsins er bæjarhátíðin Sumar á Selfossi sem er stærsta bæjarhátíð Suðurlands ár hvert. Með hverju árinu verður hátíðin stærri en gríðarlega gott sjálfboðaliðastarf er unnið í kringum hátíðina, sem og keppnishald og alla aðra starfsemi félagsins.

Á glæsilegu lokahófi félagsins var Sigurður Óli Guðjónsson útnefndur leikmaður ársins, Elvar Orri Sigurbjörnsson en hann varð einnig markakóngur liðsins og félagi ársins var Eiríkur Sigmarsson, samfélagsmiðlastjóri félagsins.

## Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur KFR var haldinn 3. apríl 2024. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var kosin ný stjórn að hluta til. Formaður er Tinna Erlingsdóttir, gjaldkeri Klara Viðarsdóttir, ritari Sandra Sif Úlfarsdóttir, meðstjórnendur eru Jónas Örn Hreiðarsson og Elísabeth Lind Ingólfsdóttir. Varamenn eru Gunnar Aron Ólason og Ellert Geir Ingvason. Ellert Geir er einnig formaður meistaraflokksráðs karla og kvenna, Guðmundur Jónasson er gjaldkeri meistaraflokka en í ráðinu eru auk þeirra nokkrir virkir félagsmenn.



*Íris Ragnarsdóttir fyrsti Íslandsmeistari Judofélags Suðurlands og Heiða Arnardóttir.*

KFR er nú á sínu 27. starfsári en félagið var stofnað veturinn 1997. Félagið sinnir æfingum í þremur sveitarfélögum, Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Iðkendafjöldi hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og eru um 280 leikmenn að mæta á æfingar á vegum KFR á Hvolsvelli, Hellu, Laugalandi og Selfossi alla virka daga vikunnar og jafnvel um helgar. Yngri flokka iðkendur eru á aldursbilinu 3-18 ára. Meistaraflokkar karla og kvenna eru aldrinum 17-35 ára, meðalaldurinn 21,27 ár. Meistaraflokkur karla spilar í 5. deildinni og meistaraflokkur kvenna er enn í uppbyggingu en tók þátt í Íslandsmóti KSÍ í innanhússknattspyrnu á árinu, með fínum árangri. Hjá félaginu starfa 11 þjálfarar í hlutastörfum og þrír aðstoðarþjálfarar.

Æfingar og keppnisleikir/mót eru í fullum gangi allan ársins hring og ekki tekin pása frá æfingum nema yfir hásumartímann hjá 10 ára og yngri. Félagið vinnur gríðarlega mikilvægt forvarnarstarf og leggur mikinn metnað í að bjóða iðkendum sínum upp á sem besta þjálfun, æfingar og tækifæri til þess að keppa á landsvísu og á vegum annarra knattspyrnufélaga og KSÍ. Allir yngri flokkar KFR taka þátt í Faxaflóamóti yfir vetrartímann og Íslandsmóti KSÍ yfir sumartímann. Þeir fara líka allir á lengri mót yfir sumartímann, eins og Orkumót, TM mót ÍBV, N1 mót KA, öll Selfossmótin, Símamótið og Reycup. Reynt er að fara með 3. flokk annað hvert ár erlendis á keppnismót. Ekki var farið erlendis á síðasta ári, en stefnt er á Costa Blanca Cup næsta sumar með 3. flokk kvenna.

Stærsta og mest krefjandi áskorun félagsins er aðstöðuleysi. Íþróttahúsin eru þéttsetin og lítill sveigjanleiki á æfingatímum. Utanhússknattspyrnuaðstaða er engin yfir vetrartímann. Félagið þarf því að stóla á önnur félög til þess að leigja sér velli fyrir æfingar við réttar aðstæður og fyrir keppnisleiki. Það er bæði kostnaðarsamt og mikið púsluspil. Þarna hefur gervigrasvöllurinn á Selfossi verið okkar helsti kostur og erum við Selfossmönnum þakklát fyrir það samstarf. Rangárþing ytra hefur nú brugðist við kallinu frá okkur og hefur hafið uppbyggingu gervigrasvallar í fullri stærð á Hellu. Sá völlur verður vonandi tilbúinn á næsta ári. Næsta skref er þá að bæta æfingaaðstöðuna á Hvolsvelli.

Helstu nýjungar í starfinu eru tækniæfingar í boði fyrir iðkendur. Þetta eru aukaæfingar einu sinni í viku þar sem iðkendum gefst kostur á að læra og bæta grunn-boltatækni. Æfingarnar henta því vel þeim sem byrja seinna að æfa knattspyrnu og vilja bæta kunnáttu sína og einnig þeim sem vilja verða enn betri með bolta einstaklingslega.



*Lið KFR í 4. flokki karla á Reycup 2024.*



*Yngri flokkar Ægis ásamt þjálfurum 2024.*

## Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn 23. apríl. Núverandi aðalstjórn félagsins skipa Guðbjartur Örn Einarsson formaður, Rakel Guðmundsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Kolbrún Rakel Helgadóttir, Lárus A. Guðmundsson og Jón Reynir Sveinsson. Yfirþjálfari félagsins er Torfi H. Björnsson.

Árið byrjaði mjög vel hjá yngri flokkunum og var góður hópur af börnum að æfa, sérstaklega í yngstu flokkunum 6., 7. og 8. flokki, en þar eru u.þ.b. sextíu börn af áttatíu iðkendum í heildina. Fjöldinn hefur verið frekar jafn en þátttakan dettur alltaf svolítið niður á sumarnámskeiðum sem er áhugavert. Æfingatímarnir yfir vetrarmánuðina eru nokkurn veginn þeir sömu og við erum með æfingar snemma á daginn en það hentar vel fyrir yngstu krakkana en á móti getur verið flókið að fá þjálfara til að þjálfa á þeim tímum.

Við erum áfram í samstarfi við Hamar í 4., 5. og 6. flokki karla og kvenna, en í 6. flokki er það eingöngu á stóru sumarmótunum sbr. Símamótið og Orkumótið. Samstarfið hefur gengið vel og verður áfram. Í 4. flokki kvenna erum við með eitt lið með Hamri og það lið notaði einnig stelpur úr 5. flokki. Í ársbyrjun 2024 í 4. flokk karla þurftum við að bæta KFR frá Hvolsvelli inn í samstarfið til að ná í tvö ellefu manna lið og kepptum því undir merkjum Hamar/KFR/Ægir síðastliðið sumar. Samstarfið gekk þokkalega en í liðinu voru strákar frá t.d. Vík í Mýrdal þannig að hópurinn gat eingöngu spilað saman en nánast engar sameiginlegar æfingar voru hjá okkur. Núna í haust náum við í tvö lið í 4. flokk drengja sem Hamar/Ægir og það einfaldar vinnuna okkar talsvert. Krakkarnir í 6. flokki fóru á Orkumótið í Vestmannaeyjum með tvö lið ásamt Hamri og stóðu sig vel. Strákarnir í 5. flokki fóru ásamt Hamri á N1-mótið og kepptu þar með þrjú lið. Öll liðin stóðu sig vel og náði lið tvö þriðja sæti í sínum flokki og hlaut því bronsverðlaun.

Við erum á góðri vegferð í að fjölga stúlkum í flokkunum okkar og í 7. og 6. flokki erum við með níu stelpur alls, fimm í 7. flokki og fjórar í 6. flokki. Erum búin að fara á nokkur mót með stelpulið og þær staðið sig vel og notið sín betur í keppnum við stelpur. Stelpurnar í 6. flokki hafa farið með Hamri á Símamótið undanfarin ár en við sjáum nú möguleika á að fara með sér lið á mótið ef áhugi er á því.

Í 7. flokk var farið á Norðurálsmótið með þrjú Ægislið, 16 börn þar af 5 stelpur og náðum því í stelpulið, en hægt var að spila með lið í stelpuflokki. Þær stóðu sig frábærlega ásamt strákunum þrátt fyrir afleitt veður á Akranesi. Þetta er besta þátttaka á Norðurálsmóti frá Ægi a.m.k. undanfarin 10 ár sem er frábært fyrir fótboltann.

Því miður erum við ekki með neina krakka í 2.-3. flokki en brottfallið virðist vera mikið í kringum 4. flokk þar sem 11 manna boltinn byrjar. Núna erum við með 11 iðkendur í 4. flokki sem lofar góðu upp á framtíðina og vonandi tekst okkur að halda þeim í fótboltanum sem lengst og við getum farið að búa til framtíðarleikmenn fyrir meistaraflokkinn okkar. Okkar stærsta hindrun er skortur á vetraraðstöðu til að æfa nútíma knattspyrnu. Margir iðkendur velja aðra íþróttir yfir vetrartíma (inniíþrótt) þar sem okkar aðstaða er ekki góð. Fáir æfa með eldri flokkum á parketi nema í neyð eins og við höfum þurft að gera. Og okkur bráðvantar hér í Þorlákshöfn knatthús/fjölnota íþróttahús og höfum verið að þrýsta á bæjaryfirvöld um slíkt. Við vonumst til að draumur okkar verði að veruleika innan 1-2 ára enda yrði slíkt bylting fyrir alla okkar aðstöðu.

Stjórn BUR hefur stutt vel við starfið og búið að stofna foreldraráð í kringum hvern flokk fyrir sig til að halda betur um starfið og vera stuðningur og aðhald fyrir þjálfarana. Við höfum einnig verið afar heppinn með þjálfara sem eru áhugasamir og duglegir að fylgja krökkunum víðs vegar um landið.

Eftir að hafa fallið úr Lengjudeild 2023 þá spilaði meistaraflokkur Ægis á ný í 2. deild 2024 og þrátt fyrir góða byrjun á mótinu fór að halla undan fæti þegar leið á mótið og svo slæmt var gengið á tímabili að liðið náði að tapa sjö leikjum í röð. Ástæðan var óheppni með meiðsli á lykilmönnum og svo gekk okkur mjög illa að skora mörk. Hins vegar náði liðið að rétta aðeins úr kútnum í restina á mótinu þannig að við lentum ekki í algjörum vandræðum og 8. sæti af 12 liðum viðunandi árangur í ljósi þess sem á undan gekk. Nenad Zivanovic var áfram aðalþjálfari liðsins og Arnar Logi Sveinsson honum til aðstoðar. Við stefnum á að gera betur á næsta tímabili og liðið hóf æfingar á nýju undirbúningstímabili vegna 2025 í nóvember 2024.

Stjórn félagsins vill þakka öllum ráðum, leikmönnum, þjálfurum og stuðningsfólki fyrir tímabilið og árið 2024. Og ekki síður öllum þeim sjálfboðaliðum sem komu að starfinu í sumar. Áfram Ægir.

## Körfuknattleiksfélag Selfoss

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. mars 2024. Í stjórn voru kjörin Guðbjörg Bergsveinsdóttir formaður félagsins, Guðbjörg Sigríður Kristjánsdóttir, Linda Rós Jóhannsdóttir, Þórey Helgadóttir, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, Sylvía Karen Heimisdóttir og Sigursveinn Már Sigurðsson.

Yngri flokka starfið gengur mjög vel og iðkendum fjölgaði mikið síðasta árið. Við erum með góðan hóp af þjálfurum og aðstoðarþjálfurum. Í haust fórum við af stað með krílabolta en það eru æfingar fyrir allra yngstu iðkendurna þar sem leikgleðin er í fyrirrúmi.

Í sumar var svo stigið stórt og mikilvægt skref í þróun félagsins þegar meistaraflokkur kvenna var endurvakinn. Félagið hefur aðeins einu sinni verið með meistaraflokk kvenna en það var tímabilið 2013-2014 og því komin um 10 ár síðan síðast. Davíð Ásgrímsson var ráðinn þjálfari liðsins en hann hefur starfað við félagið undanfarin ár með yngri flokka. Liðið er byggt á grunni kvenna af svæðinu auk þess að ungir og efnilegir iðkendur úr yngri flokkunum hafa fengið tækifæri til æfinga og keppni með meistaraflokknum. Það var félaginu gríðarlega mikilvægt að koma af stað meistaraflokki kvenna til að ungir og upprennandi körfuboltaiðkendur hafi enn fleiri flottar fyrirmyndir til að fylgjast með í sinni heimabyggð.

Meistaraflokkur karla lék í 1. deild og náði að komast í úrslitakeppni. Þjálfari liðsins var Árni Þór Hilmarsson en hann hætti störfum hjá félaginu í nóvember. Bjarmi Skarphéðinsson var ráðinn þjálfari en hann er einnig þjálfari 12. flokks. Meistaraflokkslið karla er byggt mikið á ungum leikmönnum sem hafa æft með yngri flokkum félagsins.

Árið endaði svo frábærlega þegar þjálfarar yngri landsliða Íslands birtu val á fyrstu æfingahópum og voru þar níu iðkendur frá Selfoss körfu. Þau eru eftirfarandi: U15 stúlkur: Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir, U16 drengja: Stefán Karl Sverrisson, U18 drengja: Fjölnir Morthens og Pétur Hartmann Jóhannsson, U20 kvenna: Anna Katrín Víðisdóttir og Valdís Una Guðmannsdóttir, U20 karla: Ari Hrannar Bjarmason, Skarphéðinn Árni Þorbergsson og Tristan Máni Morthens. Körfuknattleikskona og maður ársins 2024 voru valin Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir og Tristan Máni Morthens.

## Skotíþróttafélagið Skyttur

Árið 2024 var ár vaxandi krafts og uppbyggingar hjá Skotíþróttafélaginu Skyttum. Félagið hélt áfram að styrkja stöðu sína sem leiðandi afl í skotíþróttum, með áherslu á barna- og unglingastarf, bættri aðstöðu og keppnisárangur. Aðalfundur félagsins var haldinn 5. mars 2024. Í stjórn voru kosin, Magnús Ragnarsson formaður, Haraldur Gunnar Helgason varaformaður, Jóhann Þórir Jóhannsson gjaldkeri, Jón Ægir Sigmarsson ritari, Valur Gauti Ragnarsson meðstjórnandi, Viðar Rúnar Guðnason, varamaður, Rakel Rún Karlsdóttir varamaður. Jón Ægir Sigmarsson og Rakel Rún Karlsdóttir eru ný í stjórn félagsins. Einnig var Eva María Ólafsdóttir Kolbeins kosin sem áheyrnafulltrúi ungmenna.

Unglinga- og barnastarf félagsins dafnaði vel á árinu með fjölbreyttum æfingum í loftriffli, loftskammbyssu og haglagreinum. Skotskólinn fyrir yngri iðkendur fékk frábærar viðtökur og var mikil áhersla lögð á kennslu í öruggri meðferð byssa, tækni



*Frá Íslandsmeistarmóti í loftskammbyssu 2024 þar sem Jón Ægir Sigmarsson hafnaði í 2. sæti.*

og einbeitingu. Æfingar fyrir eldri unglinga héldu áfram af fullum krafti og í haust var aukin áhersla lögð á þjálfun í keppnisgreinum. Félagið fjárfesti einnig í sex notuðum Megalink loftbrautum, sem gerðu æfingar og keppnir nútímalegri og aðgengilegri en við það á félagið núna 10 megalink rafeinda loftbrautir.

Einn af stærstu áföngum ársins var að fá Rakel Rún Karlsdóttur til liðs við þjálfarateymi félagsins. Rakel lauk bæði 1. stigs þjálfararéttindum hjá ÍSÍ og D-stigs réttindum í riffilgreinum hjá Alþjóða skotsambandinu (ISSF) og hefur verið lykilþjálfari í barna- og unglingastarfi félagsins. Hún hefur byggt upp sterkan grunn fyrir framtíðina með faglegri nálgun og ástríðu fyrir íþróttinni. Arnór Óli Ólafsson hélt áfram öflugu starfi sínu hjá félaginu, þar sem hans reynsla og þekking hefur verið ómetanleg fyrir áframhaldandi þróun skotíþrótta innan Skyttna.

Keppnisárið var viðburðaríkt og náðu keppendur Skyttna eftirtektarverðum árangri á stórmótum. Á Reykjavíkurleikunum (RIG) í janúar tóku sjö keppendur þátt í loftskammbyssu og komu heim með tvö silfur og eitt brons. Á Íslandsmóti í loftskammbyssu og loftriffli stóðu ungir keppendur félagsins sig með prýði, þar sem Jón Ægir Sigmarsson og Óðinn Magnússon röðuðu sér í efstu sæti. Rúnar Helgi Sigmarsson átti einnig mjög sterkt tímabil, þar sem hann sýndi stöðugleika og góða frammistöðu á innanfélags- og innanlandsmótum. Þessi árangur endurspeglar öfluga þjálfun og þá metnaðarfullu vinnu sem hefur verið lögð í uppbyggingu keppnisíþróttarinnar innan félagsins.

Þjónustusamningar við sveitarfélög voru einnig stór áfangi á árinu, en Skyttur gerðu bæði samstarfssamning við Rangárþing eystra og þjónustusamning við Rangárþing ytra. Þessir samningar tryggja fjárhagslega stoð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og gera félaginu kleift að efla barna- og unglingastarf enn frekar.

Sumarið bauð upp á metnaðarfull námskeið fyrir unga skotmenn, þar sem nýliðar fengu þjálfun í haglabyssugreinum á sérstökum byrjendanámskeiðum. Einnig var haldið konukvöld þar sem konum var kynnt skotíþróttin með áherslu á skeet og sporting, sem hlaut góðar undirtektir.

Á haustmánuðum hófust reglulegar æfingar á ný, bæði fyrir börn, unglinga og fullorðna. Sérstök áhersla var lögð á grunnþjálfun yngri iðkenda, með laserbyssuæfingum fyrir 2. - 8. bekk og markvissri keppnisþjálfun fyrir eldri hópa.

Árangur og uppbygging ársins 2024 sýnir að Skyttur eru á hraðri uppleið, bæði í barna- og unglingastarfi og í keppnisíþróttum. Með aukinni aðstöðu, faglegri þjálfun og góðum stuðningi frá sveitarfélögum og styrktaraðilum er félagið vel í stakk búið til að vaxa enn frekar á komandi árum.

## Skotíþróttafélag Suðurlands

Stjórn félagsins er eftirfarandi: Gunnar Egilsson formaður, Margrét Ósk Jónasdóttir gjaldkeri, Guðmundur G. Þórisson meðstjórnandi, Steinþór Hjartarson varaformaður og Hákon Þór Svavarsson ritari. Jón Þór Eyjólfsson og Gunnar Jökull Guðmundsson eru varamenn. Aðalfundur félagsins var haldinn 15. apríl og mættu 24 á fundinn, félagsmenn eru um 600 manns. Á árinum 2024 voru haldið eitt Landsmót í Skeet, eitt Íslandsmeistaramót í WBSF H-class og fimm opin mót í ýmsum greinum bæði í haglabyssu og riffli.

Hákon Þór Svavarsson ríkjandi Norðurlandameistari komst inn á Ólympíuleikana í París í Skeet og hafnaði í 23. sæti með 116 stig af 125 mögulegum.




*Hákon Þór Svavarsson keppti á sínum fyrstu Ólympíuleikum á árinu.*

Notkun á aðstöðu félagsins var nokkuð mikil og líf og fjör á svæðinu.

Hvað aðra starfsemi og þjónustu í félaginu varðar þá höfum við tekið á móti áhöfnum skemmtiferða- og vísindaskipa sem eru á leið á norðurslóðir í skoðunar- og rannsóknaferðir og hafa áhafnir fengið að nota svæðið til æfinga. Tökum einnig á móti skemmtiferðum fyrirtækja og annarra hópa í óvissuferðum. Tekin voru 208 hreindýrapróf á árinu og er góð þróun í árangri í prófum þ.e.a.s endurtekt á prófum hefur fækkað. Átján manns komu á skotvopnanámskeið á árinu.

## Torfæruklúbburinn

Starfsár Torfæruklúbbsins árið 2024 hefur verið viðburðaríkt. Starfsárið hjá klúbbnum gekk vel, unnið var í að byggja upp félagsstarfið og fá nýtt fólk inn í sjálfboðaliðastörfin.

Torfæruklúbburinn hélt þrjár keppnir á árinu. Tvö bikarmót í Stangarhyl og eitt Íslandsmót á Blönduósi. Það fjölgar enn meira af keppendum og með þeim lúxus fylgir að keppnirnar urðu ansi langar. Veðrið var alls ekki að spila með keppendum og áhorfendum, þá mætti halda að það hefði verið merkt sérstaklega rigningardagarnir miklu þegar keppnisdagar í torfæru voru haldnir. Rekstrarlega var róðurinn þungur þar sem fáir áhorfendur mættu á keppnir vegna veðurs. Torfæruklúbburinn fór í það að endurvekja bikarmótin en þau hafa ekki verið haldið í tæp 20 ár. Í ár átti Torfæruklúbburinn bæði Íslands- og bikarmeistara þetta árið sem var skemmtilegt.

Á árinu var farið í að stofna nýja heimasíðu fyrir félagið og tilgangur hennar er að halda bæði upp á sögu íslensku torfærunnar ásamt fróðleik um keppendur félagsins.

Markmið félagsins er að efla áhuga landsmanna á þessari skemmtilegu íþrótt. Árið 2025 verður íþróttagreinin 60 ára og stefnt er að halda upp á það með trompi.

Aðalfundur var haldin í febrúar. Stjórn starfsársins 2024 – 2025 skipa Sigurður Ingi Sigurðsson, formaður, Páll Jónsson, varaformaður, Heiða Björg Jónasdóttir, gjaldkeri, Sighvatur Fannar Nathanaelsson, ritari og Bára Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi.

## Umf. Biskupstungna

Stjórn Ungmennafélags Biskupstungna var óbreytt á síðasta aðalfundi sem haldinn var 13. mars 2024 í Aratungu í Reykholti, en á haustmánuðum flutti formaður aðaldeildar, Dagur Fannar Magnússon og Kristín Ísabella Karlsdóttir tók við verkum formanns. Mun hún taka við því embætti formlega á vormánuðum 2025. Harpa Sævarsdóttir er áfram gjaldkeri og Jóna Sigríður Guðmundsdóttir er ritari aðaldeildar félagsins. Á aðalfundi félagsins var Ásdís Erla Helgadóttir kosin íþróttakona ársins og Gústaf Sæland kosinn íþróttamaður ársins.

Við erum ákaflega stolt af deildunum okkar og því samstarfi sem á sér stað. Við megum til með að segja örlítið frá deildunum okkar en við erum til að mynda með blaðið okkar, Litla-Bergþór sem er frábær vettvangur fyrir upprennandi greina- og pistlahöfunda til þess að koma hugverkum sínum á framfæri eða prófa að stíga sín fyrstu skref sem blaðamenn. Gefin eru út tvö blöð á hverju ári, eitt fyrir jól og annað fyrir sumar.

Leiklistardeildin er sömuleiðis frábær vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til þess að læra að blómstra í

leiklist, efla bæði framsögn og framkomu en einnig til að styrkja sjálfstraust og sjálfsmynd sína. Það er öllum velkomið að koma og taka þátt í uppsetningu leikrita leikfélagsins og máta sig við þann öfluga hóp sem þar er að finna. Leikdeildin setur upp leikrit annað hvert ár og var ekki sett upp leikrit þetta árið.

Svo má ekki gleyma íþróttadeildinni, þar á sér stað magnað starf fyrir unga sem aldna. Íþróttir hafa gríðarlegt forvarnargildi og mikilvægt að hægt sé að finna sér vettvang til vaxtar. Síðasta árið hefur verið í boði unglingahreysti, glíma, sund, fótbolti og körfubolti. Haustið 2024 varð breyting á skipulagi varðandi fótbolta og körfubolta, en Íþróttafélag Uppsveita tók við þjálfun í þeim greinum. Það samstarf mun stuðla að því að börnin kynnast betur milli sveitarfélaga, æfingar verða fjölmennari og auðveldara er að senda lið til þátttöku á mótum.

Síðasta árið hefur aðaldeild haldið áfram með spilakvöld þar sem spiluð er félagsvist, 3-4 kvöld á vorönn og haustönn. Stefnan er að halda áfram með það starf. Síðasta sumar keypti félagið í samstarfi við Lions og setti upp ærslabelg við Aratungu í Reykholti. Mikil notkun hefur verið á honum og gaman að sjá hvað allir hafa haft gaman af því að vera úti og leika sér á honum eða kringum hann. Staðsetning hans nýtist einnig fyrir nemendur grunnskólans.

Það sem hefur brunnið á okkur að undanförnu er öryggi barna í umferðinni og sendum við meðal annars inn erindi til sveitarstjórnar þess efnis. Mikilvægt er að huga að öryggi barna og fullorðinna í kringum íþróttavelli og íþróttamannvirki með fleiri göngustígum, gangbrautum og betri lýsingu. Stefnan er að halda áfram að vinna með þetta verkefni.

## Umf. Dagsbrún

Stjórn: Albert Rútsson formaður, Arnþór Guðnason ritari og Pia Rumpf gjaldkeri. Varamenn: Bjarki Hafberg Björgvinsson og Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir.

Í lok janúar var haldið Þorrablót. Skemmtilegt fólk mætti og eyddi góðum stundum saman. Það var mikið hlegið yfir skemmtiatriðum og dansað eins og enginn hefði verið morgundagurinn. Það er gaman að sjá hvað Þorrablótið er vinsælt hérna í sveitinni.

Aðalfundur félagsins 2024 var haldinn 13. mars. Rædd voru ýmis atriði fyrir komandi ár. Jóel lét af störfum og við bjóðum Arnþór hjartanlega velkominn í hópinn.

Í desember var haldið jólaball og voru jólasveinarnir heldur betur vel stemmdir.

## Umf. Eyfellingur

Starfsemi félagsins var afar lítil á síðasta ári, þá helst að sjá um og viðhalda gömlu lauginni að Seljavöllum.

Aðalfundur var haldinn 28. mars. Þar var samþykkt að selja Karli Víði Jónssyni félagshúsið Dagsbrún. Hann hefur mikinn hug á að gera það upp í samskonar mynd og það var í.

Í stjórn sitja Ármann Fannar Magnússon formaður, Magðalena Jónsdóttir gjaldkeri og Karl Víðir Jónsson ritari.

## Umf. Eyrarbakka

Aðalfundur var haldinn 5. maí 2024 þar sem kjörinn var nýr formaður UMFE. Stjórn félagsins skipa:

Pétur Logi Pétursson formaður, Vigdís Sigurðardóttir gjaldkeri, Hera Fjord ritari og meðstjórnendurnir Ragna Jónsdóttir, Elísabet Ómarsdóttir og Dario Massarotto.



*Dansað í kringum jólatréð á jólaballi í Gunnarshólma.*

Hópshlaupið var haldið í apríl og maí. Hlaupið var fjórum sinnum og boðið upp á súkkulaði og safa eftir síðasta hlaupið. Verðlaunapeningur afhentur þeim sem hlupu þrisvar sinnum á hátíðarhöldum Kvenfélags Eyrarbakka á 17. júní.

Meðlimir Ungmennafélagsins tóku að sér skipulagningu og umsjón á Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka ásamt fleiru góðu fólki. Þá var skipulögð dagskrá í þorpinu fyrir alla aldurshópa og um kvöldið var skemmtun yfir varðeldi.

Fyrsta sunnudag í aðventu var kveikt á jólatrénu, dansað í kringum það og jólasveinar mættu með gotterí fyrir börnin.

Ungmennafélagið byrjaði með hreyfitíma fyrir börn annan hvern sunnudag sem byrjaði í lok september og var alveg út nóvember. Hreyfitímarnir fengu góðar viðtökur og verður stefnt að því að hafa þá sem fastan lið hjá UMFE.

Ungmennafélagið er áfram með opnar körfuboltaæfingar fyrir karla í hverri viku ásamt því að við byrjuðum með opnar brennó æfingar fyrir konur í hverri viku við góðar undirtektir.

## Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélagsins Framtíðarinnar 2024 skipa: Karen Eva Sigurðardóttir formaður, Helgi Ármannsson gjaldkeri, Aldís Harpa Pálmarsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Marius Vaiciunas og Véronique Julien.

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. febrúar 2024 í íþróttahúsinu í Þykkvabæ. Aðalfjáröflun félagsins var blómasala í Þykkvabæ og nærsveitum fyrir konudaginn ásamt dósasöfnun.

Ungmennafélagið sá um 17. júní hátíðarhöld sem heppnuðust vel. Grillaðar voru pylsur, hoppukastali var á staðnum, hátíðarlest og pönnufótboltavöllur. Kvenfélagið Sigurvon bauð upp á kaffiveitingar eins og síðustu ár.

Boltó var vikulega í umsjón Helga Ármannssonar. Þá býðst börnum og fjölskyldum upp á að koma í íþróttahúsið í frjálsan leik og kíkja á bókasafnið.

Í byrjun aðventu var kveikt á ljósum á jólatré fyrir utan íþróttahúsið þar sem dansað var í kring og sungið jólalög. Jólasveinar komu í heimsókn í fylgd Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu. Unga fólkið fékk að skreyta jólatré inn í íþróttahúsi og vakti það mikla lukku. Skreyttar voru piparkökur og sötrað á heitu súkkulaði.



*Ungmennafélag Eyrarbakka byrjaði í haust með hreyfitíma fyrir börn.*



*Fyrsta skóflustungan af nýju fjölnota íþróttahúsi í Árnesi var tekin 18. september 2024.*

## Umf. Gnúpverja

Stjórn Ungmennafélags Gnúpverja 2024-2025 skipa: Magnea Guðmundsdóttir formaður, Þórður Ingvason gjaldkeri og Jón Marteinn Finnbogason ritari. Aðalfundur félagsins var haldinn í Árnesi 10. desember 2024. Enginn nýr gaf kost á sér til setu í stjórn og hélt því sitjandi stjórn áfram fram á næsta starfsár.

Íþróttafélag Uppsveita (ÍBU) hefur tekið við stjórn og skipulagi knattspyrnu- og körfuboltaæfinga fyrir börn í sveitarfélaginu. Æfingar í knattspyrnu hafa átt sér stað í Árnesi, úti eða inni, fer eftir veðri og vindum en því miður hafa þeir ekki enn hafið æfingar í körfunni þar. Vonandi mun það nú takast á komandi misserum.

Því miður hefur ekki verið mikil starfsemi hjá Umf. Gnúpverja síðasta starfsár. Róðurinn hefur verið mjög þungur við að fá fólk til að taka þátt í slíkri sjálfboðavinnu undanfarin ár. Það er af sem áður var, þegar áður fyrr blómstruðu ungmennafélög í litlum sveitarfélögum um allt land og mikill var eldmóðurinn hjá íbúum að halda úti blómlegu íþróttastarfi sem og standa fyrir hinum ýmsum samkomum eða tilefnum til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

En hvað þarf til að geta boðið upp á t.d. íþróttaæfingar, jú númer eitt er það aðstaðan. Þann 18. september síðastliðinn var stór dagur hjá okkur í Skeið-Gnúp en þá voru teknar fyrstu skóflustungurnar af fjölnota íþróttahúsi í Árnesi af unglingadeild Þjórsárskóla ásamt fulltrúum ungmennafélaganna í sveitarfélaginu. Þetta verður hið glæsilegasta íþróttamannvirki og verður byggt í áföngum. Húsið verður 3.618 fermetrar og áform eru um að byggja við húsið sundlaug í komandi framtíð. Gríðarlega spennandi tímar fram undan hjá okkur. Með komu þessa íþróttahúss vonumst við til að geta eflt íþrótta- og tómstundastarf fyrir allan aldur og þar með styrkt við samfellu á milli skóla-, frístunda- og íþróttastarfs barna og unglinga, sem og hreyfingu fullorðinna.

## Umf. Hekla

Árið 2024 var viðburðarík og mikið um að vera í starfi Umf. Heklu. Í upphafi árs 2024 skipuðu stjórn ungmennafélagsins Heklu, Ástþór Jón Ragnheiðarson formaður, Drífa Nikulásdóttir gjaldkeri, Svala Guðmundardóttir ritari, Ingibjörg Matthíasdóttir meðstjórnandi og Muhammad Azfar Karim meðstjórnandi. Varamenn í stjórn voru Brynhildur Sighvatsdóttir og Sindri Snær Bjarnason.

Félagið stóð fyrir hefðbundnum íþróttaæfingum og á árinu 2024 var boðið upp á æfingar fyrir börn á grunnskólaaldri í frjálsíþróttum, körfubolta, fimleikum, línuskautum og sundi. Þá hélt blaklið Heklu/Dímonar í kvennaflokki áfram sinni starfsemi. Teflt var fram sameiginlegu liði á Íslandsmóti í körfubolta í 10. flokki drengja undir sameiginlegum merkum Garpur/Hekla/Dímon.

Í júní var haldið leikjanámskeið líkt og fyrri ár fyrir börn í 1.-4. bekk. Gerð var breyting frá fyrri árum og var sumarið 2024 boðið upp á heilsdagsnámskeið ásamt fæði og lífgað upp á dagskrána, t.d. með kofasmíði. Mæltist þetta vel fyrir og var metþátttaka á námskeiðinu, tæplega 80 börn.

Á aðalfundi Ungmennafélagsins Heklu þann 7. maí var ný stjórn kjörin og hana skipuðu Ástþór Jón Ragnheiðarson formaður, Gunnlaugur F. Margrétarson varaformaður, Dóra Steinsdóttir ritari, Drífa Nikulásdóttir gjaldkeri og Kristinn Ingi Austmar Guðnason meðstjórnandi. Varamenn í stjórn voru kjörnir Gunnar Aron Ólason og Ösp Viðarsdóttir.




*Bjarki Eiríksson var ráðinn framkvæmdastjóri Umf. Heklu á árinu.*

Aðalfundurinn var viðburðaríkur en á honum voru m.a. gerðar tímabærar breytingar og uppfærslur á lögum félagsins. Þá var einnig samþykkt reglugerð um nefndir og ráð á vegum félagsins og að því tilefni skipað í tvær nefndir, það er akstursíþróttanefnd og pílukastsnefnd.

Í desembermánuði stóð Umf. Heklu fyrir fimleikasýningu sem tókst vel og var vel sótt.

Íþróttaafrek á árinu voru þó nokkur. Okkar iðkendur unnu til verðlauna heima í héraði og utan og voru félagi sínu og samfélagi til sóma.

Á árinu 2024 voru iðkendur Umf. Heklu 157.

Skýrsla stjórnar getur aldrei orðið tæmandi listi yfir þau ótal verkefni sem ungmennafélagið sinnir en er það von okkar að skýrslan gefi nokkuð nákvæma mynd af starfinu.

## Umf. Hrunamanna

Jóhanna Bríet Helgadóttir er formaður félagsins, Hildur Hjálmsdóttir er gjaldkeri, Fríður Sæmundsdóttir ritari og Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson meðstjórnendur.

Vorönnin hófst með trompi og bauð UMFH upp á körfubolta og fimleika, ásamt knattspyrnu í samstarfi við knattspyrnudeild ÍBU fyrir grunnskólabörn. Við vorum einnig með íþróttaskóla fyrir leikskólabörn. Margir iðkendur æfðu með félaginu og gaman að sjá sigra innan og utan vallar.

Haustönnin tók síðan töluverðum breytingum með stofnun körfuboltadeildar ÍBU. Þá fór körfuboltastarf UMFH yfir til ÍBU eins og knattspyrnan.

UMFH bauð upp á fimleikaæfingar fyrir börn á grunnskólaaldri. Fimleikadeildin var stofnuð í lok árs 2023 og hefur farið stigvaxandi síðan undir styrkri stjórn Önnu Grétu Ólafsdóttur en iðkendur æfa tvisvar sinnum í viku.

Blakdeildin er starfandi fyrir unglinga og fullorðna en þar eru tæplega 15 iðkendur sem æfa tvisvar sinnum í viku.

Brigdedeildin hittist einu sinni í viku og eru virkir þátttakendur um 30 talsins.

Við erum lánsöm að eiga öfluga sjálfboðaliða innan UMFH sem keppast að því að gera starfið öflugt fyrir börnin okkar, en án þeirra væri ekkert starf.

## Umf. Hvöt

Íþróttaæfingar fyrir börn voru vel sóttar í upphafi árs og um 20 börn að æfa hjá félaginu. Auk æfinga fyrir krakka voru blakæfingar fullorðinna vel sóttar.

Þorrablótið var haldið annan föstudag í Þorra og var það vel sótt.

Aðalfundur félagsins var haldinn 16. apríl í félagsheimilinu Borg. Engar breytingar voru gerðar á stjórninni en hana skipa Guðrún Ása Kristleifsdóttir formaður, Guðný Helgadóttir gjaldkeri og Sigríður Þorbjörnsdóttir ritari. Guðni Reynir Þorbjörnsson er áfram varamaður í stjórn og Ingólfur Örn Jónsson skoðunarmaður reikninga.

Í lok apríl stóð félagið fyrir pílunámskeiði þar sem þátttaka var mjög góð. Um vorið tók kvennalið Hvatar þátt í öldungamóti í blaki í Mosfellsbæ.

Um sumarið var boðið upp á skirkusnámskeið fyrir börn á svæðinu. Yfir sumartímann var Hvöt ekki með neinar æfingar. Boðið var upp á tveggja vikna sundnámskeið á Borg og var það vel sótt.

Haustið 2024 hófust æfingar aftur og nú boðið upp á knattspyrnu, blak og körfubolta. Um 20 börn og unglingar hófu æfingar þetta haustið. Blak kvenna verður sífellt vinsælla og liðið þátttakandi í héraðsmótum.

Ungmennafélagið keypti pannavöll í pöntun á vegum UMFÍ en hann verður settur niður þegar framkvæmdum á opnu svæði við skólann er lokið og hægt að koma honum fyrir í samráði við sveitarfélagið.

Ungmennafélagið á í mjög góðu samstarfi við frístundastarf skólans þar sem að starfsmenn skólans fylgja börnunum í íþróttastarfið og aðstoða ef á þarf að halda og erum við mjög þakklát fyrir það.

Að lokum fengum við svo jólasvein til að heimsækja börn á aðfangadag í samstarfi við Lionsklúbbinn Skjaldbreið.

## Umf. Ingólfur

Aðalfundur var haldinn 12. júní. Ákveðið var að stjórn yrði óbreytt. Þröstur Guðnason formaður, Kristinn Guðnason gjaldkeri og Þórhalla Guðrún Gísladóttir ritari. Á fundinum var rætt um lög félagsins, en þau hafa ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Stefnt er að því að útbúa ný lög sem lögð verða fram á næsta aðalfundi.

Enginn komst sem fulltrúi á héraðsþing í Árnesi 14. mars.

Aðal verkefni félagsins var að klára að laga girðingu kringum skógræktarreit félagsins. Tveir dagar fóru í verkið þegar rigndi vel. Menn drógu þá fram regnföt.

Ákveðið var að halda áfram undirbúningsvinnu vegna skilta sem rætt hefur verið um að setja upp.

Stjórn þakkar samstarfið við HSK.

## Umf. Laugdæla

Núverandi stjórn skipa: Smári Stefánsson formaður, Eva Hálfdanardóttir gjaldkeri og Jórunn Elva Guðmundsdóttir ritari.

Aðalfundur fór fram í íþróttahúsinu að Laugarvatni 11. apríl þar sem Smári Stefánsson var kjörinn formaður og Jórunn Elva Guðmundsdóttir var kjörin ritari en Eva Hálfdanardóttir endurkjörin gjaldkeri. Góð mæting var á fundinn.

UMFL er með öfluga körfuboltadeild þar sem við erum með sex flokka skráða til leiks á Íslandsmót, auk hópa sem taka þátt í minniboltamótum. Logi Smárason var valinn í úrtak U16 ára í körfubolta og sinnti þeim verkefnum 2024. Í desember voru Logi Smárason valinn í úrtak fyrir U18 og Birkir Smári Ottósson í U16.

Blakdeildin hefur vaxið mikið og gerður hefur verið samningur við ML þar sem boðið er upp á blak til eininga sem UMFL sér um. Fór aðsókn fram úr björtustu vonum.

Eitt karlalið frá félaginu tók þátt í Íslandsmóti í blaki og tvö kvennalið. Einnig höfum við sent lið í U16, U14 og U12.

UMFL tók að sér að hýsa fyrstu túrneringu Íslandsmóts í 5. og 7. deild kvenna í blaki. Tókst vel til, þökk sé öflugri þátttöku sjálfboðaliða félagsins við að manna þá pósta sem þurfti, en um 40 sjálfboðaliðar tóku þátt í því að láta helgina ganga upp.

Spaðadeildin okkar hefur gengið mjög vel og krakkar frá okkur tekið þátt í mótum í borðtennis.

Frjálsíþróttadeildin hefur hvatt krakka til þátttöku á mótum og þau staðið sig vel á þeim vettvangi.

Glímudeildin var endurvakin og er boðið upp á æfingar í henni fyrir bæði fullorðna og börn.

Einnig er í boði fimleikar og þrek og þolæfingar fyrir unglinga.

Þorrablót er einn af stærstu viðburðum félagsins og tókst það vel til.



*Hópur sjálfboðaliða tók þátt í að endurnýja girðinguna við skógræktarreit Umf. Ingólfs.*



*Hluti sjálfboðaliða Laugdæla sem tóku þátt í framkvæmd fyrsta hluta íslandsmóts í blaki kvenna í 5. og 7. flokki.*

## Umf. Merkihvoll

Stjórn félagsins skipa: Sigurður Guðmundsson formaður, Anna Björg Stefánsdóttir ritari og Hólmfríður Þórsdóttir gjaldkeri. Aðalfundur var haldinn á Brúarlundi þann 2. júní 2024.

Viðburðir á vegum félagsins á árinu voru hestamannamót og leikir fyrir börnin á 17. júní og jólaball sem haldið var 28. desember að Brúarlundi.

## Umf. Selfoss

Eins og undanfarin ár var starf Umf. Selfoss með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu 2024. Þó er ljóst að breyting hefur orðið á hvað varðar þátttöku sjálfboðaliða í verkefnum á vegum íþróttahreyfingarinnar og sífellt verður erfiðara að fá sjálfboðaliða, til að taka þátt í starfinu. Á það við bæði um foreldra og aðra. Fólk er farið að líta meira á íþróttastarf sem rekstur fyrirtækis sem verður sjálft að sjá um sína þjónustu, framkvæmd leikja, móta og annars sem gera þarf. Gamli góði ungmennafélagsandinn er á undanhaldi og ekki síst þar sem kynslóðin sem ólst upp við að hjálpast að og gera hlutina saman er að eldast og hætt að koma að starfinu. Æ oftar heyrist, „ég er að borga æfingagjöld fyrir barnið mitt og þjónustu ykkar". Fólk er ekki að borga fyrir að taka þátt, fyrir ekki neitt, í sjálfboðaliða starfi.

Fjármálin eru alltaf stór hluti af starfinu og enn hallar undan fæti hvað varðar afkomu deilda félagsins og sífellt þyngra verður fjárhagslega að halda starfinu gangandi. Erfiðara er að fá styrki og samstarfssamninga. Stærsti hluti tekna deilda félagsins er í formi æfingagjalda og nokkuð ljóst að ef endar eiga að ná saman verður að hækka þau verulega á næstu árum. Því miður gæti það orðið til þess að brottfall aukist og til að minnka líkur á nýjum iðkendum, þar sem einhverjar fjölskyldur hafi hreinlega ekki efni á að greiða æfingagjöldin. Því verður hið opinbera, ríki og sveitarfélög að gera bragarbót á og koma enn frekar að þessu mikilvæga starfi ef það á ekki að lognast út af. Það er ekki hægt lengur að kenna rekstri meistaraflokka um að fjármál hreyfingarinnar séu slæm, þar sem þetta sést nú þegar í rekstri barna- og unglingastarfs.

Aðalfundur félagsins var haldinn í apríl og þar á undan var aðalfundum allra deilda félagsins lokið. Á aðalfundinum var framkvæmdastjórn félagsins endurkjörin, en hana skipa Helgi S. Haraldsson formaður félagsins, Brynhildur Jónsdóttir gjaldkeri, Sverrir Einarsson ritari, Hermann Ólafsson og Hafsteinn Guðmundsson meðstjórnendur. Aðalstjórn félagsins mynda framkvæmdastjórn,



*Karlalið Selfoss fagnar sigri í Fotbolti.net bikarnum á Laugardalsvellinum.*

ásamt formönnum allra deilda félagsins, en deildirnar voru í lok árs alls níu. Auk þess er starfandi ein nefnd, borðtennisnefnd. Deildirnar eru: knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, frjálsíþróttadeild, fimleikadeild, júdódeild, mótokrossdeild, taekwondodeild, rafíþróttadeild og sunddeild. Mikill áhugi hefur komið fram um að stofna fleiri deildir í félaginu og í lok árs var samþykkt að stofna borðtennisdeild, pílukastdeild og deild utan um starf íþrótta fyrir fatlaða. Við stofnun deildar um íþróttir fatlaðra verður, Íþróttafélagið Suðri, lagt niður og starfsemi þess færist undir starf þessarar nýju deildar. Mikil umræða hefur verið um íþróttir fatlaðra barna- og unglinga á árinu og átakið „Allir með" ýtt undir athygli á því hvað lítill hluti fatlaðra barna- og unglinga stundar eða hefur tækifæri á að stunda íþróttir. Með þessari ákvörðun félagsins hefur verið stigið einstakt skref, á landsvísu, að þessi hópur sé starfandi í sínu íþróttafélagi ásamt öðrum börnum og unglingum en ekki í sér félagi. Er það vilji félagsins að þetta verði til þess að breyta hugsun og „brjóta niður" múra í möguleikum á íþróttaiðkun þessa hóps.

Breyting varð á starfsmannahaldi félagsins en Gissur Jónsson, sem verið hafði framkvæmdastjóri félagsins og látið hafði af störfum vegna veikinda, var ráðinn til félagsins í hlutastarf. Verkefni hans er á skrifstofu félagsins að sinna ýmsum málum félagsins. Auk hans eru í launuðu starfi á skrifstofu félagsins, Hafdís Jóna Guðmundsdóttir, sem færir bókhald félagsins og deilda þess. Hjá sumum deildum félagsins störfuðu einnig framkvæmdastjórar, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Einnig eru margar deildir með aðra starfsmenn í fullu starfi eða hlutastarfi, sem yfirþjálfarar, íþróttastjórar eða til að sinna öðrum verkefnum. Þar fyrir utan er mikill fjölda þjálfara í hlutastarfi. Félagið er með samning við Sveitarfélagið Árborg um rekstur íþróttavallarsvæðisins við Engjaveg og er Sveinbjörn Másson þar vallarstjóri. Með honum er nokkur fjöldi starfsmanna í ýmsum starfshlutföllum, ýmist allt árið eða hluta úr ári. Mikil starfsemi er á svæðinu og með tilkomu Selfosshallarinnar hefur starfsemi svæðisins aukist verulega og breytt miklu um notkunarmöguleika þess.

Deildir félagsins standa fyrir margskonar mótahaldi, ár hvert, bæði að sumri og vetri. Eru það eigin mót, þá mörg til fjáröflunar, og einnig mót á vegum sérsambanda. Með aukinni og bættri aðstöðu, á svæðinu við Engjaveg, hefur mótahald aukist verulega og er það vel. Mikill fjöldi iðkenda félagsins, hefur verið valinn í landslið og ýmsa úrvalshópa, á árinu á vegum ýmissa sérsambanda, og sýnir það hið kraftmikla starf sem stundað er í félaginu. Fjölda iðkenda í félaginu eru í kringum 2.500, flestir á aldrinum 5-18 ára. Framkvæmdastjórn og aðalstjórn félagsins, funduðu reglulega á árinu um starf félagsins, fyrir utan fjölmarga stjórnarfundi deildanna sjálfra.

Blikur eru á lofti og ef ekkert verður að gert þá stefnir í gjaldþrot íþróttahreyfingarinnar, bæði fjárhagslega og sjálfboðaliðalega séð. Því eru fram undan miklar áskoranir, sem ríki og sveitarfélög verða að taka þátt í með hreyfingunni að marka framtíð hennar og umhverfi.

## Umf. Skeiðamanna

Aðalfundur var haldinn þann 8. apríl 2024. Engar breytingar voru gerðar á fundinum og stjórnin sú sama og í fyrra. Stjórnina skipa: Viktoría Rós Guðmundsdóttir formaður, Ásgeir Guðmundsson gjaldkeri og Guðfinna Ósk Magnúsdóttir ritari.

Árið byrjaði á spilakvöldum í febrúar. Þrjú spilakvöld voru haldin sem heppnuðust mjög vel og var fín þátttaka og veglegir vinningar, íþróttatöskur, spil, gjafabréf o.fl. Einnig eru veitt skammarverðlaun fyrir fæstu slagina og lengstu setuna. Það ríkir alltaf mikil gleði og stemmning á spilakvöldunum sem hafa verið haldin í mörg ár og mikil gleði að fá þau aftur í rútínu eftir heimsfaraldurinn.

Sumardagurinn fyrsti er haldinn hátíðlegur hjá okkur ár hvert í Brautarholti. Í þetta skiptið þá fengum við Elínu Moqvist til okkar og bauð hún gestum á hestbak. Það voru grillaðar pylsur, drukkinn djús og notið með ís í eftirrétt. Ærslabelgurinn var settur í gang fyrir sumarið. Spil voru á útiborðum ásamt krítum og sápukúlum. Sundlaugin okkar Skeiðalaug opnaði svo kl. 16 og gestum boðið frítt inn í tilefni dagsins. Við vorum einstaklega heppin með veður og mætingin var mjög góð.

Morgunhreystið er enn starfandi og er kennt þrjá morgna í viku. Við byrjuðum með það úti og kölluðum það Útihreysti en nú er það haldið í nýju líkamsræktinni í kjallara Skeiðalaugar og einstaklingar 16 ára og eldri boðið að taka þátt. Þetta eru alhliða hreystiæfingar sem henta öllum. Það mun vera starfandi svo lengi sem eftirspurnin er góð. Þjálfari námskeiðsins er formaður félagsins, Viktoría Rós.

Dansnámskeið var aftur haldið í vetur. Það gekk einstaklega vel og var sami þjálfari og í fyrra, Ásdís María. Hún er virkilega fær dansari þrátt fyrir ungan aldur en hún er aðeins 14 ára, nær mjög vel til stelpnanna og kennir þeim frábærlega. Námskeiðið heppnaðist vel og óskað var eftir áframhaldandi starfi. Börn á aldrinum 6-10 ára sækja námskeiðið.

Landsátakið í sundi var í fjórða sinn tekið með trompi. Hvatt var til að synda í Skeiðalaug og verðlaun veitt fyrir árangurinn. Börnin í sveitarfélaginu voru einstaklega dugleg að mæta og synda og mjög glöð með verðlaun fyrir. Allir fengu merktan Ungmennafélags taupoka í viðurkenningu með gjafaöskju í sem innihélt smá góðgæti. Börnin fengu húfu merkta félaginu og þeir sem lögðu sig enn meira fram fengu einnig brúsa merkta félaginu. Sigurvegararnir fengu merktan spilastokk með í sinn poka. Alls voru 50 manns sem tóku þátt og syntu samtals 152.517 metra í Skeiðalaug. Yngsti þátttakandinn var tveggja ára og sá elsti 87 ára.

Fleira var það ekki að sinni, hlökkum til áframhaldandi starfs næsta ár.



*Kátar stelpur á dansnámskeiði Umf. Skeiðamanna hjá Ásdísi Maríu.*

## Umf. Stokkseyrar

Ungmennafélagið hélt aðalfund í maí. Litlar breytingar urðu á stjórninni. Ingi Þór Jónsson er formaður, Agnes Lind Jónsdóttir er bókari og Ágústa Oddsdóttir er ritari.

Meðstjórnendur er Jason Orri Jakobsson, Nína Dóra Óskarsdóttir, Edda Bára Höskuldsdóttir og Elín Dögg Haraldsdóttir.

Ungmennafélagið átti mjög gott samstarf við Selfoss körfu um körfuboltaæfingar. Þjálfari frá Selfoss körfu starfar einnig fyrir Ungmennafélag Stokkseyrar.

Saman fóru svo félögin á opin félagsmót. Ungmennafélagið stóð einnig fyrir dansæfingum. Á haustmánuðum réð svo félagið þjálfara bæði í borðtennis og einnig handbolta.

Félagið hefur einnig staðið fyrir opnum tímum fyrir leikskólakrakka á laugardögum sem kallaðir eru Krílatímar.

Þrátt fyrir bleytutíð þá var sumarið bara gott hjá félaginu. Það byrjaði á Strandarhlaupi.

Bryggjuhátíðin fékk einn besta sumardaginn og gekk vel.

Fótboltasumarið hjá meistaraflokki karla gekk upp og ofan í 5. deild. Stefnan er að gera betur næst.

Stokkseyri tók alltaf vel í öll verkefni sem félagið stóð fyrir. Það er nú eins og alltaf mikil þörf á Ungmennafélagsstarfinu.



*Ungmennafélagið bauð leikskólabörnum á Stokkseyri í krílatíma á laugardögum.*

## Umf. Trausti

Stjórn félagsins skipa Bjarki Freyr Sigurjónsson formaður, Ingveldur Anna Sigurðardóttir gjaldkeri og Sverrir Guðmundur Guðmundsson ritari.

Þrettándabrenna var haldin við Seljalandsfoss með flugeldasýningu að hætti Björgunarsveitarinnar Dagrenningar á Hvolsvelli. Aðalfundur var haldinn að Heimalandi 12. mars. Pílumótið haldið á Þorláksmessu. Árlega ruslatýnslan var 6. apríl. 17. júní hátíðarhöld voru haldin að Heimalandi ásamt Kvenfélaginu Eygló. Leikjanámskeið haldið í júlí að hætti Óla Elí. Kirkjugarðurinn í Stóra Dal sleginn til fjáröflunar. Pílan byrjaði svo aftur í nóvember. Ungmennafélagið Trausti lauk svo árinu með því að aðstoða jólasveinana við að dreifa pökkum til barna undir Eyjafjöllum á Þorláksmessu með dyggri aðstoð Björgunarsveitarinnar Bróðurhönd.

## Umf. Þjótandi

Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Þingborg 7. febrúar 2024. Fanney Ólafsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa sem formaður og var Guðmunda Bríet Steindórsdóttir kjörin nýr formaður á fundinum. Bryndís Eva Óskarsdóttir var kjörin Íþróttamaður ársins og Kolbrún Júlíusdóttir var kjörin Félagi ársins.

Stjórn Umf. Þjótanda árið 2024 er skipuð eftirfarandi: Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður, Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri, Sveinn Orri Einarsson ritari. Örvar Rafn Hlíðdal og Hanna Dóra Höskuldsdóttir í varastjórn. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir í ritnefnd, Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður íþróttanefndar og Freyja Kristín Guðjónsdóttir formaður skemmtinefndar. Aðrir í skemmtinefnd eru Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Viðar Hrafn Victorsson. Í Einbúanefnd er Einar Magnússon.



*Þjótanda reiðtúrinn var farinn í frábæru veðri í júlí.*

Starfsemi Þjótanda var töluverð á árinu. Félagið hélt úti íþróttastarfi fyrir börn og ungmenni og stóð fyrir ýmsum heilsueflandi viðburðum og félagsstarfi.

Þjótandaæfingar fyrir allan grunnskólaaldur voru vikulega yfir vetrarmánuðina og eru það meirihluti nemenda í Flóaskóla sem taka þátt í þeim. Þjálfarar voru Örvar Rafn Hlíðdal, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Því miður var lítið um glímuæfingar á þessu ári.

Leikjanámskeið var í júní og auk þess voru sumaræfingar fyrir krakka og leikjakvöld fyrir unglinga vikulega í sumar. Þar var góð mæting og mikið fjör.

Félagið sendi keppendur á HSK mótin í frjálsum íþróttum bæði innan- og utanhúss og nokkrir keppendur tóku þátt í Meistaramótum Íslands og fleiri mótum. Einnig lögðum við gönguskíðabrautir ýmist um sveitina.

Skemmtinefndin stóð fyrir fjölmennu páskabingó í mars. Flóahlaupið fór fram í apríl við Félagslund að venju. Um 120 manns tóku þátt. Víðavangshlaupið var haldið á Þjórsárbökkum á sumardaginn fyrsta. Þátttaka var góð og veðrið líka, 65 keppendur á öllum aldri tóku þátt í hlaupinu.

Fjör í Flóa var haldið um mánaðamótin maí og júní, þar var Þjótandi með fjölmenna kökuskreytingakeppni fyrir krakka, kassabílarallý, pylsusölu, og andlitsmálningu. Margir unglingar störfuðu fyrir félagið á Fjöri í Flóa og stóðu sig vel. Við héldum upp á 17. júní í frábæru veðri við Einbúa ásamt kvenfélögunum í hreppnum og Flóahreppi. Þar var Þjótandi með fótboltamót, reiptog og skólahreystibraut og heppnaðist dagurinn mjög vel.

Ungmennafélagsreiðtúrinn var farinn í júlí þar sem mættu 40 manns og riðu í frábæru veðri frá Austurkoti, upp með Hvítá og upp að Brúnastöðum. Í þetta sinn var Harpa Magnúsdóttir fararstjóri. Að reiðtúr loknum var boðið upp á grillaðar pylsur. Fjölskyldur úr Þjótanda mættu á Unglingalandsmótið í Borgarnesi. Tveir glímumenn og einn fararstjóri fóru í keppnisferð til Englands um miðjan júlí og kepptu þar í hryggspennu. Ferðin var styrkt af Þjótanda og Verkefnasjóði HSK. Flóamótið fór fram á skólatíma 30. ágúst og var þar mikið fjör. Keppendur voru um 60 talsins og eftir mót var boðið upp á íspinna sem Kjörís gaf. Allir nýir nemendur í Flóaskóla sem vildu fengu Þjótandahúfu að gjöf í upphafi skólaársins. Meistaramót Þjótanda í skák fór fram í nóvember í þriðja sinn. Mótsstjóri var Ágúst Valgarð Ólafsson.

Skötuveislan var mjög fjölmenn á Þorláksmessu, um 170 manns mættu í Þingborg og gæddu sér á skötu. Jólasveinaþjónustan okkar var svo á sínum stað á Þorláksmessu og aðfangadag. Ákveðið var að fjárfesta í stuttbuxum merktum Þjótanda sem urðu strax vinsælar.

Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu og er þess á milli í miklum samskiptum gegnum netið. Ritnefndin gaf út 12 tölublöð af Áveitunni. Áveitan er gefin út í rafrænu formi og er m.a. hægt að finna hana á heimasíðu Flóahrepps og fb síðu Þjótanda. Einnig er hægt að gerast áskrifandi og fá hana senda í tölvupósti eða útprentaða.

Félagið heldur nokkra fjáröflunarviðburði yfir árið og einnig erum við með samstarfssamning í gildi við Flóahrepp. Þá eru einnig tekjur vegna sjálfboðaliðastarfa félagsmanna á íþróttamótum og að auki eru tekjur Þjótanda af Lottóhagnaði íþróttahreyfingarinnar alltaf heldur að hækka.

Allar íþróttaæfingar Þjótanda og flestir viðburðir eru gjaldfrjálsir fyrir þátttakendur og markmiðið er að halda því þannig áfram eins og kostur er. Það ætti að ganga upp meðan viljinn til að leggja fram sjálfboðavinnu er til staðar.

Stjórn Þjótanda þakkar öllum sem hafa á árinu tekið þátt í starfi félagsins með einum eða öðrum hætti. Þá viljum við senda góðar þakkir til stjórnenda Flóaskóla fyrir mikið og gott samstarf.

## Umf. Þór

Aðalfundur Þórs var haldinn 13. apríl 2024 og hélt stjórnin sér síðan í fyrra. Formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjóla Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir. Haldnir voru nokkrir fundir með formönnum deilda.

Stjórn Vélhjólaíþróttadeildar Þórs skipa: Guðbjartur Ægir formaður, Eva Lind Guðmundsdóttir gjaldkeri og Þór Emilsson, Jón Ragnar Gunnarsson, Daði Þór Halldórsson og Jónatan Þór Halldórsson.

Fimleikaæfingar þetta árið hófust í janúar og voru það 172 iðkendur. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan janúar ásamt krílafimleikum sem eru tímar fyrir þau allra minnstu, alls 12 skipti . Yfirþjálfari var Ásdís Birta en auk hennar voru 21 þjálfarar við deildina.

4. flokkur og upp úr fóru á mót á þessari vorönn og stóðu þau sig vel. Vorsýning og uppskeruhátíð var svo haldin í byrjun júní þar sem önninni var slúttað með flottri sýningu. Sumarnámskeið og þar voru 30 iðkendur og 9 þjálfarar.

Fimleikadeildin sá um 17. júní kaffið í ár í samstarfi við foreldra iðkenda og hafði umsjón með sjoppu á hátíðarsvæðinu.

Haustönn hófst svo í byrjun september með 188 iðkendum og hafa þeir aldrei verið fleiri. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan september og var alls 10 skipti ásamt krílafimleikum. Yfirþjálfari var Ásdís Birta og ásamt henni voru 26 þjálfari við deildina. Jólasýningin var Inside Out að þessu sinni og var það fyrrum þjálfari okkar og iðkandi sem samdi söguna og las hana inn. Sýningin var glæsileg eins og alltaf og gaman að sjá hvað iðkendur eru að bæta sig með hverri æfingunni.

Nemendur úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn voru að þjálfa hjá okkur í vali og gengur það samstarf vel.

Ákveðið var að 3. flokkar fari til Ítalíu í æfingaferð sumarið 2025 og hefur fjáröflunarnefnd staðið fyrir ýmsum fjáröflunum og viðburðum.

Að lokum tilnefndi Fimleikadeildin Bríeti Evu Guðmundsdóttir úr meistaraflokki til Íþróttamanns Ölfuss.

Starf körfuknattleiksdeildar Þórs hefur gengið vel á árinu. Meistaraflokkur karla er búinn að festa sig í sessi í efstu deild en þeir byrjuðu leiktímabilið af krafti haustið 2024 og voru þeir um miðja deild þegar farið var í jólafrí. Sameiginlegt lið, Hamars-Þórs leikur í meistaraflokki kvenna sitt fyrsta tímabil í efstu deild og hefur liðið verið að berjast í neðsta hluta deildarinnar.

Í körfuknattleiksdeild Umf. Þórs starfar fjöldi sjálfboðaliða og hafa þeir skapað góða umgjörð um starfið. Meistaraflokkar okkar eru fyrirmyndir yngri iðkenda og hafa um leið hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina. Um 120 krakkar, 4 - 18 ára, eru að æfa hjá deildinni. Yngri flokkar deildarinnar hafa staðið sig vel undanfarin ár og tekið þátt í Íslandsmótum KKÍ.

Deildar- og Íslandsmeistaratitlar og landsliðsfólk. 12.fl kvenna, í sameiginlegu liði Þórs og Hamars, fögnuðu Íslandsmeistaratitli á árinu og eru margar og efnilegar stúlkur í þeim hópi sem einnig leika með meistaraflokksliði Hamars-Þórs sem urðu deildarmeistarar 1. deildar kvenna og tryggðu sér sæti í úrvalsdeild.

Drengirnir í 12. flokki urðu deildarmeistarar í 3. deild en í þeim hópi eru margir efnilegir strákar sem eru að stíga sín fyrstu spor í meistaraflokki.

Þórsarar áttu fjóra fulltrúa í yngri landsliðum Íslands sem kepptu í sumar. Jóhanna Ýr Ágústsdóttir keppti með U18 ára landsliðinu á NM og EM. Emma Hrönn Hákonardóttir og Kristrún Ríkey Ólafsdóttir kepptu með U20 ára liði stúlkna á NM í Finnlandi og á EM. Þær voru einnig báðar valdar í æfingahóp A landsliðs kvenna. Tómas Valur Þrastarson lék með U20 ára liði drengja á NM og EM en einnig var hann í æfingahópi hjá A landsliði karla. Á lokahófi KKÍ var Tómas Valur valinn í úrvalslið Subwaydeildar auk þess að vera valinn besti ungi leikmaður ársins.



*Deildarmeistarar Hamars-Þórs í 1. deild kvenna í körfuknattleik leiktíðina 2023-2024.*

Tómas Valur var valinn körfuknattleiksmaður Þórs 2024 og Kristrún Ríkey var valin körfuknattleikskona Þórs árið 2024.

Starf Badmintondeildar Þórs gekk vel fyrir sig á árinu og iðkendafjöldi hélst svipaður. Stór hluti iðkenda voru byrjendur og því lítið um keppnisferðir og afrek.

Haustið fór af stað með krafti hjá Rafíþróttadeild Þórs. Deildin flutti í íþróttahúsið eftir að hafa verið með aðstöðuna sína í Félagsmiðstöðinni undanfarin ár. Flutningurinn í íþróttahúsið skapaði umbyltingu á starfinu og hafa iðkendur fjórfaldast á þessari fyrstu önn þar. Á síðasta starfsári vorum við með fjórar æfingar á viku fyrir alla hópana, en nú, á nýjum stað erum við að ná að vera með 14 æfingar í öllum hópum, sem er stórt framfaraskref. Við stækkuðum því þjálfarateymið og bættum við þremur nýjum þjálfurum í teymið. Rafíþróttadeild Þórs býður upp á æfingar fyrir börn frá 3. bekk og alveg upp í fullorðins æfingar.

## Umf. Þórsmörk

Stjórnina skipa Árni Sigurpálsson formaður, Ólafur Rúnarsson ritari, Sigurður Steinarsson gjaldkeri og Páll Eggertsson og Ólöf G. Eggertsdóttir meðstjórnendur.

Hin árlega þrettándabrenna ungmennafélagsins var haldin að Goðalandi laugardaginn 6. janúar. Álfar mættu á brennuna og tóku þátt í dansi og söng. Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli sá um flugeldasýningu eins og myndin að neðan ber með sér. Boðið var upp á heitt kakó og smákökur í félagsheimilinu meðan dómnefnd kom sér saman um besta og frumlegasta búninginn.



*Árleg þrettándabrenna Umf. Þórsmerkur var haldin í byrjun janúar.*

**Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru:**

Akstursíþróttafélag Hreppakappa og Golfklúbburinn Úthlíð


Lífið er alls staðar
þess vegna þarftu besta bankaappið
Samkvæmt Maskínu 2024